

MÖRÐUR OG SIGURÐUR  
Eru ekki tölvunörðar

Stúfult blað af atvinnuauðgýsingum  
allt í MIÐJU BLAÐSINS



VICTORIA BECKHAM

Boðið að sitja  
fyrir í Playboy

Nýir möguleikar opnast við að flytjast til LA  
FÓLK 27



JAKOB ÞÓR EINARSSON

Fagnaði fimmtugsaf-  
mælinu á Old Trafford

Dulbúin menningarferð til Manchester  
TÍMAMÓT 16



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. janúar 2007 – 13. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Dagur vonar Sigrúnar Eddu Björnsdóttur



Kristrún Heiða Hauks-  
dóttir gagnrýnir  
leikritið Dag vonar  
eftir Birgi Sigurðsson.  
MENNING 28

### Deilan um inngöngu í ESB

„...stjórnvald sem í samansúruð-  
um andstyggilegheitum neitar að  
fara að vilja þjóðarinnar...“: Illugi  
Gunnarsson.  
Í DAG 10

### Leikvöllur skáld- sögunnar




Jón Atli Jónasson rithöf-  
undur er fyrsti viðmæl-  
andinn í greinaflokki  
Fréttablaðsins um  
stöðu íslensku  
skáldsögunnar.  
HELGAREFNI 20

### Tapið vonbrigði



Íslenska handboltalands-  
liðið olli vonbrigðum  
með slökum leik  
gegn Tékkum í  
gær.  
ÍPRÓTTIR 32


## VEÐRIÐ Í DAG



VINDUR FYRIR VESTAN í dag  
verður norðaustan 8-15 m/s nyrst á  
Vestfjörðum, annars hæg suðvest-  
læg eða breytileg átt. Snjócoma  
eða él á Vestfjörðum og Austfjörðum,  
annars úrkomulítið. Frost 0-10  
stig, mildast við suðurströndina.  
VEDUR 4

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA  
allt landið

### Sunnudagur



KAUPÆÐI Það var handdagangur í öskjunni í Holtagörðum í gær þegar rýmingarsala Ikea stóð þar yfir. Tæplega 6.000 manns bitust um útlitgölluð húsgögn og útstillingar og að sögn verslunarstjóra þurftu stórtækustu viðskiptavinir hans vörubíl undir feng sinn. Aðsókn að nýrri verslun Ikea minnkaði þó ekki í gær en yfir hálf milljón gesta hefur komið í verslunina frá því að hún var opnuð um miðjan október.  
FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

# Mannekleu má leysa með viðbótargreiðslu

Formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga bendir á einfalda lausn á skorti Landspítalans á hjúkrunarfræðingum. Um einfalt kerfi viðbótargreiðslna er að ræða. Fordæmi eru fyrir þessari leið. Svipaður kostur er til skoðunar á LSH.

**HEILBRIGÐISMÁL** Formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga bendir á að einfalt kerfi viðbótargreiðslna gæti leyst skort Landspítalans á hjúkrunarfræðingum. Skortur á hjúkrunarfræðingum á Fjórðungssjúkrahúsinnu á Akureyri var leystur á þennan hátt árið 1986. Yfirstjórn FSA greiddi hjúkrunarfræðingum, sem réðu sig eða hækkuðu starfsprósentu sína í 100 prósent, viðbótargreiðslu sem nam 37,6 prósentum af byrjunarlaunum. Þessi aðgerð leysti mannekleu-vanda sjúkrahússins á skömmum tíma og leiddi til hagkvæmni í rekstri spítalans og stöðugt vinnuaf bætti þjónustu.

Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, vekur athygli á þessu og spyr hvort þetta sé möguleg lausn á sam-

bærilegum og viðvarandi vanda á Landspítalanum. Hún bendir á að meðalstarfshlutfall hjúkrunarfræðinga í félaginu sé 80 prósent og fjölmargir hjúkrunarfræðingar vinni utan LSH. „Ég er að hvetja til að þessi möguleiki verði skoðaður vegna þess vanda sem spítalinn glímur við og kostnaðar sem hann þarf að bera vegna skorts á hjúkrunarfræðingum og hvernig það kemur niður á þjónustu við sjúklinga. Við verðum að finna útgöngu-leið.“

Viðbótargreiðsla FSA til hjúkrunarfræðinga 1986 nam 78.960 krónum miðað við 210 þúsund króna grunnlaun hjúkrunarfræðings í dag. „Þetta leysti vanda FSA á stuttum tíma. Margir hjúkrunarfræðingar juku starfshlutfall sitt auk þess sem aðrir nýir komu til

starfa.“ Elsa bendir á að ef 500 hjúkrunarfræðingar á LSH hækkuðu starfsprósentu sína um 20 prósent myndi það jafngilda 100 nýjum stöðugildum og leysa vanda spítalans.

Magnús Pétursson, forstjóri LSH, segir að viðbótargreiðslur til hjúkrunarfræðinga séu einn þeirra kosta sem ræddir hafi verið en að kjarasamningur takmarki svigrúm spítalans. „En við höfum einnig rætt hvernig má auðvelda að manna einstakar vaktir. Þegar vaktaálagið eykst og mikið er um útköll, eins og um helgar, þá erum við að athuga hvort komi til álita að gera eitthvað sérstakt. Okkar aðgerðir miðast við að draga úr yfirvinnu því hún er um 60 prósentum dýrari en dagvinna. Ef þessi leið er fær þá yrði hún örugglega til bóta.“

## Húðflúrlistamaður í Bretlandi: Leitar að höfði til að húðflúra

**LONDON, AP** Blane Dickinson leitar nú ákaft að höfði til að húðflúra. Dickinson er rúmlega þrítugur húðflúrlistamaður í Bretlandi. Hann hefur fengið þá nýstárlegu hugmynd að skreyta höfuð með mynd af dæmigerðum breskum morgunmat. En til þess vantar hann mann eða konu sem er til í að veita honum aðgang að höfuðleðri sínu.

Hugmynd Dickinsons er að teikna hníf og gaffal hvort sínum megin höfuðsins á bak við eyrun. Síðan verður flúraður diskur á milli með spældum eggjum, beikoni og pylsum og öðru hefðbundnu góðgæti, „en ég er alveg til í að gera breytingar til að hæfa smekk eða bakgrunni hvers sem er,“ segir listamaðurinn.

„Ég hef gaman af því að fá fólk til að hugsa,“ segir Dickinson til útskýringar.  
- gb

Kristján Þór Júlíusson hyggst búa áfram á Akureyri þótt hann verði kjörinn á þing:

## Ég þarf ekki að búa í Reykjavík

**STJÓRNMÁL** Kristján Þór Júlíusson, fyrrverandi bæjarstjóri á Akureyri og verðandi þingmaður Norðausturkjördæmis, ætlar ekki að flytjast búferlum til Reykjavíkur þótt Alþingi starfi í höfuðborginni. Hann segir að á meðan Reykjavíkurlflugvöllur sé þar sem hann er nú, taki ferðin frá Akureyri til Reykjavíkur ekki lengri tíma en frá Hveragerði, Reykjanesbæ eða jafnvel Mosfellsbæ. Að auki hafi fjarskiptatækninni fleygt fram.

„Við Íslendingar reukum fyrir-

tæki í útlöndum án þess að búa þar og ég spyr hvort nauðsynlegt sé að allir sem taka þátt í störfum sem þjóna allri þjóðinni búi á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef svarað því neitandi og vil fá tækifæri til að láta á það reyna.“

Í viðtali við Fréttablaðið í dag heyyur Kristján yfir tuttuðu ára feril sinn sem bæjarstjóri og rifjar upp árin á Dalvík, Ísafirði og Akureyri. Hann ætlar að tala röddu landsbyggðarinnar á þingi enda full þörf á.

„Það verður sífellt meira bil á




KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

þúsund manna að vinna gegn svona aðskilnaði.“ - bps / sjá síðu 18

**Útsala**  
Nýtt kortatímabil  
Opíð 13-17 í dag

Kringlan





SÉRTILBOÐ Í VETUR  
**BOSTON**  
 Aðeins **39.900** kr.\*

SÉRTILBOÐ Í VETUR  
**OSLÓ**  
**MANCHESTER**  
 Aðeins **19.900** kr.\*

SÉRTILBOÐ Í VETUR  
**AMSTERDAM**  
**FRANKFURT**  
 Aðeins **24.900** kr.\*

+ Bókaðu á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is) – Munið 20% barnaafsláttinn.

## HEIMSBORGIR Á FLJÚGANDI TILBOÐSVERÐI

Nánari upplýsingar á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)



[WWW.ICELANDAIR.IS](http://WWW.ICELANDAIR.IS)

Vildarpunktur



Ferðaávisun gildir



\*Innifalið í verði: flugfar og flugvallarskattar. Sölu tímabil: 11. janúar til og með 17. janúar. Ferðatímabil: Boston, Osló og Manchester: 18. janúar til og með 13. mars. Amsterdam og Frankfurt: 25. janúar til og með 13. mars. Bjóðum einnig flug og gistingu saman í pakka í þessum sömu borgum á framangreindu tímabili. Verð frá 33.700 kr.

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	71,08 71,42
Sterlingspund	138,55 139,23
Evra	91,72 92,24
Dönsk króna	12,304 12,376
Norsk króna	11,002 11,066
Sænsk króna	10,061 10,119
Japanskt jen	0,5897 0,5931

SDR	105,84	106,48
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
126,3137  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dósent segir aukið fé til rannsókna HÍ ganga gegn stefnu Sjálfstæðisflokksins:

# Stefnan samkeppni um styrki

**MENNTAMÁL** Auknar fjárveitingar eyrnamerktar rannsóknum innan Háskóla Íslands (HÍ) ganga gegn stefnu Sjálfstæðisflokksins, segir Björn Þór Jónsson, dósent við Háskólann í Reykjavík (HR), sem gagnrýnir að fénu sé veitt til HÍ en ekki í samkeppnissjóði sem allir vísindamenn geti sótt í. Björn bendir á kláusu í stefnu Sjálfstæðisflokksins þar sem segir meðal annars: „Samkeppni um opinbert fjármagn til rannsókna og tækniþróunar hvetur til skilvirkni og skilgreinir takmark og tilgang þeirra betur en fastar fjárveitingar til opinberra stofnana.“ Þar segir enn fremur: „Lands-

fundur telur mikilvægt að auka verulega hlut samkeppnisfjár í opinberum rannsóknarfjárveitingum þannig að keppt sé um rannsóknarfjárveitingar samkvæmt mati á gæðum rannsóknarverkefna og væntingum um árangur og bestu verkefni hverju sinni hljóti styrk.“ Fjárveitingin gangi einnig gegn stefnu Vísinda- og tækniráðs, en í stefnu ráðsins fyrir árin 2006-2009 segir meðal annars að lögð sé höfuðáhersla á að „efla opinbera samkeppnissjóði“, og hvatt til þess að „hækkun beinna fjárveitinga til rannsókna renni að stærstum hluta til samkeppnissjóða og áætl-



**FJÁRVEITING GAGNRÝND** Vísindamenn við einkarekna háskóla eru ósattir við að aukið fé til rannsókna renni beint til Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ana sem úthluta fé á grundvelli umsókna og faglegs mats“ - bf

Færsla Reykjanesbrautar:

## Taka kannski þátt í kostnaði

**SAMGÖNGUMÁL** Að sögn Gunnars Svavarssonar, forseta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, mun álfyrirtækið Alcan, sem rekur álverið í Straumsvík, kannski taka þátt í kostnaði með ríkinu við færslu Reykjanesbrautarinnar. Það liggja þó ekkert fyrir um það að hálfu samgönguráðuneytisins. Hann telur mikilvægt að ríkið og Alcan hafi komist að niðurstöðu þegar íbúar Hafnarfjarðar kjósa um stækkun álversins. Hafnarfjarðarbær mun ekki taka þátt í kostnaðinum sem er um milljarður, segir Gunnar. Ekki er ljóst hvenær kosningin fer fram. - ifv

Michael Jackson kærður: Skuldar yfir sjö milljónir vegna kaupa á lyfjum



**LOS ANGELES, AP** Lyfjafyrirtæki í Bandaríkjunum hefur farið í mál við popparann Michael Jackson vegna vangoldinna reikninga. Fyrirtækið fullyrðir að Jackson skuldi yfir sjö milljónir íslenskra króna fyrir lyfseðilskyld lyf sem fyrirtækið hefur útvegað honum síðustu tvö ár.

Fyrirtækið segist hafa gert munnlegt samkomulag við Jackson um að hann greiddi fyrir lyfin og hafi sent honum reikninga mánaðarlega. Síðasta greiðsla hafi borist um mitt ár 2005. Talskona Jacksons neitaði að tjá sig um málið við Associated Press-fréttastofuna. - sh

Frekari samningauleitani: RHnet semja um varanetsamband

**FJARSKIPTI** Rannsókn- og háskólanet Íslands, eða RHnet, sem annast netsamband Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Landspítalans og fleiri stofnana, hefur samið við fjarskiptafyrirtækin Símann og Vodafone um varasamband um FARICE-sæstrenginn meðan viðgerð á CANTAT-strengnum stendur yfir. Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá samkomulagi RHnet við Vodafone um varasamband. Nú hefur einnig náðst samkomulag við Símann. Því lítur út fyrir að starfsemi þeirra stofnana sem tengdar eru í gegnum RHnet raskist lítið á meðan gert er við CANTAT. - sps

# Krefjast kosningar um álver í Helguvík

Samtökin Sól á Suðurnesjum vilja íbúakosningu um byggingu álvers í Helguvík. Bæjarstjóri Reykjanesbæjar gerir ekki ráð fyrir íbúakosningu um álverið. Í lögum segir að ákvörðun um íbúakosningar sé í höndum sveitarstjórna.

**STÓRIÐJA** Samtökin Sól á Suðurnesjum krefjast þess að íbúar allra sveitarfélaga á Suðurnesjum fái að kjósa um byggingu fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík. Þau krefjast þess að fallið verði frá áformum um byggingu álversins og virkjanir á Reykjanesskaganum þar til vilji íbúanna hefur verið kannaður. Stofnfundur samtakanna var haldinn á föstudag og mættu um 80 manns á hann að sögn Elvars Geirs Svavarssonar, eins talsmanna samtakanna.

Sveitarfélögin Reykjanesbær og Garður samþykktu samkomulag um legu lóðar fyrirhugaðs álvers í Helguvík í liðinni viku. Samkvæmt því verða ker- og steypuskálar álversins innan sveitarfélagsins Garðs en súralsgeymar og fleiri mannvirki í landi Reykjanesbæjar. Háspennulínur munu fara um landsvæði sveitarfélaganna Grindavíkur, Voga og Hafnarfjarðar og um Stafnes og Ósabatna í landi Sandgerðis. Áætl- að er að álverið geti tekið til starfa árið 2010.

Elvar segir íbúa sveitarfélaganna á Suðurnesjum illa upplýsta um byggingu álversins og þess umhverfisrasks sem það hefur í för með sér, því framkvæmdin hafi verið lítið kynnt meðal íbúanna. „Í ljósi þess hversu fólk veit lítið um byggingu þessa álvers teljum við það skýlausan lýðræðislegan rétt íbúanna að fá að kjósa um framkvæmdina líkt og Hafnirfjarðar munu gera um stækkun álversins í Straumsvík,“ segir Elvar.



**SÉÐ YFIR HELGUVÍK** Samtökin Sól á Suðurnesjum krefjast þess að íbúar sveitarfélaganna á Suðurnesjum fái að kjósa um byggingu fyrirhugaðs álvers Norðuráls í Helguvík. Álverið mun rísa á svæðinu á bak við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sem er á miðri mynd. MYND/ODDGEIR KARLSSON

Arni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segist ekki gera ráð fyrir því að sérstök kosning verði um byggingu álvers í Helguvík þrátt fyrir kröfu samtakanna. Bæjarstjórinn segir að tvær kannanir sem gerðar hafi verið meðal íbúa Reykjanesbæjar hafi sýnt fram á að yfirgnæfandi meirihluti þeirra séu hlynntir byggingu álversins. Hann segir að í samþykktum Reykjanesbæjar séu engin sérstök ákvæði um hvað þurfi að koma til svo kosningar um ákveðin verkefni séu haldnar meðal íbúanna. Gunnar Eydal, hæstarrettar-

lögmaður og höfundur bókar um sveitarstjórnarrétt, segir að í sveitarstjórnarlögum séu engin bindandi ákvæði um íbúakosningar um tiltekin mál. Í lögum segir: „Sveitarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í sveitarfélagi eða hluta þess til að kanna vilja kosningabærra manna. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi.“

Ákvörðunarréttur um hvort íbúarnir á Suðurnesjum kjósi verði um álver í Helguvík er því alfarið í höndum hvernar sveitarstjórnar á Suðurnesjum fyrir sig, segir Gunnar.

ingifreyr@frettabladid.is



**ILLA FARINN** Talið er að einn ökumanna hafi keyrt út af til að forða slysi.

Harður þriggja bíla árekstur: Þrír á slysideild eftir árekstur

**SLYS** Þrír voru fluttir á slysideild eftir harðan þriggja bíla árekstur á Vesturlandsvegi í gær. Slysið varð nærri suðurenda Hvalfjarðarganganna við bæinn Bakka um sexleytið.

Tilrög slyssins eru ekki að fullu kunn en svo virðist sem einn ökumannanna hafi ekið út af veginum til að forða árekstri. Ökumenn tveggja bíla og farþegi annars þeirra slösuðust en meisl þeirra eru ekki talin alvarleg. Aðrir sluppu ómeiddir. Að minnsta kosti tveir bílanna skemmdust nokkuð og eru óökufærir. - sh

Ráðgáta í ráðhúsi Flórens: Leitar að málverki da Vincis

**RÓM, AP** Ítalinn Maurizio Seracini hefur fengið leyfi frá yfirvöldum í Flórensborg til að skanna vegg í Veccio-hallarinnar. Höllin er í dag ráðhús Flórensborgar.

Fyrir 30 árum fann Maurizio Seracini vísbendingu þess efnis að málverk eftir Leonardo da Vinci væri falið í leynihólfi í einum af veggjum Veccio-hallarinnar. Vísbendinguna fann hann falda á málverki sem hangir í aðalsal hallarinnar.

Málverkið sem leitað er að er af orrustunni í Chianadal og var á sínum tíma talið eitt fallegasta verk da Vincis. - tg

**LÍBA**  
www.liba.is  
Líba ehf, löggarðar 21, 250 Garði,  
S. 422 7922, 893 5422, liba@liba.is

**Granít gólfplisar**  
á betra verði en áður hefur sést

G-684 3.843 kr m <sup>2</sup>	G-603 2.128 kr m <sup>2</sup>	Blue Pearl 9.357 kr m <sup>2</sup>	Kashmir White 8.078 kr m <sup>2</sup>
----------------------------------	----------------------------------	---------------------------------------	--

**Einingahús • Legsteinar • Garðstytur • Gólfplisar**

**VEÐURSPÁ**

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÞRIÐJUDAGUR HVAD ÞÁ?**  
Það verður áfram frost hjá okkur næstu daga en á þriðjudaginn gæti dregjið til tíunda. Myndarleg lægð með nokkuð hvössum vindi af suðri nálgast landið en of snemma er að fullyrða um að hún beri með sér alvöru hlýndi. Sumar spár eru þó famar að gefa slíkt í skyn og mér sýnist á öllu að frostlaust verði með ströndum síðla þriðjudags eða snemma miðvikudags.

**VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG**  
Hæg suðvestan átt. Úrkomulítið. Frost 1-4 stig.

**» á morgun**

**» á morgun**  
Norðan 8-13 m/s við norðrútröndina og á Vestfjörðum, annars hægar.  
» þriðjudagur

Vaxandi suðaustan og austanátt, 10-18 m/s sunnan og vestan til.

Kaupmannahöfn 8°C hálfskýjað	London 10°C heiðskirt	Alicante 19°C hálfskýjað
Þórshöfn 8°C rigning	Paris 11°C heiðskirt	Mallorca 16°C heiðskirt
Oslo -1°C snjól	Frankfurt 11°C hálfskýjað	Algarve 19°C alskýjað
Stokkhólmur 4°C skúrir	Friedrichshafen 10°C skúrir	Krit 18°C hálfskýjað
Gautaborg 7°C skúrir	Berlin 10°C skúrir	Las Palmas 21°C heiðskirt

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



40%  
AFSLÁTTUR

ETHNIKRAFT EIKARBORÐ  
(160X90) OG 4 LJÓSIR  
NOMADO LEÐURSTÓLAR  
ÁÐUR 133.000,-  
NÚ 79.800,-



60%  
AFSLÁTTUR

PLUTO SÓFI  
ÁÐUR 119.000 KR.  
NÚ 47.600,-




30%  
AFSLÁTTUR

LUCA LEÐURSTÓLL  
ÁÐUR 28.500,-  
NÚ 19.950,-



ETHNIKRAFT  
HÁIR EIKARKOLLAR/  
BLÓMASÚLUR  
STÓRLÆKKAD VERÐ!

60%  
AFSLÁTTUR



50%  
AFSLÁTTUR

WING CHAIR  
LEÐUR HÆGINDASTÓLL  
ÁÐUR 79.000  
NÚ 39.500,-



40%  
AFSLÁTTUR

SALSA LEÐURSÓFI  
3JA SÆTA ÁÐUR 119.000,- NÚ 71.400,-  
STÓLL ÁÐUR 74.000,- NÚ 44.400,-



50%  
AFSLÁTTUR

ENVELOPE BORÐSTOFUBORÐ  
OG 4 STÓLAR  
ÁÐUR 79.000,-  
NÚ 39.500,-

ÚTSALA! ÚTSALA!  
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR!

TEKK  
COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

OPID ALLA VIRKA DAGA 10-18, LAUGARDAGA 10-16 OG SUNNUDAGA FRÁ 13-16



Ert þú með háskólamenntun?

Já 35%  
Nei 65%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu trú á að handboltalandsliðið nái góðum drangri á HM í Þýskalandi?

Segðu skoðun þína á visir.is

World Class fer af stað með tækjasal fyrir börn á aldrinum 8 til 14 ára:

# Börnin ekki lengur út undan

**LÍKAMSRÆKT** Nýr æfingasalur var tekinn í notkun í World Class í Laugum í gær. Salurinn er ætlaður börnum á aldrinum átta til fjórtán ára og er búinn tækjum sem hönnuð eru fyrir börn samkvæmt svokölluðu Shokk-kerfi. Flestar líkamsræktarstöðvar selja ekki fólki undir 16 ára aldri aðgang að stöðvum sínum.

Allt að 25 krakkar geta æft í salnum í einu. Æfingatakin eru litrík og áþekkt hefðbundnum æfingataekjum, nema hvað þyngd lóða og álag við notkun er mun minna og miðast við líkamsburði barna á aldrinum átta til sextán ára.

Leiðbeinandi er ávallt staddur í salnum og fær ekkert barn að byrja að æfa í salnum nema að undangenginni leiðsögn. „Kerfið hentar flestum börnum, líka þeim sem ekki finna sig innan hefðbundinna keppnisþrótta, en það hefur sýnt sig að þau verða oft út undan er kemur að líkamsrækt. Þar að auki getur regluleg líkamsrækt hjálpað öllum börnum að bæta andlega líðan og þeim sem þurfa að léttast,“ segir Björn Leifsson eigandi World Class.

Shokk-æfingakerfið er enskt að uppruna og þarldis bjóða rúmlega 60 stöðvar upp á þjálfun samkvæmt kerfinu. - tg



Á FULLU Þessi ungi maður sýndi að hann hafði krafta í kögglum.

Hryðjuverk í Aþenu:

# Eldflaug skotið á sendiráð

**APENA, AP** Eldflaug var skotið á bandaríska sendiráðið í Aþenu í Grikklandi. Engan sakaði og voru skemmdir litlar.

Eldflauginni var skotið af þriðju hæð úr nærliggjandi húsi. Lögreglan rannsakar hvort sömu aðilar standi að baki árásinni og sex árásum á síðustu þremur árum.

Vitni sáu þrjá menn og eina konu flýja af vettvangi og hefur lögregla rannsakað fingraför og sigarettustubba sem fundust þar sem eldflauginni var skotið.

Yfirvöld telja árásina tengda mótmælum vegna Guantánamofangelsisins. - tg

Rannsókn á írskum evrum:

# Kókaínleifar á öllum seðlum

**ÍRLAND** Hundrað prósent írskra seðla bera leifar af kókaíni. Þetta er niðurstaðan í rannsókn sem vísindamenn við háskólann í Dublin gerðu, og kemur fram á fréttavef BBC.

Vísindamennirnir beittu leitartækni sem nemur jafnvel minnstu leifar af efninu til að rannsaka fjörutíu og fimm seðla úrtak. Sumir seðlarnir höfðu svo miklar leifar af kókaíni á sér að líklegast hafa þeir verið notaðir til þess að sjúga efnið upp í nefið.

Niðurstöðurnar eru í samræmi við svipaðar rannsóknir sem gerðar hafa verið á peningaseðlum í öðrum löndum, meðal annars Bretlandi og Spáni. - sp

Slasaðist alvarlega í bílslysi:

# Líðanin stöðug

**SLYS** Líðan mannsins sem slasaðist alvarlega í bílslysi norðan við Munaðarnes í fyrradag er stöðug að sögn læknis á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Hann fór í langa aðgerð í fyrirkvöld og er haldið sofandi.

Maðurinn var ökumaður jeppa sem skall saman við flutningabíl í fyrradag og var einn í bílnum. Tildrög slyssins liggja ekki fyrir, en færð var slæm og hálka mikil. Ökumaður og farþegi flutningabílsins sluppu ómeiddir. - sh



**GEITUNGABÚ** Meindýravarnir sinntu 112 kvörtunum vegna geitunga á liðnu ári.

Geitungum fjölgar í borginni:

# 140 búum eytt á síðasta ári

**UMHVERFISMÁL** Borgarbúar kvörtuðu meira vegna geitunga í borginni síðasta sumar samanborið við árið áður. Meindýravarnir borgarinnar sinntu 112 kvörtunum vegna geitunga og eyddu samtals 140 geitungabúum. Þetta er 69 prósentu fjölgun á geitungabúum sem eytt er í borginni, en árið 2005 voru skráðar 79 kvartanir og 83 bú voru fjarlægð, segir Guðmundur Björnsson, rekstrarstjóri meindýravarna.

Þá voru skotnir um átta þúsund mávar á síðasta ári samanborið við um 7.200 árið 2005. - bj

# SLÖKKVILIÐ

## Bíll brann í Breiðholti

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað í Seljahverfi um þrjúleytið í fyrrinótt þar sem bíll stóð í ljósum logum. Vel gekk að slökkva eldinn. Ekki er vitað hvort um íkveikju var að ræða en billinn er mikið skemmdur.

# Frítekjumark eldri borgara breytir engu

Frá og með áramótum geta ellilífeyrisþegar unnið sér inn 300 þúsund krónur á ári án þess að tekjutrygging skerðist. Ætlunin var að hvetja eldri borgara til vinnu. Sérfræðingar á vinnumarkaði segja aðgerðina engu hafa breytt.

**VINNUMARKAÐUR** „Við erum að draga enn frekar úr áhrifum tekna á bætur. Þessar breytingar verða því mikill hvati fyrir elli- og örorkulífeyrisþega til að fara út á vinnumarkaðinn. Þetta er hvati til vinnu.“

Þetta sagði Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra í Fréttablaðinu 7. desember þegar hún og Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra tilkynntu um sérstakar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að draga úr áhrifum tekna lífeyrisþega á bætur.

En reyndin er önnur. „Þetta hefur engu breytt,“ segir Guðrún Kristinsdóttir, starfsmannastjóri Húsasmiðjunnar, og telur skerðingarmörkin alltof lág.

300 þúsund krónur á ári gera 25 þúsund krónur á mánuði.

Guðrún telur að frítekjumark upp á 60 þúsund krónur á mánuði gæti skipt máli og verið raunverulegur hvati til vinnu.

Sigurbjörg Rósa Sigþórsdóttir, starfsmannastjóri Bakarameistarans, kveður sterkar að orði. „Þetta er bara djök. Markið hefði átt að vera milljón á ári. Þá fyrst gæti fólk unnið í um það bil fjóra tíma á dag.“

Sigurbjörg Rósa auglýsti síðast eftir starfsfólki í síðustu viku en fékk engin viðbrögð frá eldra fólki. Hún telur miður að stjórnvöld gangi ekki lengra til að hvetja fólk til atvinnuþátttöku. „Það



**SKILUR EKKI AFSTÖÐU STJÓRNVALDA** Margrét Margeisdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, þekkir engan sem farið hefur út á vinnumarkaðinn eftir að lög um 300 þúsund króna frítekjumark tóku gildi um áramót.

myndi bæta svo margt. Fólk gæti unnið sig út úr fátæktargildru og lyfjakostnaður ríkisins gæti lækkað því margir eru þunglyndir því þeir fara ekki út.“ Um leið mætti leysa vanda víða, til dæmis á frístundaheimilum og á leikskólum.

Margrét Margeisdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, þekkir engan sem farið hefur út á vinnumarkaðinn eftir að nýju lögín tóku gildi. „Þetta er alltof, alltof lágt,“ segir hún. „Þegar búið er að taka af þessu skatta verður ekki mikið eftir.“ Margrét vill að stjórnvöld fari

sömu leið og farin er í Noregi en þar mega lífeyrisþegar vinna sér inn ótakmarkaðar tekjur en greiða af þeim skatta eins og aðrir. Lífeyrisgreiðslurnar skerðist hins vegar ekki. „Þannig ætti það að vera hér og satt best að segja skil ég ekki þessa afstöðu stjórnvalda. Skatttekjur myndu aukast, það gæti dregið úr þörf fyrir heilbrigðisþjónustu og félagsleg einangrun minnkað. Eldri borgarar búa yfir mikilli reynslu og þekkingu og margir eru í fullu fjöri,“ segir Margrét Margeisdóttir. bjorn@frettabladid.is

Tveir týndir piltar fundust heilir á húfi á heimili fertugs manns í St. Louis í gær:

# Piltur sem hvarf árið 2002 fundinn

**BEUFORT, AP** Tveir unglingspiltar fundust heilir á húfi í íbúð rúmlega fertugs manns í St. Louis í Bandaríkjunum í gær. Annars piltanna hafði verið saknað síðan árið 2002 og hins frá því síðasta mánudag.

Maðurinn, Michael Devlin, er framkvæmdastjóri pitsustaðar og starfar í hlutastarfi á útfararstofu. Hann hefur verið kærður fyrir að ræna hinum þrettán ára Ben



**Á LEIÐ Í PRÍSUND** Laganna verðir færa mannræningjann, Michael Devlin, í varðhald í gær.

Ownby á mánudag og hinum, nú fimmtán ára, Shawn Hornbeck, í október árið 2002. Sextíu kílómetrar voru milli staðanna þaðan sem piltarnir hurfu.

„Við færum ykkur annars vegar góðar fréttir og hins vegar ótrúlegar fréttir,“ sagði lögreglustjórinn sem stýrði rannsókninni á blaðamannafundi í gær. Lögreglan fékk heimild til að leita



**LAUS ÚR PRÍSUND** Hinn fimmtán ára gamli Shawn Hornbeck gleðst hér með móður sinni, Pam Hornbeck, eftir fjögurra ára viðskilnað við hana. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

í öllum húsum í nágrenni staðar þar sem sást hafði til hvíts sendiferðabíls, en hann þótti svara til lýsingar á bíl sem sást þar sem Ownby hvarf á mánudag.

Báðir piltarnir voru sendir á sjúkrahús til athugunar en reyndust við góða heilsu og báru sig vel. Ekki er vitað hvað manningum

gekk til en sjónarvottar segja Hornbeck ekki hafa verið hræddan við Devlin eða reynt að flýja. Þeir hafi reist tjalð saman úti í garði og Devlin hafi leyft Hornbeck að eiga farsíma.

Síðan Hornbeck hvarf hafa foreldrar hans helgað líf sitt málum týndra barna. - sh

www.ellingsen.is

**Frumskýnum Lynx 2007**

Vélsleðasýning 13. og 14. janúar að Fiskislóð 1.  
Opíð laugardag kl. 10–16 og sunnudag kl. 12–16.

**Ellingsen**  
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500  
— fullt hús evintýra

# OG NÚ ER FJÖR

rýmum fyrir nýjum vörum

## Spring Air Never Turn

Dýna botn og lappir  
Queen kr. 109.900,-  
King kr. 139.900,-



## Sængurver

15-30% afsláttur



## Hægindastólar

25-30% afsláttur



## Gaflar og náttborð

15-50% afsláttur

## Svefnsófar

15-30% afsláttur



## Gravity Zero

Stillanleg rúm á  
ótrúlegu tilboði



## Tempur Premium

Örfá eintök af þessu  
frábæra stillanlega rúmi  
á kr. 360.000,-



## Crown heilsurúm

160x200 með botni  
og löppum á aðeins  
kr. 84.900,-

# Lítið útlitsgölluð rúm

á ótrúlegum afslætti - takmarkað magn



Faxafeni 5  
Reykjavík  
Sími 588 8477  
www.betrabak.is

Vörubær  
Tryggvabraut 24  
Akureyri  
Sími 462 1410

Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað hét hinn 38 vetra gamli hestur sem drapst í Kelduhverfi í byrjun nýs árs?
2. Hvað heitir fráfaramandi kanslari Austurríkis sem ljóst er að verður ekki ráðherra í nýrri ríkisstjórn?
3. Hvaða viðskiptamaður hefur ákveðið að gefa kost á sér sem formaður KSÍ?

SVÖR BLS. 38

Styr um vörumerkið iPhone:

## Cisco ætlar í mál við Apple

**TEKNI** Tölvufyrirtækið Cisco Systems hefur lögsótt Apple fyrir brot á vörumerkjalögum.

Fyrirtækið vill meina að notkun Apple á nafninu iPhone brjóti í bága við lög vegna þess að Cisco eigi vörumerkið iPhone. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.

Apple kynnti í liðinni viku nýjan farsíma sem ber nafnið iPhone. Síminn, sem einnig er tónlistarspilari og lófátölva, kemur á markað í Bandaríkjunum í júní en í lok þessa árs í Evrópu.

Apple svaraði lögsókninni með því að kalla hana fátánlega. Fjölmörg fyrirtæki noti nafnið iPhone yfir netsímtæki.

Cisco hefur átt vörumerkið iPhone síðan árið 2000. - sfs

Friðargæsla í Darfur í Súdan:

## Bashir forseti hafnar SP-liði

**SÚDAN, AP** Forseti Súdan, Omar al-Bashir, segir reynslu af friðargæsluliði á vegum Sameinuðu þjóðanna í heiminum slæma og vill ekki fá það inn í Darfur-hérað.



OMAR AL-BASHIR

Hann segir hermenn Afríkusambandsins fullfæra um að halda uppi reglu í þessu stríðshráða héraði, fái þeir til þess fjárveitingu.

Þessi yfirlýsing forsetans gengur gegn yfirlýsingu súdanskra embættismanna í desember sem sögðu að stjórnvöld myndu samþykka takmarkað gæsluliði á vegum SP í héraðinu. Einnig höfðu fulltrúar Afríkusambandsins lagt til að alþjóðasamfélagið tæki yfir friðargæslu í Darfur. - sdg

Stjórn Faxaflóahafna fól Lindbergi forkaupsrétt tíu fasteigna fyrir 800 milljónir:

## Lóðir í Örfirisey til Lindbergs

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingafélaginu Lindberg ehf. var falinn forkaupsréttur á tíu fasteignum í Örfirisey fyrir um 800 milljónir króna á stjórnarfundum Faxaflóahafna á fimmtudagskvöld. Undanfarið hefur fyrirtækið keypt á þriðja tug fasteigna í Örfirisey að verðmæti næstum þrjú milljarðar króna eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu.

Þrjú af fjórum eigendum Lindbergs, Ólafur Garðarsson, Magnús Jónatansson og Gísli Steinar Gíslason, mættu á fundinn til viðræðna og gerðu þeir grein fyrir hugmyndum fyrirtækisins í tengslum við kaup eigna í Örfirisey.

Jafnframt lögðu þeir fram yfirlýsingu um að Lindberg sé reiðubúið að selja höfninni einstakar eignir, verði eftir því leitað og skapist fyrir það þörf, á sama verði.

Gísli Gíslason hafnarstjóri ítrekar að verið sé að vinna að skipulagsmálum á þessu svæði og vísar þar til sérstaks starfsþóps á vegum borgarinnar sem Björn Ingi Hrafnsson stýrir. „Í raun má segja að þetta séu óvenjumiklar hreyfingar á þessu svæði þar sem eignir eru að færast á fárra hendur. En aðalatriðið er að það á eftir að vinna úr því hvernig landið verður nýtt og



**GÍSLI GÍSLASON HAFNARSTJÓRI** Segir eignarhaldið ekki aðalatriði heldur sé nýting og ráðstöfun landsins það sem skipti máli.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

það verður engu breytt fyrr en það liggur fyrir.“ - sdg

Aðfaranótt laugardags rólæg:

## Nær tíðinda- laus helgarnótt

**LÖGREGLUMÁL** Mjög rólæg var á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt að sögn lögreglu. Komst varðstjóri svo að orði að kvöldið og nóttin hefði verið eins og „á venjulegu þriðjudagskvöldi“.

Rólégheitin má sennilega rekja að miklu leyti til veðurs, en í fyrrakvöld var mjög köflótt veður, kalt og hríðir á köflum.

Fimm manns voru teknir fyrir ölvunarakstur frá morgni föstudags fram að laugardagsmorgni, sem þykir fremur lítið á þeim tíma vikunnar. Þá var tilkynnt um tæplega 50 umferðarhöpp á sama tímabili, nær öll minni háttar. - sh

## Segir hagstjórnina hafa verið óábyrga

Formaður Samfylkingarinnar vísar gagnrýni Geirs H. Haarde til föðurhúsanna. Segir fyrirtæki leita sér skjóls undan hagstjórn ríkisstjórnarinnar og krónunni. Telur Ísland þurfa að ganga í Evrópusambandið til að stuðla að jafnvægi.

**STJÓRN MÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir að hagstjórn ríkisstjórnarinnar hafi verið óábyrg á kjörtímabilinu. Hún vísar gagnrýni Geirs H. Haarde forsætisráðherra til föðurhúsanna. Í kvöldfréttum Sjónvarpsins á föstudag sagði Geir að tal þingmanna Samfylkingarinnar um upptöku evrunnar grafi undan krónunni.

„Ríkisstjórn Geirs ber ábyrgð á því ójafnvægi sem er hér á landi á mörgum sviðum. Íslenskur almenn- ingur þarf að greiða hæstu vexti af lánnum á vesturhveli jarðar, býr við hæsta matarverð sem þekktist á byggðu bóli.“

Hún segir að til þess að viðhalda jafnvægi á Íslandi í framtíðinni þurfi Íslendingar að ganga í Evrópusambandið (ESB) sem er skilyrði fyrir því að evran verði tekin upp. Ingibjörg bendir hins vegar á að til þess þurfi hagstjórnin að batna. „Eins og er þá getur Ísland ekki orðið aðili að Myntbandalagi Evrópusambandsins því við uppfyllum ekki þau skilyrði sem gerð eru til aðildarþjóðanna vegna þeirrar stöðu sem er hér í efnahagsmálum. Við þurfum að ná niður verðbólgunni, draga úr gengissveiflum og náum vöxtunum niður til þess að uppfylla þessar kröfur. Þess vegna þurfum við að byrja á að undirbúa inngöngu í ESB núna því það mun taka tíma að breyta þessum þáttum,“ segir Ingibjörg, og bætir því við ef farið verði út í allar þær stórframkvæmdir sem fyrirhugaðar eru hér á landi, til dæmis byggingu



„Íslenskur almenn- ingur þarf að greiða hæstu vexti af lánnum á vesturhveli jarðar, býr við hæsta matarverð sem þekktist á byggðu bóli.“

**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

álvers í Helguvík og stækkun álversins í Straumsvík muni þetta jafnvægi ekki nást því framkvæmdirnar muni auka þenslu.

Ingibjörg segir að ef Íslendingar setji sér það skýra stefnumið að verða aðili að Myntbandalaginu þá muni það aga hagstjórnina og veita stjórnvöldum aðhald.

Formaðurinn talar um að skapa þurfi víðtæka sátt um það í samfélaginu að ná jafnvægi í hagstjórnina og uppfylla skilyrði Myntbandalagsins. „Það þurfa allir að leggja á árárnar til þetta markmið náist: stjórnvöld, atvinnurek- endur, verkálfshreyfingin, bændasamtök og öflug almannasamtök. Þetta var gert með þjóðarsáttinni í lok níunda áratugarins sem kvað niður verðbólguna sem var hér á landi. Hún stuðlaði að jafnvægi í samfélaginu og það er hægt að endurtaka leikinn.“

ingifrey@frettabladid.is



**LEKNA RÁÐ LSH** Vill starfsemi Landspítalans í Heilsuverndarstöðina.

Læknaráð Landspítalans:

## Húsnæðisvanda verður að leysa

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknaráð Landspítala - háskólasjúkrahúss ítrekaði á fundi sínum í gær fyrri ályktanir sínar um alvarlegan húsnæðisvanda sjúkrahússins, sem ekki getur beðið öleystur þar til nýtt sjúkrahús hefur verið reist. Segir ráðið vandann „koma niður á sjúklingum og starfsmönnum“.

Jafnframt að nauðsynlegt sé að yfirvöld fjármála og heilbrigðismála bregðist við þessum vanda með afgerandi hætti í samráði við stjórn og starfsfólk LSH.

Ráðið segir húsnæði Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónstíg geta leyst þennan vanda að hluta. Skorað er á heilbrigðisráðuneytið að láta þegar í stað fara fram athugun í þeim efnum. - jss

## BANDARÍKIN

## Sporðrekar í flugvélum

Farþegi sem var stunginn af sporðreka í flugvél í Bandaríkjunum var forvið á því hvernig dýrið hafði komist um borð í vélina þegar öryggisreglur bönnuðu hluti eins og vatn og sjampó um borð. Nokkrum dögum fyrr gerðist hið sama í annari bandarískri flugvél.

Ráðuneyti þurfa ekki að láta þingnefndir fá upplýsingar sé þess ekki óskað:

## Engar reglur um upplýsingar

**STJÓRN MÁL** Engar reglur eru til um að ráðuneytum beri að láta nefndir Alþingis fá gögn varðandi mál sem nefndin er að fjalla um sé þess ekki óskað. Þetta kemur fram í svörum frá menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti vegna gagnrýni Sigurðar Kára Kristjánssonar, formanns menntamálanefndar, yfir því að nefndinni var ekki afhentur hluti bréfaskipta milli ráðuneytanna og ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, um RÚV-frumvarpið sem nefndin hefur verið að fjalla um.

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins, telur þetta tilvik tilefni til að endurskoða hvernig upplýsingagjöf sé háttad milli ráðuneyta og Alþingis. „En það væri eðlilegra að ráðherrar og stjórnmálamenn tjáðu sig um þetta.“

Í sama streng tekur Ingvi Már Pálsson, lögfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu, sem segir eðlilegt að fara yfir verkferla ráðuneyta og þingnefnda um hvaða upplýsingar eigi sjálfkrafa að fara inn í nefnd án þess að það sé kallað eftir þeim sérstaklega.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sagði spurður um þennan brest á upplýsingaflæði frá fjármála-



**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Lögfræðingur hjá ráðuneytinu telur eðlilegt að farið verði yfir verkferla um hvaða upplýsingar eigi sjálfkrafa að berast nefndum Alþingis.

ráðuneytinu, hvaðan bréfin voru send til ESA, að verið væri að gera úlfalda úr mýflugu og vildi ekkert tjá sig um þetta, „smámál“. Ekki náðist í Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra.

- sdg

**BF Goodrich** Tires

Er jeppinn tilbúinn fyrir veturinn?

All Terrain

31" 13.950,- stgr.

33" 16.980,- stgr.

35" 16.990,- stgr.

Geríð verðsamanburð margar stærðir

**NESDEKK** Seltjarnarnesi Sími: 561 4110

**Bílhúsið Bennha** Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000



# MAX

LágMAXverð

# Vaxtalausar VÖRUR



42 tommur

**Philips 42PF5421**

- 42" LCD breiðtjaldsónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Digital Crystal Clear og Progressive Scan
- HD Ready
- Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Ljósmyndari og Active Control
- 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 500 síðna minni

**18.999 kr.**

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

**227.988 kr.**

**KitchenAid 5KSM150PSEW**

- 300W hrærivél
- Hraðastillingar 1-10
- Þeytari, hrærari og hnoðari
- 4.8 lítra skál með handfangi
- Hveitibraut

**3.049 kr.**

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

**37.788 kr.**



**Fujitsu Siemens Scales P**

- Borðtölva
- Pd805 kubbasett
- Dual Core 2,66GHz örgjörvi
- 512 ddr2 533 minni
- 160Gb 7200 sn diskur
- DVD multi brennari
- Windows XP home sp2

**4.149 kr.**

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

**49.788 kr.**

**SONY DSCW50**

- Stafræn myndavél
- 6 milljón punkta upplausn
- 2,5" LCD skjár
- Carl Zeiss linsa
- 3x Optical og 6x Digital zoom
- Hreyfimyndataka
- 32MB minni innbyggt

**2.399 kr.**

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

**28.788 kr.**



**Nokia E50**

- Nettur farsími í nýju E-línunni
- Biðtími allt að 230 klst.
- 262,144 skjálitir
- Skjástærð 240 x 320 dílar
- Micro-SD rauf (allt að 2GB)
- Taltími allt að 7 klst.
- Með myndavél
- Þyngd 104 gr
- 70MB minni

**2.499 kr.**

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

**29.988 kr.**



**Bauknecht WAK8460**

- 1400 snúninga þvottavél
- Stafrænt kerfisval
- Rafeindastýrð
- Dynamic Intelligence - skynjar óhreinindi í vatni
- Þvott hæfni A, Orkunýting A+ og Vinduhæfni B

**5.999 kr.**

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

**71.988 kr.**



**Bauknecht TRKK6620**

- Tviátta barkalaus þurrkari
- Tekur 5kg
- 2 hitastig
- Kaldur blástur
- Krumpuvörn
- Orkunýting C
- Rakaskynjari

**5.399 kr.**

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

**64.788 kr.**



**Siemens SE24E234**


- Uppþvottavél
- Einföl en vönduð
- Fjögur kerfi
- Þvott hæfni A
- Þurrk hæfni A
- Orkunýting A

**4.999 kr.**

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

**59.988 kr.**



**Elna ELNA3210**

- Saumavél með 18 sporgerðir
- Sjálfvirkur nálaþræðari
- Super Overlock ofl

**2.449 kr.**

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

**29.388 kr.**

Nýtt korta-tímabil

Við erum beint á mót IKEA

Allir Friends þættirnir DVD - Seríur 1 - 10



**1.999 kr.**

VERÐ Á MÁNUÐI

miðað við 12 mán.

**23.988 kr.**



OPNUNARTÍMI: Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.  
Laugardaga kl. 11-18 og sunnudaga kl. 12-18.

MAX / Kaupþúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

Dómstólar ákveða framtíð Ríkisútvarpsins.

## Hvers vegna?

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

**E**inhverra hluta vegna hafa stjórnarflokkarnir sam-mælst um að rjúfa þá sæmilegu sátt sem verið hefur um Ríkisútvarpið. Ríkisstjórnin hefur misboðið þeim sem vilja standa vörð um menningarlegt útvarp á vegum ríkisins. Um leið hefur hún gefið hinum langt nef sem vilja tryggja jafnræði á almennum markaði útvarpsstarfsemi.

Stefna ríkisstjórnarflokkanna í útvarpsmálum á hvergi formælandur. Hún verður ekki skýrð með neinum skynsamlegum rökum. Þeir duldu hagsmunir sem búa að baki áformum þeirra hljóta að vera æði ríkir fyrst þeir eru reiðubúnir til þess að veikja annars allgóða málefnaströðu í aðdraganda kosninga fyrir slíkan málstað.

Hitt er þó verra að því er haldið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að engin óvissa ríki um stöðu Ríkisútvarpsins ohf. gagnvart samkeppnisreglum og skuldbindingum landsins í EES-samningnum. Þetta er rangt. Annaðhvort er það sagt vísitandi eða fyrir þá sök að ráðherrarnir hafa ekki fengið heiðarlega lögfræðiráðgjöf í málinu.

Athygli hefur vakið að stjórnvöld hafa haldið leyndum fyrir Alþingi mjög mikilvægum skjölum um samskipti við eftirlitsstofnun EFTA vegna samkeppnismálanna. Augljóst má vera að þeir sem bera stjórnskipulega ábyrgð á samkeppnismálum hafa talið að birting þeirra myndi veikja röksemdafærsluna.

Nú liggur fyrir að afgreiða á málið án tillits til þeirra efasemda sem þessi skjöl geyma. Fyrir liggur að innan skamms tíma mun eftirlitsstofnun EFTA úrskurða í kærumáli sem hún hefur til meðferðar. Það getur haft veruleg áhrif á stöðu Ríkisútvarpsins. Rétt málsmeðferð hefði því verið að móta nýja löggjöf um Ríkisútvarpið þegar Evrópuskuldbindingarnar hafa verið skýrðar að þessu leyti af réttum aðilum.

Af álitum samantök auglýsenda hafa lagt fram vegna frumvarps ríkisstjórnarinnar má draga þá ályktun að Ríkisútvarpið noti stöðu sína til þess að halda niðri auglýsingaverði með skatttekjum. Það samrýmist hvorki samkeppnislögum né skuldbindingum gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkeppniseftirlitið hefur lagt fram álit þar sem skýrt kemur fram að auglýsingasala fyrirhugaðs hlutfélags samhliða ríkistyrk samræmist ekki samkeppnislögum. Engin ákvæði frumvarpsins um Ríkisútvarpið ohf. víkja samkeppnislögum til hlíðar með berum orðum eins og til að mynda er raunin varðandi sérlægum um ákveðna þætti búvöruframleiðslunnar. Því er ekki unnt að staðhæfa að álit Samkeppniseftirlitsins hafi ekkert gildi. Yfirlýsingar þar um byggjast ekki á lögfræðilegum rökum.

Skýr aðgreining á almennum útvarpsrekstri og sérstakri útvarpsþjónustu sem er forsenda ríkisumsvifa á þessu sviði kemur ekki fram í frumvarpinu eða þjónustusamningi við Ríkisútvarpið. Kröfum samkeppnislaga og skuldbindinga gagnvart Evrópska efnahagssvæðinu hefur því ekki verið svarað með fullnægjandi hætti.

Það eru þessi atriði sem setja starfsumhverfi Ríkisútvarpsins í uppám ná áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga. Þau verða því að öllum líkindum endanlega til lykta leidd fyrir dómstólum en ekki á Alþingi. Hvers vegna?

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinn Stefánsson **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Helst illa á Jónum

Jón Sigurðsson, viðskipta- og iðnaðarráðgjafi og fyrrum seðlabankastjóri, var kvaddur í Seðlabankanum á fimmtudag með pomp og prakt, en Jón var seðlabankastjóri frá 2003 til 2006. Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, kvaddi Jón með þeim orðum að Seðlabankanum héldist mjög illa á Jónum Sigurðssonum, einna helst væri hægt að treysta á að fimmhundrað-kallinn yrði þar áfram. Þessi Jón Sigurðsson er ekki sá fyrsti með þessu nafni sem gegndi stöðu seðlabankastjóra, því Jón Sigurðsson, fyrrum iðnaðarráðgjafi Alþýðuflokksins, hafði verið seðlabankastjóri frá 1993-1994.



#### Ertu nú kominn?

Stjórnarmálemenn eru komnir í kosningagirinn og ferðast nú um landið í fundarherferðum miklum. Vinstri græn komu við á dvalarheimilinu Höfða á Akranesi í liðinni viku og var vel tekið á móti þeim. Jóni Bjarnasyni tókst einstaklega vel að samsama sig kjósendum þar, en ein konan tók sérstaklega vel á móti Jóni Bjarnasyni alþingismanni, og fagnaði honum innilega sem nýjum heimilismanni á Höfða. Eitt-hvað tók Jón vís þessu fálega, en formaður hans, Steingrímur J. Sigfússon, kunni að meta þetta og hló innilega að þessum misskilningi.

#### Allt er þegar þrennt er

Tvisvar hefur Ingibjörg Sólrún Gísladóttir haldið ræður í Borgarnesi svo eftir er tekið. Yfirleitt er talað um þær sem Borgarnesræðu hina fyrri og Borgarnesræðu hina síðari. Möguleiki er að þessari málféð þurfi að breyta, því á þriðjudag mun hún halda enn eina ræðuna í Borgarnesi, í fundarherferð sinni um landið, og bíða margir spenntir eftir að heyra hvaða eftirminnilegu orð munu þá falla.



svanborg@frettabladid.is

## Evran og hagstjórn II

Í kennslubók sem ber heitið „Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar. Saga fyrir unglíngastig grunnskóla“ og var gefin út af Námsgagnastofnun árið 2000, birtist eftirfarandi setning á blaðsíðu 45: „Meirihluti Íslendinga virðist á því að það yrði til mikilla hagsbóta að ganga í Evrópusambandið, en stjórnvöld eru ósammála því.“ Blessuð börnin hljóta að spyrja sig að því til hvers að losa sig við danskan kóng ef í staðinn kom stjórnvald sem í einhverjum saman-súruðum andstyggeigheitum neitar að fara að vilja þjóðarinnar í jafn mikilvægu máli. Ég ætla höfundur bókarinnar reyndar ekki annað en það að hafa gripið einhverja skoðanakönnun sem þann daginn sýndi meirihlutfylgi við ESB aðild Íslands og ályktað nokkuð djarflega um málið. En þetta litla dæmi er lærdómsríkt. Allir vita að fylgi við ESB aðild hefur sveiflast fram og til baka og erfitt að fullyrða um þjóðarvilja í því máli. Stundum eru fylgjendur aðildar að ESB í meirihluta og stundum ekki. Það getur því verið varhugavert að draga af víðtækari ályktanir út frá stöðu mála á einhverjum tilteknum tímum. Þetta á við um skoðanakannanir, en alveg sérstaklega á þetta við um þá spurningu hvort okkur hentar að taka upp evru sem mynt eða ekki.

Það hefur borið á þeirri skoðun að við verðum að taka upp evru til að fá evru-vexti. Bent er á svimandi háa vexti Seðlabankans þessa dagana og framtakssamir ESB talsmenn reikna í gríð og erg hversu miklu lægri vexti heimilinn í landinu myndu greiða ef evran yrði hér lögeyrir. Framkvæmdirnar við



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Evran

Kárahnjúka og breytingarnar á íbúðamarkaðinum hafa komið róti á hagkerfið okkar og það var fyrirsjáanlegt. Vextir hafa því hækkað, (reyndar óþarflega mikið að mínu mati þar sem Seðlabankinn hefði ekki átt að mæla hækkun á húsnæði í verðbólguáætlungu sinni), en það er verið að reyna að draga úr spennunni. En ef rökinn fyrir því að taka upp evru eru þau að þar með lækki vextir og því sé evran heppilegur gjaldmiðill fyrir okkur, þá þýðir ekki að horfa einungis til síðustu missera. Það verður að horfa til lengri tíma og velta því fyrir sér hver vaxtamunurinn er að jafnaði á milli Íslands og landanna sem mynda evrusvæðið.

Ef til dæmis lítið er til árána 1987 til 2002 þá er munurinn á raunvöxtum á milli Íslands og evrusvæðisins um 2,5%. Árið 1987 hentar til viðmiðunar því á því ári verður til skráð markaðsverð á löngum íslenskum ríkisskuldabréfum. Þessi munur er auðvitað umtalsverður en miklu minni en sá munur sem nú er á milli Íslands og evrulandanna. En ef einungis tímabilið á milli 1994 til 2000 er skoðað breytist myndin. Þá var jafnvægi í þjóðarþúskapnum og vaxtamunurinn lækkaði niður í 1,1% að

meðaltali. Til glöggvunar má nefna að ef miðað er við tímabilið 1994 til 2002 þá er vaxtamunurinn 1,7%. Þetta þýðir einfaldlega að ef það er jafnvægi í hagkerfinu okkar og við búum við krönu þá má gera ráð fyrir að vaxtamunurinn á milli Íslands og evrulandanna sé á bilinu 1 til 2%. Þetta er mjög mikilvægt að hafa í huga þegar fullyrt er að við verðum að taka upp evru til að lækka vexti.

Jafnljóst er að þó að ef við tækjum upp evru þá myndi vaxtamunurinn ekki hverfa með öllu, áfram yrði viss álag vegna stöðu íslenska hagkerfisins. Panama tók upp dollar árið 1904 en þrátt fyrir það hafa vextir þar verið um 2% hærrí en sambærilegir vextir í Bandaríkjunum. Sameiginleg mynt útrýmur ekki þeim vaxtamun sem rekja má til mismunandi aðstæðna í hagkerfinu. Það mun til dæmis halda áfram að vera gengisáætla hér á Íslandi þar sem megnið af viðskiptum þjóðarinnar við útlönd eru í annarri mynt en evru, breytir þar engu um þó vissulega megi reikna með að hlutur evru myndi vaxa ef sú mynt yrði tekin hér upp.

Ég hef þá skoðun að við Íslendingar getum stýrt okkar efnahagsmálum þannig að hér ríki jafnvægi þegar til lengri tíma er lítið og því sé ekki ástæða til að ganga í ESB til að taka upp evru. Ef evra er tekin upp þá hverfur ekki hagstjórnarvandinn, hann verður jafnvel heldur flóknari ef eitthvað er. Það má gera ráð fyrir að öðru hverju komi sveiflur í íslenska hagkerfið, en það er ekki ástæða til þess að hlaupa upp til handa og fótta og ganga í ESB, það leysir engin vandamál.

## Hafa ríkisstjórnarflokkarnir villst af leið?

#### UMRÆÐAN

Þjóðlendumál

Þann 25. janúar nk. verða stofnuð á Hótel Sögu í Reykjavík samtök landeigenda á Íslandi. Trúfega spyrja margir: Til hvers? Því ótrúlega lítið hefur verið fjallað um svokallað þjóðlendumál í fjölmiðlum fram að þessu. Almennur hefur því ekki haft tækifæri til að kynna sér málið enn sem komið er og jafnframt geta verið til þær sálir sem telja eðlilegt að jarðeigendur og þar með talið bændur eigi helst ekki nema varpann í kringum húsið hjá sér. Hægt er að hafa misjafnar skoðanir á því hvað er eðlilegt að hver einstaklingur eigi á Íslandi en hitt er kristaltært að það er óheimilt að taka þinglýstar eignir af fólki án endurgjalds og ég ætla að biðja þá sem hafa þá skoðun, að það sé í lagi að ganga með slíkum hætti á eignarrétt manna, að líta fyrst í eigin barm.

Værir þú, lesandi góður, ánægður ef af þér væru teknar eignir sem þú sannarlega átt, án endurgjalds?

Erfitt er að átta sig á hvað ríkinu gengur til með þjóðlendukröfum sínum og ekki verður annað séð en að það sé að brjóta freklega stjórnarskrá íslenska lýðveldisins en í henni segir að eignarrétturinn sé friðhelgur. Mannréttindadómsstóll Evrópu gengur

enn lengra í vernd eignarréttarins en stjórnarskráin gerir. Það er dapurlegt að ríkið gangi fram fyrir skjöldu með þessum hætti og sérstaklega sá flokkur sem kennir sig við frjálslygju og einstaklingsframfarir.

Eitt er löfgræðihliðin á málinu en annað er hið mannlega. Ekki má gleyma að margir bændur eru tengdir jörðum sínum tilfinningaböndum. Þess vegna er málið orðið slíkt hitamálið sem raun ber vitni. Einnig er þetta aðför að einni fátækustu stétt landsins sem nú hefur verið sett í gíslingu næstu árin því ekki er hægt að veðsetja jörð sem eftir nokkur ár verður ef til vill 10% af því sem hún er í dag.

Óskiljanlegt er hvernig þetta risaæxli hefur orðið til. Við setningu þjóðlendlaganna 1998 var tilgangurinn að ákveða mörk eignalanda og þjóðlendna á miðhálandinu en ekki að gera kröfur í sjó fram eins og nú er gert. Ekki er hægt að sjá á frumvarpinu eða á greinargerð með því

að það sé markmiðið hjá ríkinu að ná til sín þinglýstum eignarlöndum eða yfirleitt að ná undir ríkið sem mestu landi enda hefur það ekki verið stefna þeirra stjórnvaldaflokka sem nú eru við völd eftir því sem best er vitað. Því virðist sem ríkisstjórnarflokkarnir hafi villst af leið.

Höfundur er sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi og einn stofnenda Landssamtaka landeigenda.



GUÐNÝ SVERRISDÓTTIR

# Látum ekki Ríkisútvarpið fara sömu leið og Landssímamann!

## UMRÆÐAN

### Ríkisútvarpið

Sala Símans var ein Sheimskulegasta einkavæðing ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.

Bitnar sú aðgerð hart á fúbum landsins, sérstaklega á landsbyggðinni. Þar upplifa nú flestir verri þjónustu og hærra verð enda bera símafyrirtækin engar samfélagskyldur. Eina skylda þeirra er að tryggja eigendum sínum sem hæstan arð af fjármagninu.

Eitt mesta keppikefli ríkisstjórnarinnar á haustþingi var að fá „háeffun“ Ríkisútvarpsins samþykkt. Það furðulegasta var að



JÓN BJARNASON

forysta Framsóknarflokksins, með nýjan formann í broddi fylkingar, gekk þar harðast fram. Sótti Framsókn það mjög fast að ljúka einkavæðingu RÚV fyrir júl. Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið sjálfum sér samkvæmur í að RÚV verði einkavætt og selt. Með

einardri baráttu þingmanna Vinstri grænna og annarra stjórnarandstæðinga tókst að fresta lokaumræðu um hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins fram í janúar, þrátt fyrir hörð mótmæli þingmanna Framsóknarflokksins.

Ákafi Framsóknar í að „háeffun“ Ríkisútvarpið er afar furðulegur í ljósi þess að flokkssamþykktir þeirra á undanförunum árum ganga

út á hið gagnstæða, að það verði ekki gert. En það er hinn nýi formaður Framsóknarflokksins, sem nú rekur hvað harðast á eftir einkavæðingunni.

*Hin harða peningahygga forystu Framsóknar bitnar nú harðast á þeim þjóðfélagsþópum og landsvæðum sem í gegnum 90 ára sögu flokksins stóðu lengst af hvað þéttast að baki honum.*

Enn er þó hægt að koma í veg fyrir að Ríkisútvarpinu verði fórn að á vagn markaðshyggunnar, því að lokaumræðunni á Alþingi var

frestað þar til í janúar.

Ég held að fólk, ekki síst á landsbyggðinni, hafi fengið sig fullsatt af einkavæðingu Landsímans. „Háeffun“ flugleiðsagnar og flugvalla landsins nú um áramótin var algjört klúður. „Háeffun“ matvælarannsókn, uppsagnir og skerðing á kjörum starfsmanna setur alla þá starfsemi í uppnám. Nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga verður Ríkisútvarpið og starfsmenn þess næst leidd út á einkavæðingavagninn.

Ég vona einlæglega að Framsóknarflokkurinn sem forðum átti bakgrunn í samvinnuhugsjóninni og ungmennafélagsandanum snúi frá villu síns vegar. Hin harða peningahygga forystu Framsóknar bitnar nú harðast á þeim þjóðfélagsþópum og landsvæðum sem í gegnum 90

ára sögu flokksins stóðu lengst af hvað þéttast að baki honum.

Óflugt ríkisútvarp er nú sem fyrr aflvaki sjálfstæðs menningarsamfélags, hornsteinn þess lýðræðis sem þjóðin hefur barist fyrir. Við fundum það vel er við nutum dagskrár sjónvarps og útvarps nú um júl og áramót hvers virði þjóðarútvarpið er okkur í raun. Íhugum þá jafnframt hvernig væri umhofs, ef Ríkisútvarpið okkar væri horfið að fullu á altari markaðarins og peningahyggunnar eins og ríkisstjórnin stefnir að.

Það verður að koma í veg fyrir öll áform um að fórna Ríkisútvarpinu.

*Höfundur er alþingismaður Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi.*

## Mjólkurvörur lækka í verði

### UMRÆÐAN

#### Matvælavæðing



ÞÓRÓLFUR SVEINSSON

Almennt verðlag hækkaði um sjö prósent á síðasta ári. Það er því eðlilegt að spyrja hvers vegna mjólkurvörur hækka ekki í takt við annað verðlag, því kostnaður við mjólkurframleiðslu og vinnslu hlýtur að hafa hækkað. Skýringin á þessu er þátttaka kúabænda og mjólkuriðnaðar í því átaki sem nú er í gangi til að lækka matvælavæðing á Íslandi.

Síðasta ár hefur verið mikil og oft á tíðum ósanngjörn umræða um matvælavæðing. Um það er þó ekki ágreiningur hvað mjólk og mjólkurvörur varðar, að framleiðslukostnaður á Íslandi er hár í samanborði við margar aðrar þjóðir, enda verðlag á Íslandi almennt hátt. Mjólkuriðnaðurinn er nú að sameinast að mestu í eitt fyrirtæki. Þannig er hægt að auka verkaskiptingu og sérhæfingu í vinnslu mjólkur, og má fullyrða að þessi sameining er ein meginforsenda þess að mjólkurvörur lækka í verði að raungildi. Það er mat Landssambands kúabænda að meðalkúabúið tapi um þrjú hundruð þúsund krónum á því að fá ekki hækkun á mjólkurverði eins og þörf hefði verið á. Á móti kemur að tollar á mjólkurvörum verða óbreyttir.

Nú skiptir mestu máli að horfa fram á veginn og velja fyrir sér hvernig hægt er að lækka framleiðslukostnað mjólkur því hún verður því aðeins framleidd á Íslandi ef sú starfsemi skilar launum sem bændur sætta sig við. Ef mjólkurverðið lækkar hraðar er en framleiðslukostnaðurinn, þá hrynur atvinnugreinin.

En þótt umræðan sé á köflum ósanngjörn og villandi, þá viljum við vonandi öll að Íslendingar framtíðarinnar hafi aðgang að íslenskum mjólkurvörum og þá þarf að hafa mjólkurframleiðslu í landinu. Hvað skiptir þá mestu máli næstu árin?

Annars vegar eru það almenn rekstrarleg atriði á borð við það að kúabúin geti haldið áfram að stækka, flutt verði inn nýtt kúakyn sem skilar meiri afurðum og sparar vinnu og kostnaður við fóðuröflun lækkaður. Þá er það mikið hagsmunamál að ríkið leggi af skattheimtu á innfluttar kjarnfóðurblöndur. Ekki má heldur gleyma því að vextir á Íslandi eru mjög háir og það kemur þungt niður á atvinnugrein eins og mjólkurframleiðslu vegna mikilla fjárfestinga. Hins vegar að greinin njóti áfram þeirra verndartolla sem hún gerir nú, enda er sú tollvernd sambærileg við þá vernd sem íslenskt verkafólk býr við hvað varðar erlent fólk sem kemur inn á íslenskan vinnuamarkað. Því verkafólki er óheimilt að vinna á lægri tóxtum en hér gilda. Að lokum skal minnt á nauðsyn þess að aðgerðir til lækunar matvælavæðis skili sér til neytenda en hverfi ekki í verðhækkunir.

*Höfundur er formaður Landssambands kúabænda.*

# Kjara kaupadagar

## 15. - 20. janúar

Finn afsláttur og mörg sértíloð í gildi nú í vikunni.



**SIEMENS**  
Eldavél, HL 423200S

Keramíkhelluborð, fjórar hraðsuðuhellur, þar af ein stækkanleg, fjórfalt eftirhitagaumljós. Fjölvirkur stór ofn (58 lítrar), léthreinsikerfi, ecoClean. Stangarhandfang. Orkuflokkur A. Falleg og gæðaleg eldavél.

Verð: **79.800 kr. stgr.**



**SIEMENS**  
Uppþvottavél, SE 55E50EU

Klæðanleg uppþvottavél sem á heima í eldhúsinu þínu. Stjórnborð úr stáli. Fimm þvottakerfi, 4 hitastig. Orkuflokkur, þvottahæfni, þurrkhæfni: A/A/A. Mjög hljóðlát.

Verð: **79.800 kr. stgr.**



**SIEMENS**  
Þvottavél, WM 14E460DN

Þjóðum nú þessa glæsilegu þvottavél með íslensku stjórnborði á frábæru verði. **Þetta er vélin handa þér!**

Verð: **76.800 kr. stgr.**

- 6 kg.
- Íslenskar merkingar.
- 1400 sn./mín.
- Fjölmörg þvottakerfi.
- 15 mínútna kerfi.
- Snertihappar.
- Góður stafaskjár.
- Orkuflokkur A plús.



**SIEMENS**  
Kælisímapur, KG 36VV70SD

Fallegur kæli- og frystiskápur. Framhlið úr ryðfriðu stáli. Efri hurð nær alveg upp í topp. 228 l kæliur, 87 l frystir. Orkuflokkur A. Hillur úr öryggisgleri, losanlegir hillubakkar. Frystikerfi á þremur hæðum. H x b x d = 185 x 60 x 60 sm.

Verð: **89.800 kr. stgr.**

Þessa vikuna eru **kjarakaupadagar** hjá okkur. Láttu sjá þig og gerðu góð kaup, hvort sem þig vantar smekklega lampa, þráðlausan síma, síisogandi ryksugu, smátæki sem hitna eða snúast eða stóru tækin í eldhúsið og þvottaherbergið.

Þá er ekkert annað eftir en að flýta sér hingað til okkar, því að engum flýgur sofanda steikt gæs í munn, eins og sagt er.

**Umboðsmenn um land allt.**

# SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

# Flutningur ríkisstofnana

## UMRÆÐAN

Byggðamálið

Mikið hefur verið ritað og rætt um flutning ríkisstofnana að undanförunum. Rökin fyrir flutningi slíkra stofnana eru þau að það myndi efla byggðir úti á landi að fá trygg störf sem eru vel borguð. Það hefur ávallt vakið undrun mína hversu tregðulög-málið er sterkt í þessu efni. Þó hefur það gerst að Landmælingar voru fluttar upp á Akranes, Landbúnaðarstofnun á Selfoss og Íbúðalánasjóður og Byggðastofnun til Sauðárkróks. Reynslan af þessum flutningum er misjöfn. Starfsemi Landmælinga var erfið í fyrstu á Akranesi þangað til Hvalfjarðargöngin komu. Það gengur ágætlega hjá Landbúnaðarstofnun á Selfossi þó svo að margir starfsmenn séu óhressir með að þurfa að keyra úr höfuðborginni. Flutningur Byggðastofnunar á Sauðárkrók var fín tilraun sem því miður hefur misheppnast.

### Reynslan af flutningum stofnana

Hvaða lærdóm getum við dregið af flutningi ríkisstofnana út á land? Þann helstan að stofnanir í nágrenni Reykjavíkur virðast sjára sig en síður þær sem lengra eru frá höfuðborginni. Hvað gæti valdið því? Því er auðvelt að svara. Flestar ríkisstofnanir þurfa á sérmenntuðu starfsfólki að halda, störf fyrir maka starfsmanna, góðar samgöngur við höfuðborgina og góða nettingu. Flest af þessu hefur skort á Sauðárkrók. Einn helsti vandi Byggðastofnunar hefur verið að finna störf fyrir maka starfsfólks. Það átti einkanlega við Þróunarvið stofnunarinnar. Flestir þeir starfsmenn sem hófu störf eftir flutning stofnunarinnar eru fluttir til Akureyrar eða Reykjavíkur. Auk þess eru ekki flugsamgöngur á Krókinn. Allt þetta gerir starf stofnana eins og Byggðastofnunar erfiða að óbreyttu á stöðum eins og Króknum. Horfumst í augum við það. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum ekki að gefast upp. Nú er



INGI RÚNAR EÐVARÐSSON

lag með net-samskiptum, fjarfundabúnaði og öðrum tækninýjungum að breyta stjórnsýslunni. Færa hana nær borgurumum. Það er engin þörf á að fara fótgangandi eða ríðandi á fund ráðherra/konungs eins og menn gerðu með sín bænakjöl á 19. öld. Rafræn stjórnsýsla gerir flutninga ríkisstofnana mögulega. En ekki hvert á land sem er að óbreyttu. Þeir staðir sem geta tekið við ríkisstofnunum um þessar mundir eru svæðin í kringum Reykjavík: Akranes, Selfoss og Reykjanesbær, auk Akureyrar. Þar eru góðar samgöngur við höfuðborgina, vinnuarkaður höfuðborgarinnar er farinn að teygja sig þangað og þar eru fyrir margar ríkisstofnanir eins og sýslumaður, skattstjóri, auk framhaldsskóla. Akureyri stendur þar reyndar upp úr með Háskólann á Akureyri, Fjórðungssjúkrahúsið, öflug tölvu- og ráðgjafafyrirtæki, góðar flugsamgöngur og fleira.

### Nýsköpunarmiðstöð

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Höfuðstöðvar hennar eiga að vera á Sauðárkróki samkvæmt tillögu iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Eg spái Nýsköpunarmiðstöðinni sömu örlögum og Byggðastofnunum, verði hún flutt á Krókinn, af sömu ástæðum sem ég rakti hér að framan. Ef vilji er fyrir að flytja stöðina út á land þá liggur Akureyri mun betur við með Impru og Háskólann á Akureyri í návígi. Vilji stjórnvöld eitthvað með vaxtasamningum hvers vegna þá ekki að byggja upp öflugan þekkingarkjarna á Keflavíkurflugvelli með höfuðstöðvar Landhelgisgæslunnar, Flugumferðarstjórnar og Nýsköpunarmiðstöðvar. Svona til að byrja með. Það mætti svo bæta við í fyllingu tímans.

Höfundur er prófessor.

# Pólitískur blekkingaleikur bitnar á lýðræðinu

## UMRÆÐAN

Breytt stjórnmalabaráttan

Við höfum vanist því að fyrir kosningar gangi þeir sem völdin hafa fram á opinbera sviðið og noti kastljós fjölmiðla til að varpa á sig björtu ljósi. En aldrei hefur þjóðin horft upp á jafn stórfenglegar sýningar á þessu sviði og í seinni tíð. Ekkert er til sparað, tímasetningin úthugsuð, markmið með auknum fjárframlögum göfug og gleðja marga. Sýningararnar einkennast af því að kostnaðurinn verður greiddur úr ríkissjóði á árunum 2008 til 2012, á næsta kjörtímabili. Snjöllustu leikir ráðherra í nútíma kosningabaráttu snúast um að sýnast vinna stórvirki, láta sem þeir ráði fjárlögum langt fram í tímann, Alþingi komi málið eiginlega ekki við. Er verið að senda þjóðinni skilaboð um að eiginlega sé óþarfi að ómaka sig að kjörborði í vor, helstu úrlausnarefni næsta kjörtímabil hafi verið leyst?

Mörgum ætti að vera í minni þegar ríkisstjórnin tilkynnti hvernig hún ætlaði að nota tekjur af sölu Símans með miklum fjölmiðlablaestri rétt áður en Alþingi kom saman haustið 2005. Fyrir nokkru var rækilega kynnt að heilbrigðisráðherra ætlaði að auka rausnarlega hjúkrunarrými í landinu, en þó einkum í suðvesturkjördæmi. Peningarnir eiga að koma 2008 og 2009. Menntamálaráðherra er þó greinilega langt á undan öðrum sem sitja valdastóla í kapphlaupinu um að vekja athygli á afrekum sínum og notar vel jólafrí Alþingis. Hver stórfreittin rekur aðra: Af væntanlegri sókn íslenskra kvikmyndaframleiðenda á komandi árum með fjárstuðningi ríkisins; af því hvernig menningarstarf á Akureyri mun blómstra sem aldrei fyrr á næstu árum eftir samningsgerð menntamálaráðherra og bæjarstjórnar

um aukin framlög úr ríkissjóði – og daginn sem þessi pistill var saminn fékk þjóðin fréttir í dagblöðunum af tilfinningaþrungnu andrúmslofti og langvarandi lófataki í hátíðasal Háskóla Íslands þegar menntamálaráðherra undirritaði samning við skólan sem á að flytja hann í flokk hundrað bestu háskóla í heimi.



HÖRÐUR BERGMANN

Fram kom að stefnt verður að því að auka afköst í rannsóknum og að efla gæði þeirra, bæta aðstöðu, fjölga í framhaldsnámi við skólan, auka samstarf við erlenda háskóla og fleira sem felur í sér nokkurn frama og ánægjuauka

*Það er verið að innræta þjóðinni nýjan opinberan sannleika byggðan á þeirri blekkingu að ekki sé skylt samkvæmt stjórnarskrá og lögum að meirihluti Alþingis samþykki fjárveitingar úr ríkissjóði, að ráðherrar með umboð til vors geti ráðið því hvernig komið er á móts við fjölmenna hagsmunahópa á næsta kjörtímabili.*

fyrir starfsfólk stofnunarinnar. Væntingaráðherra til skólans virtust einnig falla í þann hugsanarveg. Þjóðin fékk engar fréttir af því hvaða þekkingar verður leitað í hinum stóruaknu rannsóknum. Verður reynt að svara áleitnum spurningum um þróun lýðræðis í landinu; breytingar á valdahlutföllum; efnahagsleg, vistfræðileg og félagsleg áhrif kvótakerfisins eða áhrif enskíslenska sjónvarpsins? Í viðtali

við Morgunblaðið sagði rektor: „Háskóli Íslands ætlar sér áfram að vera arðbærasta fjárfesting samfélagsins“. Þetta hlýtur að vekja áhuga fólks á að vita hvaða rannsóknarniðurstöður hafa leitt í ljós að HÍ sé „arðbærasta fjárfesting samfélagsins“ eins og felst í orðunum. Er ekki líklegra að finna vísindaleg svör um arðsemi fjárfestinga með því að leita þeirra fremur í einkarekstri en þeim opinbera? Er skólalaldi ekki ætlað annað og meira hlutverk en að reynast arðbær fjárfesting?

Ljóst má vera að pólitískt sjónarspil af því tagi, sem hér er vikið að, á þátt í varasamri breytingu á því hvernig tekist er á í íslenski stjórnmalabaráttu. Það er verið að innræta þjóðinni nýjan opinberan sannleika byggðan á þeirri blekkingu að ekki sé skylt samkvæmt stjórnarskrá og lögum að meirihluti Alþingis samþykki fjárveitingar úr ríkissjóði, að ráðherrar með umboð til vors geti ráðið því hvernig komið er á móts við fjölmenna hagsmunahópa á næsta kjörtímabili. Það er verið að skapa þá tilfinningu hjá fólki að stjórnarandstaða sé óþörf í íslenska lýðveldinu. Einnig má ráða af orðum ýmissa þingmanna, sem ríkisstjórnin styðst við, að völd þeirra og áhrif fari þverrandi. Ætla þeir að láta sér lynda að stíja í skugga frá fjölmiðlaljósum sem beinast að ráðherrum? Að lokum leyfi ég mér að biðja fréttamenn að mæta með þeim ásetningi að upplýsa þjóðina sem best þegar þeim er boðið til sjónleika sem settir eru upp á stjórnmalasviðinu, ekki rugla hana í ríminu frekar en orðið er.

Höfundur er rithöfundur og kennari.

# Risa skref í rétta átt

## UMRÆÐAN

Háskóli Íslands

Í fleiri ár hefur Röskva barlist fyrir því að stjórnvöld móti sér heildstæða stefnu í menntamálu og sýni Háskóla Íslands þá virðingu sem hann á skilið. Fimmtudagurinn 11. janúar 2007 verður lengi í minnum hafður innan Háskóla Íslands, því þann dag skrifuðu Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, og Þórunn Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra undir merkan samning um framtíð Háskólans. Samningurinn markar tímamót í mörgum skilningi. Þar er gert ráð fyrir margra milljarða aukningu í fjárframlögum til Háskólans á næstu fimm árum og það er augljóst að stjórnvöld vilja taka undir það markmið Háskólans að komast í hóp bestu skóla í heimi. Leggja á aukna áherslu á framhaldsnám og rannsóknir og allt er það liður í því að gera Ísland að því þekkingarþjóðfélagi sem Röskvuliða og marga aðra hefur svo lengi dreymt um.

Þegar Háskólinn kynnti stefnu sína með markmiðinu um að komast í hóp 100 bestu háskóla heims töldu sumir það fjarlæggt og aðrir jafnvel að það væri algjörlega óraunhæft. Röskvuliðar tóku virkan þátt í stefnumótuninni og vissu vel að Háskólinn hefði tækifæri til að bæta sig gríðarlega en til þess þyrfti hann stóraukið fjármagn. Það er því mikið gleðiefni að sjá að stjórnvöld hafa tekið af skarið og ákveðið að sjá skólanum fyrir því fjármagn sem hann þarf til þess að komast nær markmiði sínu.

Röskva hefur alltaf verið á þeirri skoðun að Stúdentaráð



DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR



EVA MARÍA HILMARSDÓTTIR

gegni lykilhlutverki þegar kemur að því að krefja stjórnvöld um aukin fjárframlög til Háskólans. Því miður hafa áhrif Röskvu þó verið takmörkuð síðustu ár, enda var fylkingin í minnihluta í nokk-

*Röskva treystir því að þessi samningur marki endalok áforma stjórnvalda um að innheimta skólagjöld við Háskóla Íslands.*

ur ár. Á þeim tíma hafði Stúdentaráð veika rödd sem fáir heyrðu eða tóku mark á. Það breyttist þó til hins betra í febrúar síðastliðnum þegar Röskva komst í meirihluta á ný. Röskva hefur glætt Stúdentaráð krafti á ný, endurvakið rödd þess og staðið fyrir virkum aðgerðum til þess að vekja athygli á fjárhagsvanda Háskólans. Hápunktinum var náð með Meðmælunum í október, þegar hundruð stúdenta gengu saman frá Háskólanum niður á Austurvöll með skilti á lofti, hrópuðu slagorð og héldu baráttufund. Meðmælunum hefur verið fylgt eftir með margvíslegum hætti, m.a. var menntamálaráðherra sent opið

bréf þar sem hún var krafín um sína skoðun á framtíð Háskólans, m.a. hvort taka ætti upp skólagjöld. Röskva létur svo á að ráðherra hafi með undirritun samningsins tekið undir kröfur stúdenta um það að ríkið fjármagni Háskólann og að allir eigi rétt á að stunda þar nám, óháð efnahag eða stöðu að öðru leyti. Röskva treystir því að þessi samningur marki endalok áforma stjórnvalda um að innheimta skólagjöld við Háskóla Íslands.

Það er ljóst að mikið framfaraskref hefur verið stigið. Háskóli Íslands hefur fengið tækifæri til að blómstra og efla þannig samfélagið allt. Draumurinn um þekkingarþjóðfélag með Háskóla í fremstu röð gæti orðið að veruleika. Röskva mun þó ekki láta deigan síga í baráttunni fyrir bættum hag Háskólans og stúdenta þrátt fyrir þennan mikla áfangasigur. Við vitum að sú baráttan hefur engan endi og þótt þessi samningur sé risaskref í rétta átt þá er leiðinni að settu marki hvergi nærri lokið.

Dagný er Stúdentaráðsliði Röskvu, og Eva María er formaður Röskvu.

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasiðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ríttjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna\* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

FRAMUNDAN Á

BROADWAY



# KARLAKÓRINN HEIMIR

## 80 ÁRA STARFSAFMÆLI

SÖNGSKEMMTUN LAUGARD. 3. FEBRÚAR

Hinn margrómaði karlakór Heimir úr Skagafirðinum hefur 80 ára starfsafmæli sitt með magnaðri söngskemmtun á þorrahlaðborði Broadway. Söngelskir gestir okkar, skagfirðingar sem og aðrir landsmenn ættu ekki að verða sviknir af þessum heiðursmönnum sem hafa sungið sig inn í hörðustu hjörtu í hart nær öld.

VEGNA FJÖLDA ÁSKORANNA!

## STÓRSÝNINGIN

# TINA TURNER tribute

MEÐ STÓRSÖNGKONUNUM  
SIGRÍÐI BEINTEINSDÓTTUR OG  
BRYNDÍSI ÁSMUNDSDÓTTUR

Á Broadway hefur saga, tónlist og tónleikar þessarar einstöku rokkstjörnu verið rifjuð upp við frábærar undirtektir og vegna fjölda áskoranna verður bætt við örfáum sýningum. Listrænn stjórnandi er Ástrós Gunnarsdóttir, hljómsveitastjóri er Þórir Úlfarsson, búningahönnuður er Selma Ragnarsdóttir en um leikmyndahönnun sér Stefán Sturla.

**Næstu sýningar:**

Laugard. 17. feb.

Laugard. 24. feb.

Laugard. 10. mars

Laugard. 17. mars

Laugard. 24. mars

Miðapantanir fyrir hópa eru á Broadway í síma  
eða á vefsíðu okkar:

**Sími: 533 1100**

**WWW.BROADWAY.IS**

# GERÐU LUKKU

**988** kr./kg.  
Goða lambalæri frosið  
**Helgarsteikin**

**989** kr./kg.  
Goða svínakótilettur  
frosnar í poka



KEA bjúgu  
**399** kr./kg.



Sprite & Sprite Zero 2 ltr  
**98** kr./stk.



Stjörnusnakk  
**199** kr./pk.



Góu tvenna  
**339** kr./pk.



Naggar Cordon bleu  
**399** kr./pk.



Naggar sænskar kjötbollur  
**499** kr./pk.



Göteborg Bixit kex  
**299** kr./pk.



**15%** afsláttur  
Þessar tegundir

KRONAN KRONAN KRONAN

**35%**  
afsláttur

**20%**  
afsláttur

**30%**  
afsláttur

**398** kr. kg.  
Frosin svið

**1590** kr. pk.  
Goða súrmatur 1.2 kg

**1399** kr. pk.  
Danpo kjúklingabringur  
frosnar 900g

# SPARAÐU STÓRT



H&G rófustappa og sviðasulta  
**589** kr./pk.



**Kakómalt**

Nesquik poki 500g  
**299** kr./stk.



McCain franskar Superfries  
**269** kr./pk.



**2**  
fyrir  
**1**

Myllu Fitty samlokubrauð



Kaffi Siesta 400 g  
**199** kr./pk.



Náttúra Rucula salat  
**269** kr./pk.



Stjörnusalat rófustappa  
**139** kr./pk.



Stjörnusalat kartöflusalat 700g  
**299** kr./pk.



KEA skyr 200g

**Hollusta**

**6**  
fyrir  
**4**



Vinber græn  
**379** kr./kg.



Closan WC ilmur  
**299** kr./pk.

ANDY ROONEY SJÓNVARPSMAÐUR  
ER 88 ÁRA Í DAG

„Ég varð ekki gamall viljandi, það gerðist bara. Ef þú ert heppinn kemur það kannski líka fyrir þig.“



# tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 14. JANÚAR 1896

## Fyrsti píramíðasvikarinn til Bandaríkjanna

Þennan dag árið 1896 fluttist Ítalinn Carlo Ponzi til Bandaríkjanna. Ponzi þessi fann upp á viðskiptasvikum sem síðan eru við hann kennd og hafa tíðkast allt fram á okkar daga. Í meira en tuttugu ár reyndi hann að afla sér viðurværis í Nýja heiminum, þvældist úr einu starfi í annað en gaf aldrei upp á bátinn drauminn um að efnast. Loks fann hann ráð til þess árið 1919. Hann sagði vinum og fjárfestum að hann gæti tryggt þeim 50% ávöxtun á þrem mánuðum á fé sem honum væri treyst fyrir. Ef hann var spurður sagðist hann fjárfesta í alþjóðlegum póstaúsunum. Fáir kunnu skil á þeim fjárfestingarkosti. Ponzi stóð við fyrirheit sín við fyrstu fjárfestana og brátt tóku peningarnir að streyma inn. Þúsundir manna komu á skrifstofuna til hans og

seðlum var troðð í allar hirslur og skúffur. Þegar lætin voru mest var tók Ponzi á móti 200.000 dollurum á dag.



Ponzi fór nú að eyða og njóta lífsins. Þrjár milljónir dollara notaði hann til kaupa á ráðandi hlut í Hanover Trust-fjármála fyrirtækinu. En nú var athygli fjármálaeftirlitsins vakin. Í bókunum sást að ekki var um neinar raunverulegar fjárfestingar að ræða. Þúsundir fjárfesta heimtuðu fé sitt til baka og allt hrundi. Ponzi reyndi að afla fjár í spilaviti en var handtekinn og dæmdur í fangelsi fyrir svik. 1934 var hann rekinn úr landi til Ítalíu, þar sem hann átti skammvinna vist í fjármálaráðuneyti Mussolinis en flýði eftir fjárdrátt til Brasílu og dó þar 1949. Píramíðasvik að hætti Ponzis hafa viðgengist æ síðan.

MERKISATBURÐIR

- 1814 Danmörk lætur Noreg af hendi til Svíþjóðar með Kílarfríðargerðinni.
- 1914 Fyrsti T-Fordinn rennur af færbandinu.
- 1918 Læknafélag Íslands stofnað.
- 1923 Mikið tjón á hafnar-mannvirkjum í Reykjavík og víðar um Vesturland í óviðri. Ellefu manns farast.
- 1939 Noregur gerir tilkall til spílu á Suðurheim-skautinu, „Lands Maud drottningar“.
- 1960 Elvis Presley hækkaður í tign í hernum. Verður liðþjálfari.
- 1976 Ólafur Jóhann Sigurðsson fær bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, fyrstur Íslendinga.



Ástkær faðir okkar og tengdafaðir

**Þorsteinn V. Kristjánsson**

fyrirum bóndi að Uppsölum Svarfaðardal,

sem lést þann 7. janúar verður jarðsönginn frá Dalvíkurkirkju miðvikudaginn 17. janúar kl. 13.30. Jarðsett verður í Vallakirkjugarði.

Fyrir hönd aðstandenda

Kristján Þorsteinsson  
Freygarður Þorsteinsson  
Sigurður Einarsson

Sæunn Guðmundsdóttir  
Elín S. Guðmundsdóttir  
Birna Jóhannsdóttir



Hörður Wium Vilhjálmsen

lést að Kumbaravogi hinn 14. desember síðastliðinn. Innilegt þakklæti til starfsfólksins fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót. Jarðarferin hefur farið fram.

Lóa Henný Ólsen og fjölskylda.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma

**Ásgerður Alda**

**Guðmundsdóttir**

Árskógum 6, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 6. janúar verður jarðsöngin frá Seljakirkju mánudaginn 15. janúar kl. 13.00.

Erla Linda Benediksdóttir Friðbjörn Sveinbjörnsson  
Halldór Ingólfur Pálsson  
Sigurlaug Kristín Pálsdóttir  
Lára Margrét Pálsdóttir Svanur Tómasson  
barnabörn og barnabarnabarn



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

**Sæunn Þuríður Gísladóttir**

til heimilis að Hrafnistu í Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Neskirkju mánudaginn 15. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hjartavernd.

Margrét Kjartansdóttir Vigfús Sólberg Vigfússon  
Gísli Kjartansson Júlíana Aradóttir  
Svava Kjartansdóttir  
Ingibjörg Kjartansdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



„MANCHESTER, ENGLAND, ENGLAND“ Friðrik, Jakob Þór og Sigurður kampakátir áður en lagt var í hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

JAKOB ÞÓR EINARSSON: FAGNAR FIMMTUGSAFMÆLI Í DAG

## Ekki jafn veisluglaður og frúin

„Ég er á leið til Englands í góðum félagsskap,“ segir Jakob Þór Einarsson leikari sem er fimmtugur í dag. Jakob Þór var að stíga upp í leigubíl á leið í Leifstöð þegar Fréttablaðið truflaði hann. „Ég, Friðrik Sturluson bassaleikari og Sigurður Sigurjónsson leikari erum á leið til Manchester undir því yfirsíni að við séum á leið í leikhús. En svo vill til að Manchester United tekur á móti Aston Villa á sama tíma og okkur fannst kjörið að skella okkur á völlinn. Þannig að þessi menningarferð er kannski bara dulbúin fótboltabulluferð,“ segir hann og hlær.

Jakob Þór kveðst vera mikið afmælisbarn, þó ekki jafn forfallið og eigin-

kona sín, Valgerður Janusdóttir. „Hún veit ekkert skemmtilegra en að eiga afmæli og er sjálf nýrðin fimmtug og hélt upp á það með pomp og prakt en ég er ekki jafn veisluglaður. Það er því kannski ljótt að viðurkenna að hún verður skilin eftir á Íslandi en ég hef það mér til afsökunar að hún hvatti mig til þess.“

Jakob Þór segir að af mörgum skemmtilegum afmælisdögum standi sá fertugasti upp úr. „Við konan héldum þá upp á sameiginlegt aldarafmæli. Saman vorum við 80 ára og áttum auk þess 20 ára brúðkaupsafmæli sem fyllti hund-raðið. Samkvæmt þeim mælikvarða eigum við 130 ára afmæli

í ár en við ákváðum að gera ekki jafn mikið úr því og fyrir tíu árum.“

Jakob Þór er meðal annars þekktur fyrir að hafa leikið aðalhlutverkin í kvikmyndunum Óðal feðranna og Hrafninn flýgur eftir Hrafn Gunnlaugsson en fyrir nokkrum árum söðlaði hann um og sneri sér að hljóðsetningu. „Ég grip alltaf í að leika þegar svo ber undir,“ segir Jakob Þór og kveðst boðinn og búinn til að leika aftur fyrir Hrafn ef til þess kæmi. „Það væri hægt að gera Hrafninn flýgur II, og fjalla um þegar Gestur snýr aftur á miðjum aldri,“ segir hann og skellir upp úr.

bergsteinn@frettabladid.is



Ástkær bróðir okkar og frændi

**Kristján Kristjánsson**

(Danni)

lést á Elliheimilinu Grund 12. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd vandamanna

Kristján Helgason



Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990

AFMÆLI



Jón Reykdal listmálarí er 62 ára.



Sigurður Svavarrsson, útgáfustjóri hjá Eddu, er 53 ára.



Einar Hákonarson listmálarí er 62 ára.



Ingvi Hrafn Óskarsson lögmaður er 33 ára.



Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar, er 52 ára.



Bóas Hallgrímsson tónlistarmaður er 27 ára.



**40% afsláttur**

**179** kr/kg. áður 299 kr/kg.  
Íslandsfugl kjúklingavængir

**Þú sparar 260 kr/kg**

**30% afsláttur**

**389** kr/kg. áður 649 kr/kg.  
Íslandsfugl kjúklingaleggir

**Þú sparar 429 kr/kg**

**33% afsláttur**

**870** kr/kg. áður 1.299 kr/kg.  
Fjörfisgur - Laxabitar roð- og beinhreinsaðir

**Þú sparar 232 kr/kg**

**25% afsláttur**

**697** kr/kg. áður 929 kr/kg.  
Fjörfisgur - Forsteikt fiskikrili

**Þú sparar 551 kr/kg**

**30% afsláttur**

**1.285** kr/kg. áður 1.835 kr/kg.  
BK Helgarlamb m/sérvöldu kryddi fyrir íslenskt lambakjöt

**Þú sparar 580 kr/kg**

**40% afsláttur**

**869** kr/kg. áður 1.449 kr/kg.  
Gourmet ungnautahakk

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda: 14. janúar eða á meðan birgðir endast  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

**netto**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

# Alls staðar utanbæjarmaður

Tuttugu ára ferli **Kristjáns Þórs Júlíussonar** sem bæjarstjóra lauk í vikunni þegar hann lét af starfi bæjarstjóra Akureyrar. Sagan hófst í heimabænum Dalvík vorið 1986 þar sem sumum leist ekki nema mátulega vel á að grislingurinn úr Hólaveginum tæki við þessu mikilvæga embætti. Kristján sest, að öllu óbreyttu, á þing í vor en ætlar að búa áfram á Akureyri. **Björn Þór Sigbjörnsson** ræddi við hann.

**É**g var búinn að ráða mig sem skipstjóri á togbát frá Hrísey þegar ég sótti um bæjarstjórastarfið fyrir áeggjan félaga minna sem ég hafði aðstoðað í kosningabaráttunni," svarar Kristján Þór spurður um aðdraganda þess að hann varð bæjarstjóri á Dalvík árið 1996. „Þetta gekk eftir, ég var ráðinn og sagði mig frá skipstjórastarfinu. Ég var meira að segja byrjaður að dytta að trollinu og allt hvað heitir.“

Kristján var aðeins 28 ára þegar hann varð bæjarstjóri en fram að því hafði hann stundað sjóinn og kennt í heimabænum auk þess að nema við Stýrimannaskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands.

Kristján segir að sér hafi, svona á heildina lítið, verið vel tekið af bæjarbúum en í fyrstu hafi þetta verið erfitt. „Allir höfðu skoðun á mér af því að þeir þekktu mig frá því að ég var grislingur. Og einn gamall og góður vinur minn sem nú er genginn sagði víst að þessi drengur yrði aldrei almennilegur bæjarstjóri því hann hafði einhvern tíma komið að mér þar sem ég hafði klifrað upp í ljósastaur og var eitthvað að fíflast.“

## Samherji burðarás atvinnulífs

Nokkur umskipti urðu í bæjarlífinu á Dalvík í bæjarstjóratíð Kristjáns. Hann segir gjörbreytingu hafa orðið á útgerðarmynstrinu því hin svokallaða millistærð í útgerð „fór öll fjadans til vegna breytinga í sjávarútvegskerfinu“. Bæjaryfirvöld gengu þá í að selja hlut bæjarins í Útgerðarfélagi Dalvíkinga og telur Kristján það hafa verið farsæla ákvörðun. „Við gerum þetta í samstarfi við Kaupfélagið og Samherja og frá þeim tíma hefur Samherji komið mjög sterkur inn og er í raun burðarásinn í atvinnulífi bæjarins í dag.“

Meðal annarra minnisstæðra verkefna á Dalvíkurárunum nefnir Kristján nýja vatnsveitu sem var stórt mál á sínum tíma og ekki síður bygging sundlaugarinnar.

## Meirihlutasamstarfi hafnað

Það er sviptivindasamt í stjórnmálunum og eftir að Kristján hafði gegnt starfi bæjarstjóra í tvö kjörtímabil féll meirihlutinn í kosningunum 1994. „Okkur sjálfstæðismönnum stóð til boða að mynda meirihluta með framsóknarmönnum en við höfnuðum því. Við töldum að miðað við málflutninginn í kosningabaráttunni bæri að leita leiða til að mynda annars konar meirihluta og sátum því hjá – hversu vitlegt sem mönnum kann nú að þykja það.“

Í kjölfar þess var haft samband við Kristján víða að af landinu og honum boðin vinna sem bæjarstjóri. „Mér leist vel á Ísafjörð og fannst spennandi og skemmtilegt að takast á við verkefni þar. Sem það og varð.“

## Horfir öðruvísi til verkefna

Kristján segir að talsverður munur hafi verið á Ísafirði og Dalvík og viðfangsefni ólík. Ísfirðingarnir voru jú fleiri og auk þess lá fyrir sameining sveitarfélaga vestra með tilheyrandi verkefnum. Þá hafi atvinnuástandið verið ólíkt verra á Ísafirði. „Það var mikið að gerast á Dalvík og bullandi gangur í hlutunum og því var það áskorun að takast á við að stýra sveitarfélagi sem lá undir meiri áföllum.“

Ísfirðingar tóku Kristjáni og fjölskyldu opnum örmum og þar mynduðust vinabönd sem enn standa. „Þetta var reglulega ánægjulegur tími, verkefni voru mikil að vöxtum og maður lærði mjög mikið á sjálfan sig og aðra.“

## Enn flutt

Þótt íslenska þjóðin sé fámenn greinir Kristján mun á fólki, eftir því hvort það býr við Eyjafjörð eða Skutulsfjörð. Það hugsi öðru-



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON Tuttugu ára ferli sem bæjarstjóra er lokið og fram undan er seta á Alþingi. Kristján hafði munstrað sig um borð í togbát frá Hrísey þegar hann var hvattur til að sækja um bæjarstjórastarfið á Dalvík vorið 1986. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

vísi. „Hugsunin vestra var meira bundin vertíðarstemningunni; þegar gefur á sjó þá sækja menn. Það var hins vegar meiri landbúnaðarhugsun í Eyjafirði þar sem menn setja niður á vorin og taka ekki upp fyrir en á haustin. Þar var lengri tíma hugsun og háttalag. Þetta er munurinn í grófum dráttum en í grunninn og smærri atriðum eru þetta mjög áþekkt samfélög þar sem allir þekka alla og kýta þegar það á við og taka á saman þegar það á við.“

Kristjáni og fjölskyldu líkaði vel á Ísafirði en pólitískarendingar leiddu til þess að þau fluttu aftur til Eyjafjarðar og að þessu sinni til Akureyrar, sem jafnan er nefnd höfuðstaður Norðurlands.

„Meirihlutinn á Ísafirði sprakk í lok nóvember 1997. Uppi var grundvallarágreiðingur um hvert bæri að stefna í uppbyggingu skólamannvirka og hvort og þá hvernig sveitarfélagið þyldi kostnaðinn við það. Menn náðu ekki saman og nýr meirihluti myndaðist.“ Í kjölfar þess höfðu sjálfstæðismenn á Akureyri samband við Kristján og fóluðust eftir kröftum hans.

## Alls staðar utanbæjarmaður

Í kosningunum 1998 á Akureyri fór Kristján fyrir lista Sjálfstæðisflokksins og var bæjarstjóraefni.

Það var nýbreytni, því á Dalvík og Ísafirði sat Kristján ekki í bæjarstjórn. Sjálfstæðismenn fengu góða kosningu og Kristján tók við stjórntaumum bæjarfélagsins.

Hann segir því ólíku saman að jafna að vera kjörinn fulltrúi bæjarbúa auk þess að vera bæjarstjóri. „Það er allt annað. Umboðið til að vinna mál sem kjörinn fulltrúi og bæjarstjóri er meira og þú vinnur verkið með öðrum hætti.“

Akureyringar eru heimsfrægir fyrir að halda utanaðkomandi í hæfilegri fjarlægð, í það minnsta þarf að líða góður tími þar til lítið er á komumenn sem Akureyringa. Kristján hlær og jánkur þegar hann er spurður hvort honum hafi ekki verið tekið sem utanbæjarmanni. „Mér hefur alls staðar verið tekið sem utanbæjarmanni. Ég var bara litli strákurinn úr Hólaveginum á Dalvík, ég var Norðlendingurinn á Ísafirði og ég var Dalvíkingurinn á Akureyri. Það ber alltaf á þessum röddum en ég gef aldrei neitt fyrir þær. Ég held að eitt af því sem hefur gert Svarfaðardalinn jafn góðan og hann er sé þetta gegnumstreymi fólks. Það eykur þekkingu og vikkar sjóndeildarhring þeirra sem fyrir eru að eiga samneyti við fólk af öðrum uppruna heldur en bara úr þorpínu. Það sama á við um Akureyri og það sama á líka við um litla þorpið við Faxaflóa sem heitir Reykjavík. Það er byggt upp af utanbæjarmönnum.“

## Jafnréttissinninn Kristján

Í bæjarstjóratíð Kristjáns var Akureyrarbær nokkrum sinnum snuður fyrir að standa illa að jafnréttismálum. Sjálfur kveðst Kristján saklaus af öllu því sem kalla má fjadanskap í garð jafnréttis en segist sitja uppi með þá dóma og þau álit sem fallið hafa. „Þetta eru allt saman mál sem eiga uppruna sinn frá því löngu áður en ég kom til starfa. Ég lenti bara í því að þurfa að reka þau mál fyrir dómstólum fyrir hönd bæjarkerfisins. En ef við horfum á verk mín, á það sem ég hef getað haft áhrif á, þá fullyrði ég að það hafa aldrei verið stigin stærri skref í jafnréttismálum í sögu sveitarfélags á Íslandi. Við réðum jafnréttisráðgjafa í fullt starf og erum með jafnt kynjahlutfall meðal æstu stjórnenda og í öllum nefndum og ég fullyrði að eftir breytingar sem við gerðum er launamunur milli kynja með því minnsta sem gerist. Þetta hefur ekki komist að í umræðunni því mönnum hefur þótt svo ægilega gott að hafa einhvern blóraböggul fyrir allt það sem þeir sjálfir eru að reyna að breiða yfir.“

Kristján segist að auki stoltur af að eiga þátt í að ráða Sigrúnu Björk Jakobsdóttur sem eftirmann sinn í bæjarstjóraembættið. „Ég er afskaplega ánægður með þann áfangasigur í jafnréttisbaráttunni,“ segir hann en Sigrún Björk er fyrst kvenna til að gegna bæjarstjórastarfinu á Akureyri.

## Hlær að skrifum Björns Inga

Kristján Þór er mikill sjálfstæðisflokkur og hefur verið í Sjálfstæðisflokknum um árabíl. Nú í vik-

unni rifjaði Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi framsóknarmanna í Reykjavík, á heimasíðu sinni upp orð sem Kristján lét falla í samtali við dagblaðið Dag árið 1988 á þá leið að hann væri ekki bundinn flokkspólitískum böndum enda hald hans að hann myndi þrífast ákaflega illa í flokki.

Kristján segir tilskrifin sýna hve vel framsóknarmenn geyma söguna. „Björn Ingi hefur einhverja þörf fyrir þetta en ég segi bara að sem betur fer hef ég vitkast með árunum og kosid að verja kröftum mínum í bágu sjálfstæðisstefnunna. Ætli Björn Ingi sé ekki bara að reyna að beina athyglinni frá þessum 80 framsóknarmönnum sem hann er að vinna með í Reykjavík?“ Kristján bætir við að sér þyki óstjórnlega gaman af að hlæja að mönnum sem eyða tíma sínum í svona vitleysu.

## Ætlar að búa áfram á Akureyri

Að öllu óbreyttu tekur Kristján sæti á Alþingi í vor en hann fer fyrir lista sjálfstæðismanna í Norðausturkjördæmi í þingkosningunum í maí. Af orðum hans má merkja að hann hyggist verða sérlegur talsmaður landsbyggðarinnar á þingi. „Ég hef aldrei dregið dul á það að ég er landsbyggðarmaður og ég held að það sé meira en full þörf fyrir þá rödd inni á Alþingi. Það verður sífellt meira bil á milli þess sem við köllum landsbyggð og höfuðborgarsvæði. Landsbyggðin þykir ekki hipp og kúl, svo maður sletti, og ég held að það sé bráðnaðsynlegt fyrir þetta örsamfélag 300 þúsund manna að vinna gegn svona aðskilnaði.“

Alþingi starfar í Reykjavík og þingsetunni fylgja því flutningar til Reykjavíkur. Eða hvað? „Nei, nei. Ég þarf ekkert að búa í Reykjavík. Ég bara mótmæli því. Ég bý á Akureyri og á mína fjölskyldu sem gengur hér í skóla og nýtur þess að búa í bæjarfélagi sem býður upp á öll lífsins gæði. Á meðan Reykjavíkurlugvöllur er enn þá í Reykjavík eru samgöngur með þeim hætti að ég er ekkert lengur í vinnuna frá Akureyri heldur en ef ég byggi í Hveragerði, Reykjanesbæ eða þess vegna uppi í Mosfellsbæ,“ segir Kristján. Spurður hvort hann hyggist fljúga á milli morgna og kvölds segist Kristján ekki vita hvernig hann komi til með að háttá málum en minnir á að auk góðra samgangna hafi fjarskiptatækninni fleygt fram. „Við Íslendingar rekum fyrirtæki í útlöndum án þess að búa þar og ég spyr hvort nauðsynlegt sé að allir sem taka þátt í störfum sem þjóna allri þjóðinni búi á höfuðborgarsvæðinu. Ég hef svarað því neitandi og vil fá tækifæri til að láta á það reyna.“



BÆJARSTJÓRI DALVÍKUR Myndin er tekin 1989. FRÉTTABLAÐIÐ/GEIR GUDSTEINSSON




Ég hef aldrei dregið dul á það að ég er landsbyggðarmaður og ég held að það sé meira en full þörf fyrir þá rödd inni á Alþingi.



BÆJARSTJÓRI ÍSAFIJARÐAR Myndin er tekin 1996. FRÉTTABLAÐIÐ/BRYNJAR GAULTI SVEINSSON



BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR Myndin er tekin 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN KRISTJÁNSSON



## Fyrir hverju vilt þú berjast?

- UMFERÐARÖRYGGI OG UMFERÐARFLÆÐI
- TVÖFÖLDUN SUÐURLANDSVEGAR
- BETRI VEGUM, FLEIRI VEGRIÐUM OG HRINGTORGUM
- BÆTA HRINGVEGINN OG BURT MEÐ EINBREIÐAR BRÝR
- ÖRYGGIM VEGUM Á VESTFJÖRÐUM
- MEIRI LÖGGÆSLU, UMFERÐARÁRÓÐUR OG HÆKKUN SEKTA
- MEIRI FJÁRMUNUM TIL VEGAGERÐAR VARIÐ Í ÖRYGGISMÁL
- FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA OG GÖNG Á LANDSBYGGÐINNI
- HEILDARSTEFNA Á ALÞINGI Í UPPBYGGINGU VEGAKERFISINS

Með **SAMSTÖÐU** getum við náð árangri.


Í nóvember árið 1999 var stofnaður áhugahópur um örugga Reykjanesbraut. Með samstöðu íbúa svæðisins, þingmanna og framkvæmdaraðila tókst að hefja framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar fyrr en áætlað var. Og nú eftir rúmlega sjö ára baráttu og jákvæðan áróður hópsins er fyrsti áfangi brautarinnar tilbúinn og árangurinn staðreynd. Í stað allt að sex banaslysa á ári hefur enginn látist á brautinni frá því að fyrsti áfanginn var vígður árið 2004.

Við getum náð árangri – líka á þínu svæði. Markmiðin eru skýr.

**Gerum alla vegi landsins örugga með SAMSTÖÐU og slysalausri sýn árið 2007**

Skráðu þig í þinn baráttuhóp á [www.nullsyn.is](http://www.nullsyn.is)

Við styðjum grasrótarsamtökin Samstöðu:



**SAMSTAÐA**  
SLYSALAUS SÝN

## \* hvaða myrkur er meira en nóttin?

Jón Atli Jónasson

### \* Áskorun Hemingways

Rithöfundurinn Ernest Hemingway var eitt sinn beðinn um að semja sex orða skáldsögu. Hann varð við þeirri áskorun og taldi hana síðar með sínum bestu verkum. Sagan hans hljóðaði svo: „Baby shoes, for sale, never used.“

## Staða skáldsögunnar

Næstu þrjú sunnudaga tekur Fréttablaðið þúlsinn á íslensku skáldsögunni og kannar stöðu hennar í sem víðustu samhengi. Greinarnar verða einnig aðgengilegar á heimasíðu Vísis þar sem lesendur eru hvattir til að leggja sitt til málanna.



SKÁLDSAGAN ÞRÍFAST Í MÓTLÆTI „Ég held að fólk skrifi fyrst og fremst af þörf til þess að skapa og skilja heiminn í kringum sig.“ segir Jón Atli Jónasson.

# Skáldsagan er leikvöllur

**Jón Atli Jónasson**, rithöfundur og leikskáld, hefur gefið út smásögur og skáldsögu auk þess að skrifa leikrit og kvikmyndahandrit. Nýjasta bók hans, Ballaðan um Bubba Morthens, er nokkurs konar ævisögulega skotin skáldsaga. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* ræddi við höfundinn um hégóma, bókmenntastera og skelfileg hlutskipti.

Í grunninn held ég að skáldsagan sé að kljást við vanda sem maður sér á ansi mörgum öðrum vígstöðvum í listinni. Hvort sem það er leiklist, kvikmyndir eða myndlist. Við erum svo upptekin af því hvað er gott og hvað er vont – kannski er það þjóðareinkenndi, eitthvað afbrigði af minnimáttarkennd,“ segir Jón Atli. „Það er til einhver hugmynd um hvað er gott í bókmenntum og í myndlistinni líka. Hér lenda myndlistarmenn í samanburði við Kjarval eins og rithöfundar lenda í samanburði við Laxness.“

### Vínsmökkun á skjánum

„Ég hef unnið jöfnum höndum í leikhúsi og við að skrifa aðrar bókmenntir en maður er tiltölulega fljótur að spotta þessa hugmynd um gott og vont í leikhúsinu. Þar ertu alltaf með á bilinu 100-500 manns sem sitja og horfa á það sem þú gerir,“ segir hann. „Það einfaldasta sem þú getur gert í leikhúsinu er að fá fólk til að hlæja. Svo getur þú reynt að hafa áhrif á þetta samþykki um hið ásættanlega og „hvað sé gott“. Vitanlega malar fólk sig út í horn eða heldur áfram að reyna að fá fólk til þess að hlæja – en það er ekki endilega það sem er best fyrir miðil eða listaverk eins og skáldsögu.“

Jón Atli segir skáldsöguna plagaða af þeirri stimplun sem fylgir markaðssetningu hennar tvo síðustu mánuði hvers árs. „Það mætir eitthvað fólk í Kastljósið, svona álitsgjafar, og fer að tala um list. Þá er skáldsagan dregin fram á borðið og rætt um hana eins og í vínsmökkun í morgun-sjónvarpinu.“

### Sjarminn á yfirborðinu

Jón Atli líkir bókaútgáfunni hér-

lendis við fegurðarsamkeppnir þar sem tilheyrandi yfirborðsmennska sé áberandi. „Hvort sem fólk vill það eða ekki eru bækur neyslutengdar. Það versta við skáldsöguna er þegar hún á fyrst og fremst að vera söluvara.“ Hann bendir á að hann hafi ekkert á móti því að bækur seljist en veltir fyrir sér hvenær þær eigi að fá athygli og út á hvað.

„Við búum við þann veruleika að bækur hér á landi koma út tvo

bækurnar eru skrifaðar af spilasjúkum þráhyggjusjúklingum með sýfilis, helst á dánarbeiði með tæringu eða í fangelsi. Ég held að það megi ekki taka það element úr henni. Ég hugsaði um það fyrir jólin þegar geðveikin var sem mest – hvað geri ég ef það seljast 15.000 eintök af bókinni minni? Ég meika það ekki, alveg eins og það er verst ef maður vinnur einhver verðlaun,“ bætir hann við og hlær. „Það er skelfilegt því þá er maður

og það sé verið að tala um fisk – ég kemst ekki hjá því. Þetta er sérkennilegur bransi. Síðustu ár hefur glæpasagan rutt sér til rúms og nú eru næstum allir að skrifa glæpasögu. Mér finnst áhugavert að sjá hvert það leiðir og hvað tekur við,“ segir hann.

Jón Atli gefur lítið fyrir þau orð höfunda sem líta á glæpasöguna sem einhvers konar samfélagslegt tæki eða tækifæri til þess að skoða íslenskt samfélag. „Í hittifyrra

um“ og nefnir þar til dæmis ævisögu Hannesar Hólmsteins eftir Óttar Martin Norðfjörð sem olli talsverðu fjaðrafoki í desember. „Margt af því sem hefur verið að koma út er alveg helvíti gott,“ bætir hann við og nefnir nýja bók Eiríks Guðmundssonar, Undir himninum, og vísar þar til hins póstmóðerníska vitundarflæðis sem einkennir skrif sumra kollega sinna. „Póstmóðernistarnir eru að skrifa bækur um menn sem eru að

”

Ég veit að það er alveg sama hvað þú ert að skrifa, hversu vel eða illa – þú ferð lengst á því ef tilgangurinn er heiðarlegur. Þú ættir ekki að eyða tíma þínum í skrif ef þér liggur ekkert á hjarta.

mánuði á ári – svo byrjar kapphlaupið, eins og við séum á svona bókmenntasterum. Hér kemur út hvert meistaraverkið á eftir öðru – eða það höldum við allavega. Það eru umbúðirnar sem við setjum bækurnar í. Þær eiga allar að vera frábærar. Bók er auglýst alls staðar og þess vegna verður útgáfa hennar stórtíðindi – svo ætla Meryl Streep að leika blindu konuna í bíómyndinni og allt það. Mest selda bókin er síðan matreiðslubók Hagkaupa. Ég held að þetta reyni svolítið á gildismatið.“

### Af sköpunarþörf

Jón Atli segist sjálfur aldrei hafa selt meira en um þúsund eintök af sínum bókum. „Það er allt í lagi mín vegna. Ég held að fólk skrifi fyrst og fremst af þörf til þess að skapa og skilja heiminn í kringum sig,“ segir hann.

Skáldsagan þrífst í mótlæti að mati Jóns Atla. „Hún hefur aldrei þekkt annað en mótlæti – bestu

kominn með samanburð.“

### Flokkadrættir

Jón Atli segist ekki upplifa sig sem hluta af neinni bókmenntakreösu. „Mínar fyrirmyndir eru menn sem hafa skrifað skáldsögur, prósa og verk fyrir leikhús. Í grunninn er þetta sami hluturinn en þegar þú mætir með textann þinn í leikhúsið verður baráttan öðruvísi, líkamlegri.“ Hann segist aldrei hafa leitt hugann að því hvort leikskáld væru mögulega agaðri en aðrir höfundar fyrir vikið. „Maður er kannski frjálfsari í sínum eigin hégóma. Það er eitt af þeim geðbrigðum sem allir þurfa að kljást við – annað hvort virka hlutirnir í leikhúsinu eða ekki. Þá þarf að leysa vandamálið og það getur verið skemmtilegt verkefni.“

### Sagan endurtekur sig

„Þegar rætt er um útrás íslenskra bókmennta finnst mér alltaf eins

skrifaði ég um einstæða móður sem vinnur á elliheimili. Það er bók sem fjallar um tilveruna, um það að vera lifandi – að reyna að þróa og vera til. Glæpasögur byrja alltaf á því að það finnst einhver dauður. Það er munurinn. Þetta eru afþreyingarbókmenntir – þeirra hlutverk er bara að skemmta. Menn geta falið sig á bak við að þeir séu að vekja athygli á málefnum innflytjenda en ef þú hefur áhuga á því þá myndir þú bara skrifa bók um Pólverja.“

Hann segist heillast af frumleika og áréttar að margir íslensku glæpasagnahöfundanna séu mjög vel skrifandi. „Það er engin tilviljun að Arnaldur Indriðason er svona vinsæll. Þetta er náungi sem getur skrifað hvað sem er – margar bækurnar eru mjög flottar en í raun er alltaf verið að skrifa sömu bókina.“

### Tvöfaldur expressó

Hann segist hrfnari af „slysun-

skrifa bækur. Í bókinni hans Eiríks er verið að lesa í tákfræði samtímans og þessi geggjúðu skilaboð sem okkur berast alls staðar. Hann er dálítið eins og tvöfaldur espressó.“

Jón Atli nefnir enn fremur bækurnar Sólskinsfólkið eftir Steinar Braga og Opnun kryppunnar eftir Oddnýju Eir Ævarsdóttur sem verk sem höfði sterkt til sín. „Þar finnst ég fyrir því að fólk sé að gera hlutina algjörlega á sínum forsendum. Þar er ekki verið að skrifa inn í eitthvað sérstakt eða ofan í einhvern sérstakan.“

### Á leikvöllum

„Skáldsagan er eins og leikvöllur. Svo eru einhverjir gaurar á hliðarlínu sem garga: „Ekki leika þér við þennan! Ekki éta sand! Ekki kasta grjóti!“ Ritstjórnar, gagnrýnendur, útgefendur og álitsgjafar reyni þannig að hafa áhrif á hugmyndir um skáldsöguna og þar með hvaða þýðing

## SPENNANDI STARFSTÆKIFÆRI



Spennandi starfstækifæri eru nú í boði hjá alþjóðlegu farsímafyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi. Fyrirtækið veitir GSM farsímaþjónustu í yfir 170 löndum og er rík áhersla lögð á tæknilegar nýjungar á sviði alþjóðlegrar farsímaþjónustu.

Leitað er eftir skapandi og árangursdrifnum einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa með öflugri liðsheild í alþjóðlegu umhverfi fyrir íslenskt fyrirtæki í útrás og taka virkan þátt í uppbyggingu þess.

### MARKAÐSRÁÐGJAFI

#### Starfssvið:

- Umsjón með markaðsmálum
- Umsjón með vörubrúun, ímyndar- og vörumerkjastjórnun
- Samstarf við dreifingaraðila víða um heim
- Umsjón og þátttaka í sýningum og ráðstefnum erlendis
- Almennatengsl

#### Hæfniskröfur:

- Góð reynsla af markaðsmálum
- Menntun á sviði markaðsfræða æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Áhugi fyrir ólíkum menningarheimum
- Mjög góð enskukunnátta
- Önnur tungumálakunnátta æskileg

### SÖLUSTJÓRI

#### Starfssvið:

- Ábyrgð og umsjón með sölumálum
- Greining viðskiptatækifæra og þróun farsímaþjónuðar erlendis
- Samskipti og aðstoð við samstarfs- og dreifiaðila
- Gerð söluáætlana og eftirfylgni
- Viðskiptaþróun

#### Hæfniskröfur:

- Góð reynsla af sölustörfum
- Góðir stjórnunar- og leiðtogahæfileikar
- Hæfni í samningum
- Góðir samskiptahæfileikar
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Geta til að vinna undir álagi

### BÓKARI - 50% STARF

#### Starfssvið:

- Færsla bókhalds og afstemmingar
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Hæfniskröfur:

- Góð bókhaldsreynsla
- Enskukunnátta
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð

### FORRITARI

#### Starfssvið:

- Gagnagrunnsforritun
- Forritun á reikningsskilakerfum og á vefsíðu

#### Hæfniskröfur:

- Góð reynsla af sambærilegum störfum
- Góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk.

Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar [www.radning.is](http://www.radning.is) og sækja þar um viðkomandi störf.

Umsjón með störfunum hefur [Inga Steinunn Arnardóttir, inga@radning.is](mailto:Inga.Steinunn.Arnardottir@radning.is)



RÁÐNINGAR  
ÞJÓNUSTAN



VGI er leiðandi fyrirtæki í sölu á umbúðum, vélum, íblöndunarefnum og rekstrarvörum til matvæla-fyrirtækja. Fyrirtækið selur til framleiðenda innanlands sem utan, en afurðirnar koma frá innlendum og erlendum birgjum. Hjá fyrirtækinu starfa 21 starfsmenn og er fyrirtækinu skipt í þrjú svið, kjötsvið, sjávarútvegssvið og verslunarsvið.

## BÓKARI

VGI óskar eftir að ráða einstakling til að bera ábyrgð á bókhaldi félagsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Starfssvið

- Merkingar og færsla bókhalds
- Afstemmingar og uppgjör
- Áætlanagerð
- Innheimta

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Haldgöð reynsla / þekking á bókhaldsstörfum nauðsynleg
- Reynsla af Navision Financials æskileg
- Talnagleggni, nákvæmi og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og sjálfstæði í starfi

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950. Sinfóníuhljómsveitin er skipuð 80 fastráðnum hljóðfæraleikum og hana má stækka í allt að 100 manns í einstaka tilfalli. Hljómsveitin heldur um 60 tónleika á hverju starfsári. Árlega eru farnar tónleikaferðir um landið, venjulega tvær lengri ferðir haust og vor, auk dagsferða. Núverandi aðalstjórnandi hljómsveitarinnar er hinn ungi Breti Rumon Gamba, en heiðursstjórnandi er Vladimír Ashkenazy.

## SVIÐSMAÐUR

Sinfóníuhljómsveit Íslands óskar eftir að ráða sviðsmann. Starf sviðsmanns er einkum fólgið í því að raða upp, fjarlægja og flytja hljóðfæri á æfingum og tónleikum. Auk þess margt sem til fellur í starfsemi hljómsveitarinnar. Reglulegur vinnutími er frá kl: 8:00 - 16:00 með tilfallandi yfirvinnu.

### Hæfniskröfur

- Leikni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Enskukunnátta
- Ábyrgðarkennd
- Snyrtimennska og góð framkoma
- Viðkomandi þarf að vera röskur og áhugasamur

Laun eru greidd samkvæmt gildandi samningum SFR.

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Yr. Arnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# JetX

### JetX leitar að flugliðum.

JetX er íslenskt flugfélag, kraftmikið og í örur vexti. Vegna aukinna umsvifa fyrirtækisins erum við að leita að áhugasömum og dugmiklum flugliðum í hópinn.

Í vor munum við halda nýliðanámskeið og leitum við eftir fólki bæði í framtíðarstörf sem og sumarflýsingar. Flögið er frá Keflavík til áfangastaða Heimsferða.

Að starfa hjá JetX er bæði spennandi og annasamt og starfsumhverfið krefjandi en skemmtilegt. Þess vegna bjóðum við upp á góða þjálfun, frábæra samstarfsmenn og samkeppnishæf launakjör.

Í dag rekur JetX þrjár flugvélar í Evrópu og eina á Íslandi. Frá vorinu komum við einnig til með að fljúga frá Helsinki, Billund, Gautaborg og Stokkhólmi auk Íslands.

Við leitum að starfsmönnum sem:

- er umhugað um öryggi
- hafa ríka þjónustulund og góða samskiptahæfileika
- geta unnið í hópi
- vinna vel undir álagi
- eru sveigjanlegir

Nauðsynlegt er að starfsmenn uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- Hafi góða íslensku- og enskukunnáttu auk þriðja tungumáls
- Hafi stúdentspróf eða sambærilega menntun og séu góðir í hugarreikningi
- Hafi hreint sakavottorð
- Hafi góða sjón og séu heilsuhausir á líkama og sál
- Séu yfir 1.60 cm á hæð og og þyngd sé í samræmi við það

Öllum umsóknum verður svarað með tölvupósti tveimur vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Ráðningarviðtöl munu fara fram í höfuðstöðvum JetX í Kópavogi.

Umsóknareyðublið auk frekari upplýsinga um fyrirtækið er að finna á [www.jetx.is](http://www.jetx.is) Umsóknir skulu berast fyrir 21. janúar og undirbúningsnámskeið hefjast í lok febrúar.

### JetX Cabin Crew

In relation to the expansion of our small, dynamic and rapidly growing Icelandic airline, JetX is looking for enthusiastic and engaging cabin crew to be a part of our expanding team. We are looking for cabin crew members to operate primarily out of Keflavik. Initial cabin crew course will be established this spring, and we are focusing on both permanent as well as summer employees.

The job and training we can offer you in JetX - is related to an exciting and hectic daily environment, which will be demanding but also a fun working environment, with good colleagues and a competitive salary.

JetX currently operates three airplanes in Europe and one aircraft based in Keflavik. From the spring of 2007, we will additionally have airplanes flying out of Helsinki, Billund, Gothenburg and Stockholm.

As a person you should be:

- Safety minded
- Service oriented with good communication skills
- A team player
- Able to work well under pressure
- Loyal, flexible and company minded

To apply you need to:

- Have good knowledge of English and at least two other languages, of which Icelandic will count as one
- Have a good standard of education and good practical skills in math
- Have no criminal record
- Have good eyesight and health - both physical and mental
- Be above 160 with weight in proportion to height

All applications will be answered by e-mail within two weeks after the deadline and considered confidential. Interviews for selected candidates will be conducted at our head office in Kópavogur.

To learn more of JetX and to obtain the required application form, please refer to our website [www.jetx.is](http://www.jetx.is). Your application should be sent no later than January 21 and you should be ready to commence initial training in the Spring of 2007.



### Ráðgjafar - Næturvörður

#### Næturvörður

Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann óska eftir að ráða næturvörð til afleysingastarfa á Sjúkrahúsið Vog sem fyrst. Um vaktavinnu er að ræða.

Upplýsingar veitir Hjalti Þór Björnsson dagskrárstjóri sími 824 7620 netfang: [hjalti@saa.is](mailto:hjalti@saa.is)

Umsóknir berist til Hjalta, með tölvupósti eða Stórhöfða 45 110 Reykjavík, merktar "næturvörður" eigi síðar en 22. jan. n.k.

#### Áfengisráðgjafar

Hjá hjá Samtökum áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann starfa nú um 45 ráðgjafar við áfengis og vímuefna meðferð á hinum ýmsum starfsstöðvum Samtakanna.

Vegna aukinna umsvifa viljum við nú að fjölga í hópnum. Því eru nú auglýst laus störf áfengis og vímuefnaráðgjafa.

Um er að ræða áhugaverð störf er hefjast með 2ja ára starfsþjálfun sem fram fer á Sjúkrahúsinu Vogu og öðrum starfsstöðvum SÁÁ.

Unnið er á vöktum á öllum starfsstöðvum SÁÁ.

Upplýsingar um störf gefur Hjalti Björnsson dagskrárstjóri [hjalti@saa.is](mailto:hjalti@saa.is) sími 824 7620

Umsóknareyðublið eru hjá móttökuriturum á Vogu

Umsóknir berist SÁÁ, Stórhöfða 45, 112 Reykjavík í síðasta lagi 22. janúar n.k. (eldri umsóknir óskast endurnýjaðar).



Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

## SÉRFRÆÐINGUR

Sjávarútvegsráðuneytið óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa einkum á skrifstofu fiskveiðisamninga og hafréttarmála.

**Helstu verkefni** snúa að málum er varða svæðisbundna samninga um stjórn veiða úr deilistofnum, tvíhliða fiskveiðisamninga, haf- og þjóðréttarmál, sjávarspendýr, líffræðilegan fjölbreytileika í hafinu, umhverfissvottun og hnattrænt samstarf á sviði sjávarútvegs á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar S.P. (FAO)

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði lög-, hag-, sjávarútvegs- og stjórnmálafræði eða skyldum greinum
- Framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla og/eða þekking á sviði sjávarútvegs er kostur
- Hæfni til greiningar á flóknum viðfangsefnum
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Lipurð í samskiptum og hæfni til sjálfstæðra og skipulagðra vinnubragða

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Búastæðasjóður er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar sem hefur það hlutverk að stýra nýtingu búastæða í því skyni að útvega gestum og viðskiptavinum vel staðsett skammtímaþæði þar sem nauðsyn krefur. Búastæðasjóður fer jafnframt með almennt eftirlit með bifreiðastöðum í því skyni að greiða fyrir umferð gangandi jafnt sem akandi vegfarenda.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélag.

## FULLTRÚI

Búastæðasjóður Reykjavíkur óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi einstakling í starf fulltrúa á skrifstofu sjóðsins. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða.

### Helstu verkefni

- Meðferð og afgreiðsla erinda vegna álagðra gjalda
- Umsjón með samskiptum við íbúa á miðborgarsvæðinu
- Þróun og ritstýring heimasíðu Búastæðasjóðs
- Greining og undirbúningur vegna sérhæfðar starfsþjálfunar fyrirtækisins

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Próf á háskólastigi sem nýttist í starfinu
- Reynsla af úrlausn mála í stjórnsýslu og þjónustu
- Góð tölvukunnátta
- Góð færni í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og rík ábyrgðartilfinning
- Heiðarleiki og vandvirkni

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## KREFJANDI STÖRF

Ríkisendurskoðun auglýsir eftir sérfræðingum í eftirtalin störf:

### Skrifstofustjóra á endurskoðunarsviði

#### Starfssvið

Umsjón með starfsemi sviðsins, stjórnun stærri verkefna, gæðastjórnun og ábyrgð á þróun sviðsins í samvinnu við ríkisendurskoðanda.

#### Hæfniskröfur

Leitað er eftir löggiltum endurskoðanda eða einstaklingi með M.Acc. próf. Umsækjendur þurfa að búa yfir góðum samskiptahæfileikum, hæfni til að stjórna fólki og skipuleggja verkefni. Þeir þurfa einnig að hafa gott vald á íslensku og ensku og geta gert grein fyrir viðfangsefnum á skýran og skilmerkilegan hátt, jafnt í ræðu sem riti.

### Sérfræðingur á endurskoðunarsviði

#### Starfssvið

Fjárhagsendurskoðun hjá ríkisaðilum, vottun fjárhagsupplýsinga og mat á fjármálastjórn. Hluti starfsins felst í skýrslugerð.

#### Hæfniskröfur

Leitað er eftir löggiltum endurskoðanda eða einstaklingi með háskólapróf í viðskiptafræði með áherslu á reikningshald eða endurskoðun. Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir og geta unnið sjálfstætt og með öðrum. Þeir þurfa einnig að hafa gott vald á íslensku og ensku og geta gert grein fyrir viðfangsefnum á skýran og skilmerkilegan hátt, jafnt í ræðu sem riti.

### Sérfræðingur við endurskoðun upplýsingakerfa

#### Starfssvið

Greining og mat á upplýsingakerfum ríkisaðila með tilliti til rekstraröryggis þeirra, áreiðanleika og skilvirkni. Hluti starfsins felst í skýrslugerð.

Um er að ræða tvær stöður og er önnur hugsanlega tímabundin til tveggja ára.

#### Hæfniskröfur

Leitað er eftir háskólamenntuðum einstaklingum sem hafa sérþekkingu og reynslu á sviði tölvunarfræða og upplýsingakerfa. Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir og geta unnið sjálfstætt og með öðrum. Þeir þurfa einnig að hafa gott vald á íslensku og ensku og geta gert grein fyrir viðfangsefnum á skýran og skilmerkilegan hátt, jafnt í ræðu sem riti.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2007. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðið hefur verið í stöðurnar.

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## Ný störf hjá Norðuráli

### Störf í kerskála og skautsmiðju

Duglegir og samvirkusamir starfsmenn óskast á 12 og 8 tíma vaktir í kerskála og skautsmiðju. Störfin eru fjölbreytt og tækifæri gefast til að öðlast mikilvæga starfsþekkingu.

### Ræstitæknir

Við óskum eftir að ráða duglegan og stundvísan einstakling til að starfa við ræstingar hjá Norðuráli. Um dagvinnu er að ræða og stundum helgarvinnu.

### Bókari

Við viljum ráða öflugan einstakling í afleysingar í reikningshaldi. Starfið gæti t.d. hentað nemanda í viðskiptafræði sem vill öðlast hagnýta reynslu í atvinnulífinu. Um er að ræða fullt starf í júní, júlí og ágúst 2007 en hlutastarf á vor og haustmánuðum.

### Norðurál

Hjá okkur starfa nú um 400 manns að margvíslegum verkefnum. Norðurál framleiðir árlega 220.000 tonn af áli til útlutnings og unnið er að stækun alversins sem felur í sér að framleiðslugetan verður aukin í 260.000 tonn á þessu ári.

### Jafnrétti

Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til að starfa hjá Norðuráli.

### Hvernig sækir þú um?

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 20. janúar næstkomandi.



### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg og Guðný Sævinsdóttir hjá Hagvangi í síma 520 4700. Farið verður með umsókn þína og allar persónulegar upplýsingar sem trúnaðarmál.



Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • [nordural@nordural.is](mailto:nordural@nordural.is) • [www.nordural.is](http://www.nordural.is)



Rafna ehf. er framsækið fyrirtæki sem flytur inn og selur heimilistæki og innréttingar frá heimsþekktum framleiðendum á borð við Electrolux, AEG, Zanussi og Lineadecor. Rafna leggur metnað sinn í að bjóða fyrsta flokks þjónustu, fjölbreytt úrval og gott verð.

## SÖLUSTARF

Rafna ehf. leitar að metnaðarfullum og árangursdrifnum starfsmönnum til sölustarfa með ríka þjónustulund.

### Starfslýsing

- ▶ Sala og ráðgjöf til viðskiptavina á heimilistækjum
- ▶ Almenn afgreiðsla og frágangur sölu
- ▶ Utstillingar og umsjón með verslun í samráði við verslunarstjóra

### Hæfniskröfur

- ▶ Reynsla af sölu- og/eða þjónustustörfum
- ▶ Rík þjónustulund og góð framkoma
- ▶ Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- ▶ Öguð vinnubrögð og samvirkusami
- ▶ Snyrtimennska

### Í boði er

Þægilegur vinnustaður með fjölbreytt verkefni og góð laun fyrir rétta aðila

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að sækja um með því að senda inn umsókn á netfangið [ingvi@rafna.is](mailto:ingvi@rafna.is). Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar.

**Rafna ehf.**

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500  
[www.rafna.is](http://www.rafna.is)



Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum

## Viltu vinna á áhugaverðum vinnustað?

Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum er áhugaverður vinnustaður með fjölbreytta starfsemi og þar eru störf í boði. Hvernig væri að flytja austur þar sem sumarblíðan er hvað mest, falleg náttúra og barnvænt umhverfi?

HSA Egilsstöðum samanstendur af heilsugæslustöð og sjúkrahæild ásamt starfsemi sjúkra- og iðjuþjálfunar. Stöðugildi lækna eru fjögur, en fimmtíu lækningar starfar á vegum stofnunarinnar við Kárahnjúka. Eins er ein námsstaða í heimilislækningum. Egilsstaðalæknishérað, er viðtattumikið og dreifbýlt. Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupsstað er í um einnar klukkustundar akstursfjarlægð og þar er skurðlæknir, lyflæknir og svæfingalæknir. Sjá nánar um starfsemi HSA Egilsstöðum á [www.hsa.is](http://www.hsa.is), undir Egilsstaðir.

### Starfsfólk óskast til framtíðastarfa

- Óskum eftir að ráða lækni sem fyrst við Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum
- Lifeindafræðingur óskast til starfa í 60 % til 100% stöðu.
- Geislafræðingur óskast til starfa sem fyrst.
- Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar óskast til starfa í vaktavinnu á sjúkrahæild í 40 % til 100% stöðu.
- Aðstoðarfólk óskast til starfa í vaktavinnu á sjúkrahæild í 20 % til 100% stöðu.

Viljum benda á nýgerða kjarasamninga sem veittu starfsmönnum 18% til 20% launahækkun á síðasta ári. Hentar fyrir námsmenn sem vilja vinna með skóla.

### Afleysingastöður

Óskum eftir að ráða starfsmenn í sumarafleysingar sem og aðra afleysingar.

- Í eldhús frá júní til sept. 40% til 100% stöður
- Á sjúkrahæild og heilsugæslu vantar hjúkrunarfræðinga, og sjúkraliða frá feb. til sept. 40% til 100%
- Aðstoðarfólk á sjúkrahæild frá feb. til sept. 40% til 100% stöður
- Í ræstingu frá júní til ágúst. 50% til 80% stöður
- Móttökuritarastarf á heilsugæslu frá 10. júní til 25. ágúst 100% staða
- Í þvottahús 50% frá 11. júní til 25. ágúst
- Lækni vantar til afleysinga frá

Umsóknarfrestur er til 15. feb. nk.

Upplýsingar veita yfirmenn viðkomandi deilda:

Þórhallur Harðarson fulltrúi framkvæmdastjóra í síma 471 1073 eða [thorhallur@hsa.is](mailto:thorhallur@hsa.is)  
Pétur Heimisson yfirlæknir í síma 471 1400 eða með tölvupósti [petur@hsa.is](mailto:petur@hsa.is)  
Halla Eiríksdóttir hjúkrunarstjóri í síma 471 1400 og [heir@hsa.is](mailto:heir@hsa.is)  
Katrín Einarssdóttir deildarstjóri sjúkrahæildar, s: 471 1400 og netfang [kartine@hsa.is](mailto:kartine@hsa.is)  
Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir deildastjóri heilsugæslu 471 1400 og netfang [helgas@hsa.is](mailto:helgas@hsa.is)

## STARFSFÓLK ÓSKAST



ARKÍS er framsækið alhliða hönnunar- og ráðgjafafyrirtæki sem hefur starfað frá árinu 1997. Arkís leggur áherslu á vönduð og traust vinnubrögð.

Starfsmenn ARKÍS eru yfir 40 í Reykjavík og á Egilsstöðum. Auk þess er Arkís einn af stofnendum arkitekta- og verkfræðistofunnar ARSO í Víníus þar sem nú starfa yfir 30 manns. ARKÍS hefur unnið fjölda verkefna á alþjóðlegum grunni.

Verkefni ARKÍS eru fjölbætt en má þar helst nefna hönnun verslunarhúsnæðis, skólabygginga, atvinnu- og skrifstofuhúsnæðis, skipulagsverkefna auk annara verkefna fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

Vegna aukinna verkefna framundan leitum við að áhugasömum einstaklingum til starfa.

### ARKITEKTAR og BYGGINGAFRÆÐINGAR

Leitum að arkitektum og byggingarfræðingum sem geta starfað sjálfstætt og stýrt verkefnum fyrir hönd fyrirtækisins.

Einnig leitum við af arkitektum og byggingarfræðingum til að starfa við almenna hönnun.

### VERKFRÆÐINGUR / TÆKNIFRÆÐINGUR / BYGGINGAFRÆÐINGUR

Leitum að verkfræðingi, tæknifræðingi eða byggingarfræðingi með reynslu af verkefnastjórnun og eftirliti á verkstað.

### GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Leitum að hæfileikaríkum hönnuði til að hafa umsjón með kynningargögnum og almannatengslamálum ARKÍS. Starfið felur í sér utanumhald og stjórnun kynningarmála fyrirtækisins, auk hönnunar og umbrots. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt að verkefnum á sínu sviði. Yfirgripsmikil tölvukunnátta áskilin, auk hæfni í textavinnslu. Góð enskukunnátta nauðsynleg. Mögulega getur verið um hlutastarf að ræða.

Áhugasamir hafi samband við Þorvarð Björgvinsson í síma 822 2065, Svövu Bragadóttur í síma 867 1895, eða sendi póst á netfangið [thorri@ark.is](mailto:thorri@ark.is)

[www.ark.is](http://www.ark.is)

ARKÍS



**Ert þú sjúkraflutningamaður?**

Okkur vantar:  
Sjúkraflutningamenn með réttindi til að starfa sem slíkir.

Við:  
Kárahjúka frá og með 22. janúar 2007

Unnið er:  
Í fjórar vikur og ein vika í fríi

Í boði er:  
Mjög góð laun

Fritt fæði og húsnæði  
Spennandi og jafnframt krefjandi vinnuumhverfi  
Fríar ferðir til og frá vinnu (Reykjavík - Egilsstaðir - Kárahjúkar).

**Ert þú Trailer Bílstjóri?**

Okkur vantar:  
Trailer Bílstjóra til starfa.

Við:  
Kárahjúka frá og með 18. janúar 2007

Unnið er:  
Í tvær vikur og ein vika í fríi

Í boði er:  
Mjög góð laun

Fritt fæði og húsnæði  
Spennandi og jafnframt krefjandi vinnuumhverfi  
Fríar ferðir til og frá vinnu (Reykjavík - Egilsstaðir - Kárahjúkar).  
NÁNARI UPPLÝSINGAR FÁST HJÁ SÍMONI: 896-3890

**ERTU GÓÐUR VERKFRÆÐINGUR?**

Verktakafyrirtækið **Klæðning ehf.**  
óskar eftir verkfræðingi.

Við bjóðum upp á:  
■ góða vinnuaðstöðu,  
■ spennandi verkefni,  
■ frábæran vinnuanda.

Hæfniskröfur:  
■ masterspróf.

Áhugasamir sendi umsókn og ferilskrá á  
gæðastjóra Klæðningar Guðjónu Björk  
gudjona@klaedning.is

**Klæðning ehf.**  
www.klaedning.is

**Hefur þú áhuga á hönnun og húsbúnaði?**

Við erum að leita að fólki sem hefur áhuga á að starfa hjá okkur í innréttingadeild. Starfið felur í sér ráðgjöf og sölu á innréttingum til viðskiptavina auk tilfallandi verkefna.

**Hæfniskröfur:**

- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Samviskusemi
- Góð og rík þjónustulund
- Vönduð vinnubrögð
- Gott auga fyrir hönnun
- Almenn tölvuþekking
- Þekking á Navision er kostur

Um fullt starf er að ræða þar sem unnið er virka daga frá klukkan 10:00-18:00 aðra vikuna og 12:00-20:00 hina vikuna.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lífandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.

Umsóknum má skila á þjónustuborð IKEA eða fylla út umsóknarform á [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)  
Nánari fyrirspurnir skal senda á [neffangi@ikea.is](mailto:neffangi@ikea.is)

**BÍLSTJÓRAR!****Viltu slást í hópinn?**

- Óskum eftir að ráða bílstjóra til starfa sem fyrst. Jafnt reyndir sem óreyndir bílstjórar koma til greina.
- Spennandi störf í boði á nýjum steypubílum. Bílarnir eru búnir bestu akstursþægindum fyrir bílstjóran.
- Nánari upplýsingar í síma 414-7777 eða með tölvupósti [borg@evborg.is](mailto:borg@evborg.is).

**BORG** er traust og öflugt framleiðslufyrirtæki í örur vexti. Spennandi verkefni framundan – góður starfsandi.

**GÆÐI - ENDING - ÁREIDANLEIKI**

Einingaverksmiðjan **BORG - Steypustöð**

Bakkabraut 9 · 200 Kópavogur  
Sími: 414-7777 · Fax: 414-7779 · [borg@evborg.is](mailto:borg@evborg.is)

**Ertu úrvals bókari ?**

Ef svo er má vera að þetta sé rétta tækifærið fyrir þig

Við leitum að reynsluríkum bókara með marktæka þekkingu og reynslu á sviði bókhalds. Menntun á sviði viðskipta eða viðurkenning / löggilding á sviði bókhalds er æskileg. Áhersla er lögð á góða tölvukunnáttu, nákvæmni, skipulagshæfni, frumkvæði, fagmennsku og metnað til árangurs í starfi.

**Bókarinn** hefur umsjón með bókhaldi félagsins, hann annast uppgjör og frágang gagna til endurskoðanda janframt því að sjá um áætlanagerð, skráningu gagna og aðra gagnavinnslu auk annars þess er til fellur og heyrir undir verksvið bókhalds.

Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar nk. Gengið verður frá ráðningu sem fyrst. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Guðný Harðardóttir**, veitir nánari upplýsingar. Vinsamlega sendið starfsferilskrár/umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is). Viðtalstími er alla virka daga frá kl.13-15 meðan á umsóknarferlinu stendur.



Suðurlandsbraut 6 - sími 588 3031 - [www.stra.is](http://www.stra.is)

Fagmennska í yfir 20 ár

**Félagsráðgjafi**

Laus er staða félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð Breiðholts. Staðan er til eins árs. Þjónustumiðstöðin er þekkingarstöð í fjölskylduráðgjöf. Hlutverk þekkingarstöðvar er m.a. að vera frumkvöðull á sínu sviði.

**Helstu verkefni:**

- Almenn félagsráðgjöf í einstaklings- og fjölskyldumálum
- Þverfaglegt starf í Þjónustumiðstöð Breiðholts
- Samvinna við samstarfsaðila og hagsmunasamtök

**Hæfniskröfur:**

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf
- Þekking og reynsla í vinnslu meðferðarmála með einstaklinga og fjölskyldur æskileg
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar og þjónustulund
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu

**Þjónustumiðstöð Breiðholts býður upp á:**

- Möguleika á að hafa áhrif og taka þátt í uppbyggingu og mótun framúrskarandi þjónustu við íbúa og stofnanir í Breiðholti
- Þverfaglega samvinnu með metnaðarfullu starfsfólki
- Sveiganlegan vinnutíma
- Fjölskylduvæna starfsmannastefnu

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Nánari upplýsingar veitir Þóra Kemp, deildarstjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, sími 411 1300, netfang: [thora.kemp@reykjavik.is](mailto:thora.kemp@reykjavik.is)

Umsóknum skal skilað á Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12, 109 Reykjavík fyrir 28. janúar nk.

**Langar þig að vinna á litlum og persónulegum vinnustað?**

Við leitum að áhugasömum starfsmönnum til að aðstoða fólk með fötlun sem býr í sjálfstæðri búsetu í miðborginni. Um er að ræða dag-, kvöld- og helgarvinnu, bæði fast starf og afleysingu.

Margvísleg reynsla kemur að notum og njóta starfsmenn leiðsagnar og stuðnings í starfi frá reyndum fagmönnum. Hvort sem þú er að leita að framtíðarstarfi eða vinnu með skóla, hafðu samband. Við munum taka vel á móti þér og finna starfshlutfall sem hentar.

Nánari upplýsingar veitir Sighvatur Blöndahl í síma 561-3141 / 896-5907. Umsóknum skal skilað á netfangið [sighvatur.b.magnusson@reykjavik.is](mailto:sighvatur.b.magnusson@reykjavik.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færðu þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Fossaleynir 17 (Grafarvogi), 112 Reykjavík  
[www.studlar.is](http://www.studlar.is) [mru@studlar.is](mailto:mru@studlar.is)

**Viljum ráða starfsmann á meðferðardeild Stuðla.**

**Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með unglíngum?**

Starfið felst í beinni meðferðarvinnu og tómskundastarfi og einstaklingsbundnum stuðningi við unglíngana í meðferð í samvinnu deildarstjóra, og sálfræðinga. Nýir starfsmenn fá fræðslu og stuðning til að takast á við starfið.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Við erum að leita að einstaklingi sem hefur reynslu af vinnu með unglíngum t.d. í tómskundastarfi eða íþróttastarfi eða hafi aðra þá starfsreynslu eða menntun sem að mati forstöðumanns nýtist í starfi. Umsækjendur þurfa að hafa hæfni í mannlegum samskiptum og áhuga á meðferðarstörfum. Þeir þurfa að vera stundvísir, geta farið eftir verklagsreglum og jafnframt sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Um er að ræða vaktavinnu.

Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf ásamt sakavottorði. Laun skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningum loknum.

Umsóknir berast til Stuðla - Meðferðarstöðvar ríkisins fyrir unglíngum, Fossaleyni 17, 112 Reykjavík eigi síðar en 28. janúar nk.

Nánari upplýsingar veita forstöðumaður, og deildarstjóri meðferðardeildar og í síma 530-8800.

Forstöðumaður

**BM Vallá ehf.**

óskar eftir laghentum starfsmönnum á  
helluvél fyrirtækisins í Garðabæ.

Mikil vinna framundan. Unnið er eftir bónuskerfi.

Upplýsingar gefur Kjartan í síma 860 5020 eða  
Hólmsteinn í síma 896 3222.

**Foldaskóli****Laust störf nú þegar:**

Tvær stöður skólaliða m.a. baðvarsla hjá piltum  
og stúlkum. Staða náms- og starfsráðgjafa (100).  
Umsóknarfrestur til 31. janúar n.k.

Nánari upplýsingar hjá skólastjóra  
og umsjónarmanni skóla í síma 540 7600.



ASK Arkitektar er alhliða arkitektastofa sem fæst við hefðbundin verkefni á sviði  
arkitektu og innanhússarkitektu, s.s. hönnun nýbygginga, endurnönnun eldri bygginga,  
hönnun húsgagna, skipulag eldri bygginga og nýbygginga, endurnönnun eldri bygginga,  
Verkefni stofnunar hafa verið uminn fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklinga.  
Tæklistofan er í nýju húsnæði í miðborginni og eru starfsmenn nú 21 talsins.

Leitum að góðu fólki!

**Arkitektar,  
byggingafræðingar**

Viljum ráða arkitekt og bygginga-  
fræðing til starfa sem fyrst.

Umsóknir sendist til  
Páls Gunnlaugssonar  
pall@ask.is

sem gefur jafnframt nánari upplýsingar.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál.



Geirsgötu 9 • 101 Reykjavík • Sími 515 0300  
www.ask.is



Reykjavíkurborg

**LEIKSKÓLASVIÐ REYKJAVÍKUR****Laus störf í leikskólum****Deildarstjóri**

- **Ásborg**, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.
  - **Blásalir**, Brekknaás 4, sími 557-5720 og 557-9720.
  - **Heiðarborg**, Selásbraut 56, sími 557-7350.
- Tvær stöður eru lausar 1. apríl.
- **Grandaborg**, Boðagrandu 9, sími 562-1855.
  - **Vinagerði**, Langagerði 1, sími 553-8085 og 693-9858.

**Leikskólakennari/leiðbeinandi**

- **Ásborg**, Dyngjuvegi 18, sími 553-1135.
  - **Fálkaborg**, Fálkabakka 9, sími 557-8230.
  - **Fellaborg**, Völvufelli 9, sími 557-2660.
  - **Furuborg**, v/Áland, sími 553-1835.
  - **Garðaborg**, Bústaðavegi 81, sími 553-9680.
  - **Grandaborg**, Boðagrandu 9, sími 562-1855.
  - **Hamrar**, Hamravík 12, sími 577-1240.
  - **Kvarnaborg**, Árkvörn 4, sími 567-3199.
  - **Kvistaborg**, Kvistalandi 26, sími 553-0311.
- Um er að 100% stöðu og 50% stöðu f.h.
- **Laufskálar**, Laufriðu 9, sími 587-1140.
  - **Lynghéimar**, v/Mururima, sími 567-0277.
  - **Lækjaborg**, v/Leirulæk, sími 568-6351.
  - **Reynisholt**, Gvendargeisla 13, sími 517-5560.

- **Sjónarhóll**, Völundarhús 1, sími 567-8585.
- **Vesturborg**, Hagamel 55, sími 552-2438.
- **Öldukot**, v/Öldugötu, sími 551-4881.
- **Ösp**, Iðufelli 16, sími 557-6989.

**Yfirmaður í eldhúsi**

- **Heiðarborg**, Selásbraut 56, sími 557-7350.
- Matráð vantar í afleysingar frá 1. mars '07 til 1. febrúar '08.

**Aðstoð í eldhúsi**

- **Heiðarborg**, Selásbraut 56, sími 557-7350.

- **Sæborg**, Starhaga 11, sími 562-6395.

Um er að ræða 50% stöðu e.h.

**Skilastaða/hlutastörf**

- **Holtaborg**, Sólheimum 21, sími 553-1440.

Um er að ræða starf frá kl. 15:30-17:30.

- **Ösp**, Iðufelli 16, sími 557-6989.

Um er að ræða starf frá kl. 15:30-17:30.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólustjórar í  
viðkomandi leikskólum. Einnig veitir Starfsmannafjónusta  
Leikskólasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru sam-  
kvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi  
stéttarfélag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus  
störf er að finna á [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.

Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111,  
færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

**Löglærður fulltrúi**

Laust er til umsóknar fullt starf löglærðs fulltrúa við embætti  
sýslumannsins í Keflavík.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi  
stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 5. febrúar 2007. Umsóknum ásamt  
upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til  
Guðgeirs Eyjólfssonar, sýslumanns, Vatnsnesvegi 33, 230  
Keflavík, sem veitir frekari upplýsingar um starfið.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða  
ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar  
ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir geta gilt  
í 6 mánuði.

Keflavík 10. janúar 2007  
Sýslumaðurinn í Keflavík  
Guðgeir Eyjólfsson



**HÚNAÞING  
VESTRA**

**Umhverfis- og garðyrkjustjóri**

**Húnaþing vestra leitar að áhugasömum og  
framsæknum einstaklingi til að sinna starfi  
umhverfis- og garðyrkjustjóra.**

**Starfssvið:**

Umsjón með skipulagningu og hirðingu opinna svæða.  
Umsjón með skipulagi sorphirðu og endurvinnslu.  
Umsjón með skipulagi umhverfismála og gerð  
umhverfisáætlana.  
Umsjón með starfi nefndar um Staðardagskrá 21 í  
Húnaþingi vestra.  
Umsjón með rekstri vinnuskóla.  
Önnur verkefni á sviði umhverfismála.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

Menntun á sviði skróðgarðyrkjufraeða, umhverfisskipulags  
eða annað sambærilegt nám.  
Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar.  
Sjálfstæði í vinnubrögðum.  
Skipulagshæfileikar og frumkvæði við lausn verkefna.  
Stjórnunarreynsla er æskileg.

Umsóknarfrestur um starf umhverfis- og  
garðyrkjustjóra í Húnaþingi vestra er til og með  
1. febrúar nk. Umsóknir skulu vera skriflegar og skal  
senda þær til skrifstofu Húnaþings vestra, Klapparstíg  
4, 530 Hvammstangi. Nánari upplýsingar veita Skúli  
Þórðarson, sveitarstjóri í síma 455-2400 á netfanginu  
skuli@hunathing.is og Ólafur H. Stefánsson, forstöðu-  
maður tæknideildar í síma 455-2400 og á netfanginu  
byggingafulltrui@hunathing.is

**SMÍÐAGENGI  
tilbúnir í verkefni**

Erum með smíðagengi sem getur byrjað strax

Vanir mótauppslætti og járnabindingum

Nánari upplýsingar í síma 517 4530

[www.intjob.is](http://www.intjob.is)

**INTJOB**

**STARFSMANNALEIGA**

IntJob starfsmannaleiga • Hagasmára 1 • 201 Kópavogur • intjob.is



## Smiðir

Vegna góðrar verkefnastöðu óskar Byggingarfélag Gylfa og Gunnars eftir smiðum í mælingavinnu. Nánari upplýsingar veita Guðjón í síma 562-2991 eða 693-7305 og Gunnar í síma 693-7310.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf.  
Borgartún 31. 105. Reykjavík.  
www.bygg.is

www.mos.is



Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

## Starfsmaður óskast

Hita- og Vatnsveita Mosfellsbæjar óskar eftir því að ráða starfsmann í framtíðarstarf. Um er að ræða vinnu við dreifikerfi hita- og vatnsveitu ásamt umsjón með verkbeiðnum og þjónustu við notendur og samskipti við aðrar stofnanir. Æskilegt er að viðkomandi hafi eitthvað af eftirfarandi réttindum:

Reynslu og réttindi við lagningu hita- og vatnsveitulagna.  
Námskeið í jarðlagnatækni.  
Málmiðnaðarmenntun.

Í samræmi við stefnu Mosfellsbæjar um jafnréttismál eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir deildarstjóri tæknideildar Þorsteinn Sigvaldason í síma 566-8450 eða ths@mos.is.

Umsóknarfrestur um starfið er til 1. febrúar 2007

**Hita- og vatnsveita Mosfellsbæjar**

## Við leitum að Snillingi! í net- og IP símkerfum

Svar tækni leitar eftir hæfileikaríkum tæknimanni á sviði net- og IP-símkerfabjónustu.

Starfið felur í sér:

- Uppsetningar á netkerfum hjá viðskiptavinum
- Uppsetningar á IP símkerfum hjá viðskiptavinum
- Þjónusta við núverandi viðskiptavini í IP símkerfum

Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga og þekkingu á Microsoft Windows netumhverfi og IP símkerfum.

**Viðurkenndar gráður í faginu, s.s tölvunarfræði eða gráður frá Microsoft eða sambærilegum aðilum er mikill kostur.**

Rík þjónustulund og metnaður er einnig lyklatríði en miklir möguleikar eru á að vaxa innan fyrirtækisins.

Svar tækni selur og þjónustar **Swyx IP** símkerfi sem eru þau mest seldu í Evrópu í dag fyrir minni og meðalstór fyrirtæki.

**Umsóknarfrestur er til 22. janúar 2007**

Umsókn skal skila til:  
Svar tækni ehf.  
Síðumúla 37, 108 Reykjavík  
eða á umsokn@sva.is

**sva:)** tækni

Síðumúli 37 - 510-6000 - www.SVAR.is



## Verslunarstjórn

### Samkaup

Samkaup hf rekur 36 verslanir undir merkjum Samkaup úrval, Samkaup strax, Kaskó og Nettó og eru þær víða um landið. Hjá Samkaupum hf starfa í dag 750 manns og margir með langan starfsaldur. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu.  
www.Samkaup.is

Vegna aukinna umsvifa óska Samkaup að ráða verslunarstjóra. Um er að ræða stöður á stór-höfuðborgarsvæðinu og stöður í ferðabjónustuverslunum á landsbyggðinni.

#### Starfssvið

- Ábyrgð á rekstri verslunar
- Dagleg stjórnun
- Starfsmannahald
- Samskipti við viðskiptavini
- Birgðahald og önnur tilfallandi störf

#### Menntun og hæfniskröfur

- Góð almenn grunnmenntun
- Reynsla af verslunarstörfum
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Góðir skipulagshæfileikar
- Reynsla af starfsmannahaldi
- Rík þjónustulund

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum, samstarfsfúsum og sjálfstæðum.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 19. janúar nk. Upplýsingar veitir Baldur Jónsson. Netfang: baldur@hagvangur.is

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## Félagsleg verkefni í Níkaragva



Prúnarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lókust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.

www.iceida.is

Prúnarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ) óskar eftir að ráða sérfræðing á sviði félagslegra verkefna í Níkaragva.

Starf sérfræðings felst í því að skipuleggja, hanna og stýra félagslegum verkefnum á vegum PSSÍ í Níkaragva. Verkefni eru undirbúin og unnin í nánun samstarfi við stjórnvöld, stofnanir og félagasamtök í landinu, en ríkismál í Níkaragva er spænska. Aðalstarfsstöð sérfræðingsins verður í höfuðborginni en verkefni geta verið dreifð um landið. Talsverð ferðalög innanlands geta því fylgt starfinu þar sem starfsmaður ferðast einn og oft við misjafnar aðstæður.

#### Kröfur um menntun og starfsreynslu

- Háskólamenntun á sviði félagsvísinda er skilyrði.
- Starfsreynsla af félagslegum verkefnum, reynsla af verkefnastjórnun og fjármálastjórn.
- Starfsreynsla af erlendum vettvangi.

#### Aðrar hæfniskröfur

- Þekking á þróunarmálum sem og aðferðafræði við hönnun slíkra verkefna.
- Þekking á aðstæðum í Níkaragva eða Rómönsku-Ameríku.
- Góð kunnátta í spænsku og ensku, auk íslensku.
- Góðir samskiptahæfileikar og aðlögunarhæfni.
- Góð tölvukunnátta

Nánari lýsingu á starfinu og svör við fyrirspurnum má sjá á heimasíðu Hagvangs.

Umsóknir skulu vinsamlega fylltar út á heimasíðu Hagvangs [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 11. febrúar nk. Upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson ráðgjafi, albert@hagvangur.is

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

## Laust er til umsóknar starf skjalastjóra hjá tollstjóranum í Reykjavík

#### Helstu verkefni eru:

- Umsjón með og ábyrgð á skjalavistunarkerfi embættisins
- Skjalastjórnun
- Þátttaka í áætlanagerð og stefnumótun um skjalamál
- Upplýsingagjöf til starfsmanna
- Þjálfun og kennsla

#### Hæfniskröfur og æskilegir eiginleikar:

- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði eða samsvarandi menntun er æskileg
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni
- Mjög góð almenn tölvufærni
- Þekking af vefumsjónarkerfum
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta
- Færni í einu Norðurlandamáli væri kostur

Skjalastjóri heyrir beint undir forstöðumann stjórnsýsluviðs.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Boðið er upp á gott starfsumhverfi og rík áhersla er lögð á góðan aðbúnað og hollustuhætti.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Karl F. Garðarsson forstöðumaður stjórnsýsluviðs í síma 5600-300 og/eða á netfangi [starf@tollur.is](mailto:starf@tollur.is).

Umsóknarfrestur er til 5. febrúar nk. Umsókn merkt "Skjalastjóri" ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem umsækjandi vill taka fram skal skilað til starfsmannasviðs embættisins, Skúlagötu 17, 101 Reykjavík, eða í gegnum tölvupóst: [starf@tollur.is](mailto:starf@tollur.is).

Tollstjórnin í Reykjavík fer fram á það við þann umsækjanda sem boðið verður starfið að hann/hún skili inn sakavottorði.

Umsóknir geta gilt í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Tollstjóraembættið fer með tollstjórn í Reykjavík. Hlutverk þess er að stuðla að því að löggjöf um inn- og útflutning og skil á sköttum sé fylgt og eiga þannig þátt í efnahags- og félagslegri velferð íslensks samfélags. Framtíðarsýnin er að vera framsækin ríkisstofnun, sem er þekkt fyrir að veita góða og skilvirka þjónustu, að vera eftirsóttur vinnustaður og viðurkennd fyrir að standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Til að ná þessari sýn er embættið með framsýna, kraftmikla og fjölskylduvæna starfsmannastefnu. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsuefningu og góðan aðbúnað.

[www.tollur.is](http://www.tollur.is)

# Opus

Teikni- og verkfræðistofa Akureyri

## Byggingarverkfræðingur / Tæknifræðingur

Óskum eftir að ráða verk- eða tæknifræðing til starfa. Starfið felst meðal annars í hönnun burðarvirkja og lagnakerfa, svo og umsjón og eftirlit með framkvæmdum.

Starfsreynsla er kostur en ekki skilyrði.

Umsóknir sendist á: opus@opusehf.is



Opus teikni- og verkfræðistofa ehf. Strandgötu 13, 600 Akureyri, S:461-4014

# fagtaekni

tölvu & raflagnir

## Rafvirkjar.

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa við almennar raflagnir og tölvulagnir. Upplýsingar í síma 517 6900 eða 660 6901 á skrifstofutíma 9 til 17

netfang: fagtaekni@fagtaekni.is



Reykjavíkurborg



## MENNTASVIÐ REYKJAVÍKUR

### Laus störf í grunnskólum

Austurbæjarskóli, sími 411-7200.

- Náms- og starfsráðgjafi.
- Aðstoðarmaður á bókasafni í 50-60% stöðu.

Borgaskóli, sími 577-2900.

- Skólaliðar, í 100% stöðu og í hlutastöðu frá kl: 11-16.

Breiðholtsskóli, sími 557-3000.

- Umsjónarkennari á miðstigi
- Skólaliðar

Foldaskóli, sími 540-7600.

- Náms- og starfsráðgjafi.
- Skólaliðar í baðvörslu drengja og stúlkna.

Hagaskóli, sími 535-6500.

- Stærðfræðikennari óskast vegna forfalla.

Hólabrekkuskóli, sími 557-4466.

- Skólaliðar

Ingunnarskóli, sími 411-7828.

- Stuðningsfulltrúa í hlutastöðu.
- Skólaliðar í hlutastöðu.

Klébergsskóli, sími 566-6083.

- Námsráðgjafi í 60% stöðu.

Laugalækjarskóli, sími 588-7500.

- Dönskukennara vantar í 50% stöðu vegna veikinda.

Réttarholtsskóli, sími 553-2720.

- Kennari í líffræði, í 75% stöðu.
- Skólaliði, 50 - 100% stöðu.

Selásskóli, sími 567-2600.

- Íþróttakennari
- Skólaliði

Víkurskóli, sími 545-2700.

- Skólaliði í 100% stöðu. Hlutastarf kemur einnig til greina.

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er að finna á heimasíðu Menntasviðs, [www.menntasvid.is](http://www.menntasvid.is). Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

**Öll laus störf í grunnskólum eru auglýst á [www.menntasvid.is](http://www.menntasvid.is)**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Eigum við að fara í hár saman?

Hefur þú ánægju af að umgangast fólk?  
Líkar þér krefjandi starf á líflegum vinnustað?  
Vilt þú fá laun í samræmi við afköst?

Þá gætum við haft starfið fyrir þig. Hár ehf. og Salon VEH ehf. mynda saman sterka heild á hártískumarkaðnum hér á landi.

Hár ehf. selur hársnyrtistofum hér á landi hinar vönduðu hársnyrtivörur frá Redken. Fyrirtækið sér auk þess um dreifingu tölvuhugbúnaðar fyrir hársnyrtistofur frá Shortcuts og kennsluþætti fyrir hárgreiðslufólk frá Pivot Point. Pivot Point er notað í hársnyrtinámi á Íslandi og yfir 50 löndum víðsvegar í heiminum.

Salon VEH er ein virtasta hársnyrtistofa landsins með breiðan hóp viðskiptavina. Þar starfar hæfur hópur hársnyrtifólks sem hefur það markmið að bjóða hverjum og einum viðskiptavini úrvals þjónustu og nýjustu strauma í hártískunni.

Bæði fyrirtækin leggja mikla áherslu á hátt þjónustustig við viðskiptavini sína, alþjóðleg tengsl og nýbreytni í hönnun. Áfangakerfi (e. level system) gerir starfsfólki kleift að vinna sig upp í launum í áföngum. Nýverið bættist við ný hárgreiðslustofa, Loft Salon, í miðbæ Kaupmannahafnar, örstutt frá Strikinu.

Vegna aukinna umsvifa ætla bæði fyrirtækin að bæta við sig starfsmönnum hér á landi. Umsóknir sendist til Hár ehf., Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík eða netfangið á [salonveh@salonveh.is](mailto:salonveh@salonveh.is) fyrir 31. janúar næstkomandi. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Sláðu til!

### Hár ehf. leitar að:

**Sölustjóra og sölumanni**  
Krefjandi störf þar sem mikil áhersla er lögð á árangur og frumkvæði. Árangurstengd laun í boði.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af hársnyrtimarkaðnum er kostur en ekki skilyrði.
- Haldgöð tölvuþekking.

**Lager-/ útkeyrslumanneskju**

Hálft starf fyrir röskan og þjónustulundaðan einstakling.

### Salon VEH leitar að:

**Rekstrarstjóra**

(e. floor manager)

Ábyrgðarstarf þar sem viðkomandi heldur utan um daglegan rekstur og samskipti við viðskiptavini.

Hæfniskröfur:

- Mikil reynsla í samskiptum við viðskiptavini og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, metnaður í starfi og skipulagshæfileikar.
- Reynsla af hársnyrtimarkaðnum er kostur en ekki skilyrði.

**Starfsmanni í móttöku**

(e. front Desk)

**Hársnyrtimeistara / Hársnyrti**

**Hársnyrtinema**

HÁR ehf.

SALON VEH

## Völuskrín

Óskar eftir að ráða starfsfólk til framtíðarstarfa í verslun sinni. Vinnutími er frá 11-18 virka daga og einstaka laugardaga skv. samkomulagi frá kl. 12-16.

Einnig kemur til greina að ráða tvo starfsmenn sem skipta deginum á milli sín og starfa frá 11-16 tvo daga vikunnar og 14-18 þrjá daga vikunnar.

Þá óskum við eftir bókara í hlutastarf ca. 1 dag í viku og sölumann í hlutastarf í heildverslun okkar.

Við leitum eftir sjálfstæðum, drífandi, traustum og ábyrgum einstaklingum sem hafa gaman af náttúrulegum leikföngum og spilum.

Umsóknir óskast sendar á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) merkt "Völuskrín" eða til Fréttablaðsins.



Hegas ehf.

## Óskar að ráða starfsmenn.

Við leitum að fjölbreyttum og áhugasömum framtíðar starfsmanni í lagerumsjón (lagerstjóra).

Starfs svið:

1. Yfirumsjón með lager.
2. Frágang vörusendinga inn á lager.
3. Pantanir og skráningar á lager
4. Tiltekt pantana
5. Almenn lagerstörf

Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja þekkingu eða reynslu af húsgagna- og innréttingaframleiðsu. Umsóknnum skal skilað fyrir 29. jan. n.k. á pósthafið [hegas@hegas.is](mailto:hegas@hegas.is) eða bréflaga beint til fyrirtækisins.

Hegas ehf. er 18 ára gömul heildverslun, sem sérhæfir sig í vörum fyrir byggingariðnaðinn. Hegas býður upp á góða vinnuástandi og gott og líflegt starfsumhverfi.

Hegas ehf.

Smíðjuvegi 1, 200 Kópavogur



**VILTU VINNA MEÐ BÖRNUM Í SKEMMTILEGU STARFSUMHVERFI?**



**FRÍSTUNDRÁÐGJAFAR /LEIÐBEINENDUR Á FRÍSTUNDAHEIMILUM**

Til starfa óskast fólk í hlutastörf sem hefur náð 20 ára aldri og getur tekið að sér skapandi starf með 6-9 ára börnum á eftirfarandi sviðum:

- List- og verkgreinum, s.s. tónlist, myndlist, leiklist, smíði, textil.
- Íþróttum og leikjum
- Útivist og umhverfismennt
- Barnalýðræði og lífsleikni (hópastarf, barnafundur, vinátta og samvera)

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar og sækja um störf in á heimasíðu ÍTR, [www.itr.is](http://www.itr.is) og hjá starfsmannabjónustu ÍTR, Frikirkjuvegi 11, í síma 411 5000.



Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Frikirkjuvegi 11  
Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | [www.itr.is](http://www.itr.is) | [itr@itr.is](mailto:itr@itr.is)

# B&L...leitar að sölumanni

B&L - Stofnað 1954



## Sölumaður notaðra bíla hjá Bílalandi B&L

### Starfssvið

Sala á notuðum bílum  
Þátttaka í markaðsstarfi  
Ráðgjöf til viðskiptavina



B&L var í 9. sæti í Fyrirtæki ársins, árlegri könnun sem VR gerir meðal félagsmanna sinna og er því meðal fyrirmyndarfyrirtækja ársins 2006. B&L, sem er í flokki stærri fyrirtækja, var í 14. sæti í síðustu könnun og hefur því hækkað sig um 5 sæti á milli ára. Þá reyndist B&L jafnframt vera með bestu niðurstöðuna, í samanburði við önnur bílaumboð í flokki stærri fyrirtækja. Það umboð sem kom næst B&L var í 16. sæti.

### Hæfniskröfur

Fáguð framkoma  
Reynsla af sölumennsku  
Reynsla í tilboðsgerð  
Áhugi og þekking á bílum  
Lipurð í mannlegum samskiptum  
Frumkvæði og hugmyndaauðgi  
Góða tölvukunnáttu (Excel, Word)  
Enskukunnátta  
Reyklaus

B&L er eitt stærsta og virtasta bifreiðaumboð landsins, stofnað árið 1954.

Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir bílaframleiðendurna Hyundai, Renault, BMW, Land Rover og einnig Arctic Cat vélsleða. B&L er einn stærsti söluaðili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðaviðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öflugra starfsmannastefnu. Alls starfa 128 manns hjá fyrirtækinu.

*Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 22. janúar nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknnum svarað.*

HYUNDAI - RENAULT - BMW - LAND ROVER - RENAULT TRUCKS - IRISBUS - ARCTIC CAT



B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 575 - 1200, [www.bl.is](http://www.bl.is)

Með bílinn handa þér

## Komdu og keyrðu með okkur



### Toyota Kópavogi leitar að ráðgjafa í Söludeild nýrra bíla

#### Starfssvið

„Ég lít svo á að myndin sé frá Þýskubúð og er sennilega af móður hans fremur en ömmu. Eða bland af þeim báðum. Þessi gamla kona er svo meitluð í framan. Og sterk. Ég sá verkið fyrst á sýningu Eiríks á Kjarvalsstöðum árið 1981 en myndin er máluð 1980. Já, Eiríkur er magnaður myndlistarmaður. Af hverju heitir myndin Farfluglar? Það er náttúrulega einhver sveimur þarna, jú. En Eiríkur hefur alltaf verið snjall að finna nöfn á verk sín. Ekkert „án titils“. Eða eins og konan sagði: „Án tillits“. Sem er náttúrulega miklu betra.“

**SUNNUGAGS KROSSGÁTAN**

**Leystu krossgátuna!**

**THE SENTINEL**

á DVD!

Þú gætir eignast **THE SENTINEL** á DVD!

Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900! Dæmi hvernig SMS gæti lítið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-til JA LAUSN JÓN. Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12.-99 kr. smsið

48

MP & BH

ÆSINGUR

Á MÓTI

MANN-ÞVAGA

VÆL

KRINGUM

ÞEKKJA LEIÐ

VANDRÆÐI

PRJÓNA-VARNINGUR

HLJÓMA KUNNINGI

TVEIR EINS

TVEIR EINS

FLJÓTT

ASI

KYRRÐ

HLÉ

KIRTIILL

ÖNEFNDUR

KORN-TEGUND

ORÐRÓMUR

HLUTI HANDAR

50

TUNNA

ANGAN

SAFNA SAMAN

950

ÚT

VINNA

FÖGNUMUR

KÖTTUR

EIGNAR-FORNAFN

ÍLÁT

PRÁ

UPPHRÓPUN

LOKAORÐ

HÚSDÝR

NYTSEMI

ÓHREINKA SAMA

TÆRA LJÓÐUR

ÖGN

HÁVÆRT TAL

PROT

BOX

TAL

NÆGILEGA

SAMAN-BURÐAR-TENGING

KEYRA

GUÐ

MÁTTUR

2

ENGJ

BLUNDA

VEIKJA

BORGA

TAKA ÚT RESINGU

SAUR

SAUR

BELTI

VEITT EFTIRFÖR

STYKKI

ERFIÐI SKÓLI

STAD-SETTNING

PILA

4

→

HVERJUM EINASTA

SJÁ EFTIR

UPPSKRIFT

FYRSTUR

Lausn krossgátunnar er birt að viku líðinni á vefnum, www.gatur.net





# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins sem veitt verða í annað sinn 22. febrúar nk.

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk sem á skilið að fá hraustlegt klapp á bakið og er þess verðugt að fá slík verðlaun.

Allir koma til greina, allt frá óþekktum einstaklingum til félagasamtaka eða þjóðþekktra karla og kvenna sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum til fyrirmyndar.

**Samfélagsverðlaunin verða veitt í sex flokkum:**

**1. Hvunndagshetjan**

Einstaklingur sem sýnt hefur einstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2. Uppfræðari ársins**

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar og aðrir uppfræðarar sem hafa skarað framúr og látið gott af sér leiða.

**3. Framlag til æskulýðsmála**

Félagasamtök sem hafa sinnt börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**4. Til atlögu gegn fordómum**

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

**5. Heiðursverðlaun**

Einstaklingur sem hefur helgað líf sitt baráttu fyrir betra samfélagi.

**6. Samfélagsverðlaunin**

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar með því að fara inn á **visir.is**, með tölvupósti á netfangið

**samfelagsverdlaun@frettabladid.is** eða bréfleiðis merkt **Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð**

**24, 105 Reykjavík**. Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út **23. janúar**. Dómnefnd mun taka allar

innsendar tillögur til skoðunar. Verðlaunahafar verða kynntir og verðlaun afhent við hátíðlega athöfn

**22. febrúar**.



SAMFÉLAGSVERÐLAUN  
FRÉTTABLAÐIÐ

NÝTT Á GRAS.IS



**ÞAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA!**

NÚ FÆRDU GRAS.IS FÉTTIR Í SÍMANN!

Vodafone live!

Fréttir og þróttir Leikir Skemmtun

## STUÐ MILLI STRÍÐA Fitubollur og mjónur

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR VELTIR FYRIR SÉR BANNORÐUM NÚTÍMANS



Þegar ég var krakki fóru konur í megrun. Þær sögðust vera orðnar of feitar og því þyrftu þær að gera eitthvað til að losna við spikið. Til að losna við spikið hættu þær til dæmis að borða franskbrauð með smjöri og hjónabandssælan var sett til hliðar í sunnudagskaffinu. Greip og kotasæla komu sterkt inn í staðinn.

Í dag er ekki lengur talað um að fara í megrun. Nei. Megrun er ljótt orð. Núna heitir þetta athæfi

að vera í „aðhaldi“ eða „breyttur lífsstíll“. Spik virðist ekki lengur vera til á mannlíkamanum. Það er bara spik á lambakjöti. Þess vegna fer enginn lengur út til þess að „hlaupa af sér spikið“.

Til að losna við kílóin er borðað sex sinnum á dag og fæðubótaefni koma í stað greipaldins. Það er keypt kort í líkamsrækt og svo er tekið á því, sex daga í viku með einkaþjálfara sér til halds og trausts. Aukakíló virðast heldur ekki lengur vera á bilinu 3-6 heldur eru þau orðin 15-20.

Þegar ég var krakki var manneskja með 15-20 „aukakíló“ einfaldlega kölluð feit. Hinar sem voru með 6 voru „buddur“ eða „þybbnar“. Mér finnst ég sjaldan

heyra orðið „þybbinn“ lengur. Þó að það sé fínasta orð. Og talandi um orð sem ekki heyrast. Hefði ég heyrt orðið „anorexia“ fyrir rúmum tuttugu árum, hefði ég eflaust ályktað að það væri einhver bær í Rússlandi. Í dag veit ég að anorexia er geðrænn kvilli sem gengur út á það að vilja ekki borða mat. Það vita líka flestir unglingar.

Einu sinni hefði fólk með þetta vandamál verið kallað horrengrur eða mjónur. Í dag hafa þær líka horfið af yfirborði jarðar ásamt þessum þybbnu og fitubollunum. Eftir eru þá einstaklingar í formi, ekki í formi, anorexíusjúklingar og offitusjúklingar.

Áhugavert – ekki satt?

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki



FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



MERYL STREEP Óskarsverðlaunaleikkonan mun leika aðalhlutverk í söngleiknum Mamma Mia!

## Meryl Streep í Mamma Mia!

Óskarsverðlaunaleikkonan Meryl Streep mun leika aðalhlutverk í söngvamyndinni Mamma Mia! sem er byggð á samnefndum söngleik sem hefur notið mikilla vinsælda.

„Streep var alltaf efst á óskalistanum hjá okkur,“ sagði Judy Craymer, framleiðandi myndarinnar. „Hún hefur rétta hugarfarið og orkuna sem persóna hennar þarf á að halda.“

Mamma Mia! hefur að geyma tónlist eftir sænsku hljómsveitina ABBA. Lagahöfundar sveitarinnar, Björn Ulvaeus og Benny Anderson, verða aðstoðarframleiðendur myndarinnar. Hefjast tölur á henni síðar á þessu ári í London. Fyrirtæki Tom Hanks mun framleiða myndina og er vonast til að hún verði frumsýnd á tíu ára afmæli söngleiksins árið 2009.

# Hefner vill Victoriu Beckham

Sala knattspyrnukappans Davids Beckham frá spænska stórlíðinu Real Madrid til bandaríska liðsins L.A. Galaxy hefur að mati bresku fjölmiðlanna opnað nýjar dyr fyrir spúsu hans, Victoriu Beckham. Klámkóngurinn Hugh Hefner er einn þeirra sem vilja nýta sér starfskrafta hennar.

Fréttavefur Sky greindi frá þessu á föstudaginn og sagði ein af kærustum Hughs, Bridget Marquardt, að Victoria myndi taka sig vel út á síðum blaðsins. „Við gerum okkur miklar vonir við Victoriu og Playboy gæti gert stóra hluti fyrir hana,“ sagði Bridget í samtali við vefinn.

Victoria hefur staðið í skugganum af manni sínum eftir að Spice Girls lagði upp laupana. Hana hefur lengi dreymt um frægð og frama á hvíta tjaldu og ætti því að vera komin á réttan stað. Þaríð hefur sést í Los Angeles að skoða villur fyrir sig og strákana sína þrjá og ljóst má vera að Hollywood iðar í skinninu eftir að geta nýtt sér krafta þessa stjórnupars.

Victoria og David ættu ekki að verða ein-

**DAVID BECKHAM**  
Er þegar búinn að stofna knattspyrnskóla í borginni sem er vel sóttur af börnum stórstjarnanna.



VICTORIA Gæti fetað í fótspor Pamelu Anderson sem varð stórstjarna eftir að hafa birst á síðum Playboy.

mana í Englaborginni en þau eru nánir vinir stórstjarnanna Tom Cruise og Katie Holmes. Frægt er orðið þegar David mætti án leyfis



HUGH HEFNER Vill fá Victoriu til að fækka fötum fyrir sig.

í brúðkaup leikarahjónanna á Ítalíu og var kallaður heim af forsvarsmönnum Real Madrid en nú ættu þau að geta mælt sér mót að vild. David hefur þegar komið á fót knattspyrnskóla í borginni

sem er vel sóttur af börnum fræga fólksins og sér fram á náðugt líf þegar takkaskórnir víðfrægu verða lagðir á hilluna auk þess sem hann hefur margoft lýst yfir áhuga sínum á leik í kvikmyndum.

Hugh Hefner segist enda þegar vera búinn að taka frá sæti í hinum víðfrægu teitum sínum á setri sínu sem hafa verið vel sótt af stjórnunum. „Hollywood á eftir að elska Beckham. Stelpurnar á setrinu hafa verið að ræða um þetta og við erum búin að setja hann á gestalista hjá okkur,“ sagði Hefner. „Ég held að Beckham eigi eftir að ganga vel hérna, sérstaklega í ljósi þess að Bandaríkin hafa ekki tekið knattspyrnuna opnum örmum. Beckham á eftir að gera gæfumuninn að því leytnu,“ bætti Hefner við.



HELDUR KYRRU FYRIR Cross var skikkuð til að halda kyrru fyrir heima hjá sér þar til tvíburar hennar koma í heiminn, og verða tveir þættir af Desperate Housewives því teknir upp þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

## Marcia Cross ólétt

Marcia Cross, sem fer með hlutverk Bree Van De Kamp í þáttunum Desperate Housewives, gengur með tvíbura. Læknir leikkonunnar hefur skipað henni að halda kyrru fyrir heima þangað til tvíburarnir koma í heiminn í apríl. Framleiðendur þáttanna setja það þó ekki fyrir sig, og nú er unnið að því að koma upp sviði í húsi leikkonunnar. Það mun verða nákvæm eftirlíking af húsi Bree í Desperate Housewives, og mun Cross vera með í tveimur þáttum í þessu umhverfi. Það er þó ekkert reiðarslag fyrir þáttaröðina að Cross skuli hafa verið skikkuð til að halda sig heima. Töluvert var farið að sjást á leikkonunni, en persóna hennar í þáttaröðinni er ekki ólétt. Því stóð til að skrifa Cross út úr þessari þáttaröð í tveimur þáttum.

DAILY PROFESSIONAL DNA

HANNAÐUR AF GIUGIARO ●

AFTURHJÓLADRIFINN ●

VÖRURÝMI FRÁ 7 TIL 17 M<sup>3</sup> ●

GRINDARBYGGÐUR ●



Komdu og reynsluaktu einum mest selda sendibíl í Evrópu

# IVECO

## Nýr Daily

Með öll gen ATVINNUBÍLSINS  
Lipur, mjúkur og hljóðlátur  
með einstakt vinnuumhverfi

Staðalbúnaður:

- \* ASR Spólvörn
- \* ABS Hemlakerfi
- \* ESP Stöðuleikastýring
- \* Nýr EURO 4 mótör
- \* Tímastíllt olíumiðstöð
- \* Stórir rafdrifnir upphitaðir speglar

Í boði eru fimm vélstærðir  
Frá 106 hö. til 176 hö.

Heildarþyngd frá 2,9 til 6,5 tonn

Aukabúnaður:

5 þrepa Rafskipting  
Loftþúðafjöðrun og driflæsing



Krókhálsi 16  
Sími 588 2600  
www.velaver.is

**Brilljantín kynnr POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)**

Verkið er aðeins sýnt í viku.  
 Frumsýning Sun 21. jan kl. 20 Uppselt / Mið 17. jan kl. 20 /  
 Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 /  
 Sun 21. jan kl. 20

**Children Of Loki kynnr 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER**

Frumsýning Fös 26. jan kl. 20 / Lau 27. jan kl. 20 /  
 Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

AUSTURBÆJ

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

**Flagari í framsókn The Rake's Progress**  
 IGOR STRAVINSKY

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY**  
 Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus  
 2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 - 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 - 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

Landsvirkjun

Kynning fyrir sýningu í boði VIÓ (ekki á frumsýningu)  
 Ingibjörg Eypórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni

**FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**  
**ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL**

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.  
 Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN  
 ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA  
 Í 25 ÁR

**Leikfélag Reykjavíkur**

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.  
 Lau. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2.  
 Fáar sýningar eftir.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrínu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.  
 Í dag sun. 14/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 20/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 21/1 kl.  
 14:00 örfá sæti laus, lau. 27/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 14:00 örfá sæti laus,  
 sun. 4/2 kl. 14:00, sun. 11/2 kl. 14:00.

**BAKKYNJUR** eftir Euripides.  
 8. sýn. fim. 18/1 nokkur sæti laus, fös. 19/1, fös. 26/1.  
 Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona?" í  
 Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýninguna 18. janúar. Enginn aðgangseyrir.

**Smiðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.  
 Þri. 16/1 kl. 20:00 uppselt, mið. 17/1 kl. 14:30 uppselt, lau. 20/1 örfá sæti laus, mið. 24/1  
 kl. 14:30 uppselt, lau 27/1, mið. 7/2 uppselt.  
 Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

**Kassinn kl. 20:00**

**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.  
 Frumsýning fös. 19/1 uppselt, lau. 20/1 örfá sæti laus, fös. 26/1, lau. 27/1, örfá sæti  
 laus.

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímssdóttur  
 í dag sun. 14/1 kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 örfá sæti laus og kl. 14:00 uppselt, lau. 20/1  
 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 nokkur sæti laus og kl. 14:00 uppselt, sun. 21/1 kl.  
 11:00 uppselt, kl. 12:15 og kl. 14:00, lau. 27/1 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.  
 Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.

**„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“**  
 DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD	DAGUR VONAR
Sun 21/1 kl. 20 4. sýning Græn kort Fös 26/1 kl. 20 5. sýning Blá kort Sun 28/1 kl. 20 Lau 3/2 kl. 20	Fim 18/1 kl. 20 UPPSELT Sun 21/1 kl. 20 UPPSELT Fös 26/1 kl. 20 Lau 3/2 kl. 20 Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.
VILTU FINNA MILLJÓN?	AMADEUS
Fös 19/1 kl. 20 Fim 25/1 kl. 20 Fös 2/2 kl. 20 Lau 10/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20	Í kvöld kl. 20 Lau 20/1 kl. 20 Síðustu sýningar
SAN FRANCISCO BALLETTINN	FOOTLOOSE
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.	Fim 18/1 kl. 20 Lau 27/1 kl. 20 Síðustu sýningar
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14 Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
MEIN KAMPF	Í dag kl. 14 Sun 21/1 kl. 14 Sun 28/1 kl. 14
Í kvöld kl. 20 AUKASÝNING Lau 20/1 kl. 20 AUKASÝNING Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING Síðustu sýningar	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
EILÍF HAMINGJA	FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT Fös 2/2 kl. 20 Sun 4/2 kl. 20	Börn, 12 ára og yngri fá frítt í leikhúsið í fylgd með forráðamönnum.  * Gildir ekki á barnasýningar og söngleiki.

Miðasala 568 8000  
 www.borgarleikhusid.is

**BORGARLEIKHÚSIÐ**



## Kl. 20.00

Tónlistarhópurinn *Camerarctica* heldur tónleika á vegum Kammermúsíklúbbsins í Bústaðakirkju ásamt fönngulegum hópi blásara. Á efnisskránni eru verk eftir Telemann, Sjostakovitsj og Zelenka. Hljóðfæraleikarar eru Hildigunnur Halldórsdóttir, Bryndís Pálmadóttir, Svava Bernharðsdóttir, Sigurður Halldórsson, Hallfríður Ólafsdóttir, Eyðís Franzdóttir, Kristín Mjöll Jakobsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir.



# menning

menning@frettabladid.is

## Hófstillt íslensk hádramatík

Í aðdraganda þess að Leikfélag Reykjavíkur tók verkið Dag vonar til sýninga á ný var meðal annars rætt um hvort verkið væri „íslensk klassík“. Ef íslenskir leikhúsgestir hefðu sterka hefðarvitund væri svarið við þessari spurningu vafalítið jákvætt en að mínu mati er slík vitund lítt áberandi meðal þorra þeirra sem sækir leiksýningar hérlandis. Klassík er sí-gild og í því felst ekki aðeins að viðfangsefni verka eigi alltaf við heldur að verkið „lifi“ með þjóðinni. Það eru fá leikrit sem koma upp í hugann sem fallið gætu alveg að þeirri skilgreiningu – margir kannast við Útilegumennina, Fjalla-Eyvind og Stundarfríð en þeim fækkar sem hafa séð verkin með eigin augum. Þau eru ekki sýnd og af einni ástæðu sérstaklega – spurningunni um hvort þau eigi erindi við íslenska leikhúsgesti í dag?

### Sögulega ljósið

Verk Birgis Sigurðssonar var fyrst sýnt á afmæli Leikfélags Reykjavíkur árið 1987. Nú tuttugu árum síðar er verkið fært á fjálfar íslensks atvinnuleikhúss á ný. Íslensk leikrit eru iðulega einnota og því fagnaðarefni að verki sé gefið annað tækifæri en í ljósi fyrrgreinds hefðarleysis set ég á ný spurningarmerki við erindi þess við leikhúsgesti dagsins í dag. Fyrir mér var sýningin áhuga-verðust í ljósi sögunnar, verkið fyrst og fremst forvitnilegt vegna þess hvað það var okkur þá – tíma-mótaverk sem talaði sterkt til áhorfenda sinna, vakti spurningar og deilur sem færðu okkur nær því sem við erum í dag.

### Kraftur og ljóðræna

Þetta er samt krassandi stykki. Dagur vonar er stofudrama þar sem togstreita innan óvenjulegrar fjölskyldu ýtir persónum verksins fram á háskalega hengibrún. Þar takast á hugmyndir um skilgreiningu fortíðarinnar, geðsýkinnar, listarinnar og fjölskyldubandanna en framsætning þeirra er ekki beinlínis „fersk“ eins og hún var mögulega á níunda áratugum. Texti Birgis Sigurðssonar er enn mjög kraftmikill og fallega ljóðrænn og í sýningunni vaknaði hann til lífsins í meðförum frá-þeirra leikara. Birgir skrifar rosa-

leg samtöl og húanískur mann-skilningur hans sem höfundar skín í gegnum hverja einustu persónu, þrátt fyrir áherslu á breyskleika mannskepnunnar vekur Dagur vonar bjartsýni eins og önnur verk hans.

Leikstjórinn, Hilmir Snær Guðnason, velur að halda sögu-tíma verksins óbreyttum. Einu vísanirnar til hans felast í svið-setningunni sjálfri, leikmynd og búningum auk þess sem kalda-stríðsótinn og atómsprengjufárið svífa yfir vötnum. Nálgun Hilmis er hófstíllt og settleg, hann fer mjúkum höndum um þetta verk og mér er nær að halda að áherslur hans séu á hlíðstæðri bylgjulengd við þær fyrstu.

### Kamelljón og stjörnur

Leikhópurinn og aðrir aðstandendur verksins standa sig með ágætum. Að öðrum ólöstuðum verð ég að taka ofan fyrir Sigrúnu Eddu Björnsdóttur sem leikur móðurina og ástkonuna Láru. Hún er einfaldlega uppáhaldsleikkonan mín núna og fær fullt hús stjarna. Tök hennar á hinni sterku en jafnframt útlífuðu og buguðu konu voru aðdáunarverð. Mér varð hugsað til frammistöðu hennar í Sporvagninum Girnd og Stjörnum á morgunhimni og gleðst yfir því að hún fái tækifæri á að glansa í íslensku leikriti líka í bita-stæðu hlutverki við sitt hæfi.

Syni Láru leika Rúnar Freyr Gíslason og Gunnar Hansson. Hlutverk þeirra beggja kalla á fjölhæfan leikara, þumbinn og verkfallsvörður leynir á sér og hið ofurnæma skáld reynist forhertara en við fyrstu sýn. Rúnar Freyr skilar kamelljóninu Reyni með afbrigðum vel, mér fannst hann einkar sannfærandi og samleikur hans við konurnar tvær – móðurina og hina umhyggjusömu Guðnýju á efri hæðinni – var eftirminnlegur. Gunnar fær vandasamt hlutverk ungskáldsins Harðar og fer grínleiðina. Reyndar er það kærkomið í samhengi við hádramatíkina í verkinu að geta skellt aðeins upp úr en þó þvælist spaugarinn aðeins fyrir þegar hitinn hleypur í skáldið. Það er eins og kveikþráðurinn hans sé ósannfærandi stuttur.

### Bókstafleg gisling

Dótturina Öldu leikur Birgitta Birgisdóttir en hlutverk hennar er gífurlega mikilvægt þótt hún segi fátt. Sjúkdómur Öldu heldur heimilisfólkinu í bókstaflegri gíslingu og hún er líka áminning fortíðarinnar og allra synða hennar og glötuðu tækifæra. Ég var heilluð af frammistöðu Birgittu, sakleysi hennar, raddbeitingunni og svip-brigðunum sem hún ljáði Öldu en að sama skapi fannst mér erfitt að horfa upp á það hvernig „geðsýkisköstin“ voru sviðsett. Það var eitthvað svo fyrirsjáanlegt að láta hana hlaupa um með skaftpott og rymja eins og naut. Eins í mónalögnum hennar þegar ljósin eru tekin niður og leikið einmana



### LEIKLIST

#### Leikfélag Reykjavíkur

Dagur vonar eftir Birgi Sigurðsson  
**Leikarar** Ellert A. Ingimundarson, Sigrún Edda Björnsdóttir, Hanna María Karlsdóttir, Rúnar Freyr Gíslason, Gunnar Hansson, Birgitta Birgisdóttir / **Leikmynd** Vyttautas Narbutas / **Tónlist** Egill Ólafsson / **Búningahönnun** Margrét Einarsdóttir og Dýrleif Ýr Örlygsdóttir / **Lýsing** Kári Gíslason / **Leikstjórn** Hilmir Snær Guðnason

★ ★ ★

Kraftmikið verk fær kærkomið en of fyrirsjáanlegt framhaldslíf.

.....

selló-stef gat ég lítið annað en dæst.

Ellert A. Ingimundarson leikur óbermið Gunnar sem er elskhugi Láru en vera hans á heimilinu gerir það að enn meira átakasæði en áður. Lostafull samskipti hans við Láru eru þyrnir í augum bræðranna og Guðnýjar og hann á í stöðugri valdabaráttu sem snikju-dýrið á heimilinu. Ellert leikur alkóhólistann mjög vel en hann var síður sannfærandi í hlutverki ofbeldismannsins, næstum of dag-farsprúður til að lýsa þessari grimmd sem gripur hann. Samleikur hans og Sigrúnar Eddu var góður en ég gat vart orða bundist í lokaatriðinu þar sem heldur keyrði um þverbak í dramatikinni.

Hanna María Karlsdóttir gerir hvað hún getur úr litlitolu rullu Guðnýjar. Hún er stuð- og stuðningsspúði fyrir alla fjölskylduna, trúlegur klettur í öllu þessu öldu-róti.

### Framhaldslíf

Heildarmynd verksins var í hæfilegum stíl við áherslurnar, leikmyndin hagleg en helst til of stór – maður fann lítt fyrir þrengslunum þótt innlokunin væri augljós. Gervi og búningar voru til þrýði og aldrei til trafala. Lýsingin var lítið nýtt í þessari sýningu nema í fyrrgreindum vörpunum á Öldu og hefði að ósekju mátt undir-tinga drungann. Tónlist Egils Ólafssonar fannst mér notaleg og videigandi en hún fjaraði of skarpt inn og út og á milli stefjanna varð suðið í kösturunum næstum óþægilega áberandi.

Leikritið Dagur vonar er hluti af hefð sem við hömpum sjaldan. Ef við ætlum á annað borð að tala um klassík í samhengi við íslenskt leikhús ættum við að vera miklu duglegri að dusta rykið af fleiri verkum, gefa þeim framhaldslíf, gagnrýna þau og endurskoða á skapandi hátt. Hefðin er gagnslaus ef við stillum henni upp og mænum bara á hana af skilyrðislausri aðdáun á þeim örfáu tyllidögum sem „menningararfurinn“ er til umræðu. Kristrún Heiða Hauksdóttir




BIRGIR SIGURÐSSON LEIKSKÁLD

TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090



# VIÐURKENNT NÁM Í TÓNVINNSLU LAGASMÍÐAR OG HLJÓÐUPPTAKA



TONVINNSLUSKOLI  
ÞORVALDAR BJARNA



Tónvinnslnámið er aðalnámsbraut Tónvinnskólans. Skólinn fékk nýlega viðurkenningu **Digidesign** sem viðurkenndur **Pro Tools** skóli, en **Pro Tools** er útbreiddasta upptökuforrit í heimi. Að námi loknu fá nemendur því Diploma, viðurkenndu af **Digidesign**, upp á að þeir hafi lokið prófi í tónvinnslu. Það veitir nemendum því aðgang að framhaldsnámi í tónvinnslu erlendis. Jafnframt fá nemendur viðurkenningu fyrir þekkingu á **Reason** tónlistarforritinu.

Vinnuaðstaðan er í tveimur fyrsta flokks hljóðverum, RMP og Stúdíó Sýrlandi, auk tölvuvers Snælandsskóla.

Sjá betur á  
[www.tonvinnskoli.is](http://www.tonvinnskoli.is).



 **digidesign**

SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í FOLDASKÓLA OG SNÆLANDSSKÓLA

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

**Nýtt í bió**

MEISTARAVERK EFTIR MEL GIBSON  
**APOCALYPTO**

BEINT Á TOPPINN Í USA!

POARINN ÞÓRARINSSON - FRETTABLAÐ  
SÍGVALDI - SVALI - KALDÁLONS  
DAGSKRÁFTJÓRI  
FM957 // MORGUNÞÁTTURINN ZÜBER

ENGIN FÆR FLÚID ÖRLÖG SIN

16 LÚXUS

the Black Dahlia  
FRÁ LEIKSTJÓRA SCARFACE OG THE UNTOUCHABLES  
BYGGÐ Á SÖGU EFTIR HÖFUND LA. CONFIDENTIAL

TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

KÖLD SLÖÐ

VIV TOPPIS  
Gagnrými, boggelummit  
12

20% afsláttur fyrir alla viðskiptavinum Kaupþings  
ef greitt er með korti frá Kaupþingi

the Black Dahlia  
BYGGÐ Á SÖGU EFTIR HÖFUND LA. CONFIDENTIAL  
MYND EFTIR BRIAN DE PALMA,  
LEIKSTJÓRA SCARFACE  
OG THE UNTOUCHABLES

SÝND KL. 5.45, 8 OG 10.30 Þ.J. 16

Employee of the Month  
SÝND KL. 4, 6, 8 OG 10.10

JACK BLACK • KYLE GASS  
**TENACIOUS D**  
THE PICK OF DESIRE

GEGGJUD TÓNLIST

ARTUR OG MÍNIMOARNIR  
MYND EFTIR LUC BESSON

SÝND KL. 2 OG 4 ISL. TAL

ERAGON

SÝND KL. 2

450 KR. Í BIÓ!

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

Borgarbió SÍMI 462 3500

APOCALYPTO SÝND Í LÚXUS	kl. 5, 8 og 10.55 B.J. 16 ÁRA	APOCALYPTO	kl. 3, 6 og 9 B.J. 16 ÁRA	APOCALYPTO	kl. 8 og 10.40 B.J. 16 ÁRA
THE BLACK DAHLIA	kl. 5, 8 og 10.55	LITTLE MISS SUNSHINE	kl. 3, 5.50, 8 og 10.10 B.J. 7 ÁRA	KÖLD SLÖÐ	kl. 6 og 8 B.J. 12 ÁRA
LITTLE MISS SUNSHINE	kl. 8 og 10.35 B.J. 16 ÁRA	CASINO ROYALE	kl. 3	ERAGON	kl. 10 B.J. 12 ÁRA
ARTUR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL	kl. 3.40 og 8 B.J. 7 ÁRA	MYRIN W. ENGLISH SUBTITLES	kl. 6 og 9 B.J. 14 ÁRA	ARTUR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL	kl. 4 og 6 B.J. 10 ÁRA
KÖLD SLÖÐ	kl. 5.45, 8 og 10.15 B.J. 12 ÁRA	ERAGON	kl. 5.50 og 8 B.J. 12 ÁRA		
ARTUR OG MÍNIMOARNIR ISL. TAL	kl. 1.30 og 3.40	ERAGON	kl. 3 B.J. 10 ÁRA		
ERAGON	kl. 1.20, 3.30 og 5.45 B.J. 10 ÁRA	BORAT	kl. 10.15 B.J. 12 ÁRA		
CASINO ROYALE	kl. 10.15 B.J. 14 ÁRA				
SÝND Í LÚXUS	kl. 2				
MYRIN	kl. 2 og 5.50 B.J. 12 ÁRA				
SKÓGARSTRÍÐ ISL. TAL	kl. 1.30				

450 kr. í bió!  
Gleði á matarstíva og  
þorðingur með rauðu

450 KR. Í BIÓ! GLEÐI Á ALLAR STYNGINGAR  
MÉRKTAR MEÐ RAUÐU

MIDASALA ÖPNAR KL. 1.30

## Patrick Amos Buckley Waits?

Á hverju ári í janúar rekst maður á plötur eins og þessa, sem er stórkostleg en var samt af einhverjum ástæðum hvergi að finna á árslistum gagnrýnenda.

Það þýðir engan veginn að platan sé eitthvað síðri en þær sem þar voru, heldur er magn útgefna titla á hverju ári bara orðið svo gífurlegt að jafnvel þau okkar sem kafa djúpt eftir nýrri tónlist neyðumst til að sætta okkur við að sjá aðeins topp ísjakans hvert ár.

Þessi ungi maður, Patrick Watson, er frá Kanada og heimsótti okkur nú síðast á Iceland Airwaves-hátíðina. Hann spilaði meira að segja með mér á tónleikum í 12 tónum á föstudeginum, en samt náði ég einhvern veginn að missa algjörlega af honum. Alveg magnað hvað maður getur verið blindur fyrir umhverfi sínu þegar maður er með hausinn upp í eigin rassgati.

Ímyndið ykkur bara að vísindamenn gætu blandað saman erfða-

vísium þekktra tónlistarmanna og skapað nýjan einstakling með hæfileika allra hinna. Patrick, sem leikur á píanó og syngur, væri þá eðalblanda af Tom Waits, Isaac Brock úr Modest Mouse, Tori Amos og Jeff Buckley. Hann hefði erfð lagasmíðahæfni Isaacs, putta Tori, næmi Waits fyrir ævintýrlegum útsetningum og raddbönd Buckley. Já, ég geri mér fulla grein fyrir því að þetta eru svaklegar samlíkingar, en pilturinn á inni fyrir þeim. Hann er þó ekkert í stöðugum raddfimeikum, eins og hinn tilfinninganæmi Buckley, en sýnir þó getu sína af og til eins og í laginu fráþæra Luscious Life. Annað fráþært lag á plötunni heitir The Storm, myndmál þess og útsetning er svo sterk að það er ómögulegt að hlusta á það án þess að bíósýningarvélín í hausnum fari af stað.

Eins og oft vill verða með plötur snillinga, eru þær nokkuð þungur biti að kyngja í fyrstu. Þannig er þetta vissulega



### TÓNLIST

#### Close to Paradise

Patrick Watson


★★★★

Þegar hann heimsótti okkur á Airwaves hafði enginn hugmynd um hver hann var, en Patrick Watson er undrabarn og þessi nýja plata hans meistarastykki.

Þunglamaleg plata á köflum og ég get vel ímyndað mér að fjöldi fólks eigi eftir að gefast upp áður en platan getur haft teljandi áhrif á þá. Þetta er plata sem maður verður að tryggja svolítið vel áður en hægt er að renna henni niður í maga. Hér er of mikið af upplýsingum, og heilinn þarf einfaldlega tíma til þess að vinna almennilega úr þeim.

En ef þið gefið þessu tíma, þá eignist þið plötu í safnið sem ykkur á eftir að þykja vænt um til æviloka, og jafnvel lengur.

Birgir Örn Steinarrson



BORAT Sacha Baron Cohen í hlutverki sjónvarpsmannsins Borat.

## Erfitt að leika Borat

Sacha Baron Cohen, sem hefur slegið rækilega í gegn sem Borat frá Kasakstan, segir það hafa tekið sinn toll að leika sjónvarpsmanninn sérstæða.

Sérstaklega hafi það verið erfitt þá mánuði sem tókur á myndinni stóðu yfir því þá þurfti hann stanslaust að vera í karakter. Þegar kvikmyndin var frumsýnd þurfti hann síðan að halda hlutverkinu áfram í nokkra mánuði í viðbót í kynningarskyni.

Við tókurnar neitaði hann meira að segja að þvo gráu jakkaftöin sín og að nota svitalyktareyði til að auka á raunveruleika persónunnar. „Þetta var mjög erfitt,“ sagði hinn 35 ára Cohen. „Ég varð að vera svona dag og nótt, vegna þess að ef minnsta smáatriði hefði breyst hjá mér hefði ég gert þá torryggna. Meira að segja þegar ég fór á klósettið þurfti ég að fara þangað sem Borat.“

## Manson kominn með nýja kærustu

Rokkgotinn Marilyn Manson er vist búinn að næla sér í nýja kærustu, hina nítján ára gömlu Evan Rachel Wood en sjálfur á Manson tvö ár í fertugt. Hann skildi við eiginkonu sína, Ditu Von Teese, í desember en hjartaknúsarinn var ekki lengi að finna ástina á ný.

Að sögn var eiginkonan fyrrverandi orðin þreytt á gjálfi bónda síns auk þess sem henni fannst hann og Wood orðin of náin. „Dita er miður sín, hún átti ekki von á þessu,“ segir vinur hjónanna.

Evan Rachel Wood er leikkona og sló í gegn fyrir fáum árum í myndinni Thirteen þar sem hún lék á móti Holly Hunter. Hún og Manson hafa að sögn verið vinir lengi. Á vefsíðu sinni segist Manson hafa kynnst Wood þegar hann bað hana að leika í hryllingsmyndinni Phantasmagoria: The Visions of Lewis Carroll.



MARILYN MANSON Fer of mikið út á lífið að mati fyrrverandi eiginkonu hans.

Simi: 553 2075

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

**Ódýrt í bió**

ATH. SÝND KL. 2

ATH. SÝND KL. 2

ATH. SÝND KL. 2

LAUGARÁS BIÓ 450 kr. á 2 sýningar

**HUGHJACKMAN CHRISTIANBALE  
SCARLETTJOHANSSON MICHAELCAINE**

EKKI MISSA AF ÞESSARI!

FRÁ LEIKSTJÓRA BATMAN BEGINS OG MEMENTO

**THE PRESTIGE**

MÖGNUG OG TÖFRANDI SPENNA SEM HELDUR ÞÉR Í HELJARGREIPUM

WILL Ferrell Maggie Gyllenhaal Dustin Hoffman Queen Latifah Emma Thompson

**Stranger than Fiction**

FRÁ ÆRLEGA FYNDIN OG SNIDUG GAMANMYND...

**SAMBÍÓIN**

Children of men

FRÁ FRAMLEIÐENDUM WEDDING CRASHERS

**KÖLD SLOÐ**

SÝND Í HÁSKÓLABÍÓ

GEGGJUD GRÍNMYND

**Employee of the Month**

Mynd eftir Óskarsverðlaunahafann Clint Eastwood.

**FLAGS OF OUR FATHERS**

SÝND Í HÁSKÓLABÍÓ

MÓNGESKVERN ER HAFIÐ!

**HAPPY FEET**

Gamma Group: Anne Hathaway Jack Black

**the Holiday**

FRÁ ÆRLEGA FYNDIN OG SNIDUG GAMANMYND...

DEZEL WASHINGTON VAL KILMER

**DEJAVU**

KVIKMYNDIR.IS

Háskólabíó			
THE PRESTIGE	kl. 3 - 6 - 9 - 10:20	B112	DÉJÁ VU
THE CHILDREN OF MEN	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	B116	THE DEPARTED
THE HOLIDAY	kl. 5:30 - 8	B17	FRÁIR FÆTUR M/- ÍSL TAL.
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 5:30 - 8	B118	SKOLAD Í BURTU M/- ÍSL TAL.
KÖLD SLOÐ	kl. 3 - 5:50 - 8	B119	

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA				SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI				SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK				SAMBÍÓIN / AKUREYRI			
THE PRESTIGE	kl. 5:30 - 8 - 10:40	B112	FRÁIR FÆTUR M/- ÍSL TAL.	kl. 1 - 2:10-3:20-5:40	Leyfð	THE PRESTIGE	kl. 6 - 8:30 - 11	B112	THE PRESTIGE	kl. 8 - 10:30	B112	THE PRESTIGE	kl. 8 - 10:20	B112	
THE PRESTIGE VIP	kl. 3:20 - 8 - 10:40	B112	HAPPY FEET M/- ENSK TAL.	kl. 3:20	Leyfð	STRANGER THAN FICTION	kl. 8:10 - 10:30	B112	HAPPY FEET m/ÍSL TAL.	kl. 2	Leyfð	HAPPY FEET m/ÍSL TAL.	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð	
EMPLOYEE OF THE MONTH	kl. 5:40 - 8:10 - 10:40	B112	SKOLAD Í BURTU M/- ÍSL TAL.	kl. 1:30 - 3:20	Leyfð	FRÁIR FÆTUR M/- ÍSL TAL.	kl. 1:20 - 3:40 - 5:50	B112	HAPPY FEET m/ENSKU TAL.	kl. 5:30	Leyfð	SKOLAD Í BURTU m/ÍSL TAL.	kl. 2	Leyfð	
STRANGER THAN FICTION	kl. 5:40 - 8 - 10:30	Leyfð	BÆJARHLAÐIÐ M/- ÍSL TAL.	kl. 1:30	Leyfð	HAPPY FEET M/- ENSK TAL.	kl. 3:40 - 5:50 - 8:10	B112	ARTHUR AND... m/ENSKU TAL.	kl. 2 - 4	Leyfð	HAPPY FEET m/ENSKU TAL.	kl. 4	Leyfð	
FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 8 - 10:40	B116	ÖBYGGÐIRNAR M/- ÍSL TAL.	kl. 1:30	Leyfð	SKOLAD Í BURTU M/- ÍSL TAL.	kl. 1:30 - 3:50	B112	EMPLOYEE OF THE M...	kl. 5:50 - 8	B112	FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 5:40	B116	
THE CHILDREN OF MEN	kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30	B116				DÉJÁ VU	kl. 10:30	B112	STRANGER THAN FICTION	kl. 10:10	B117	THE CHILDREN OF MEN	kl. 8 - 10:20	B116	
			BÆJARHLAÐIÐ M/- ÍSL TAL.	kl. 2	Leyfð										

**SAMBIO.IS**  
www.SAMBIO.IS [575 8900] www.SAMBIO.IS

# Minimalískur í Madríd

Ástralski tónlistarmaðurinn Ben Frost heldur tónleika á listahátíð í Madríd 2. febrúar næstkomandi. Ben gefur út hjá Bedroom Community sem er útgáfufyrirtæki Valgeirs Sigurðssonar.



**BEN FROST** Ástralski tónlistarmaðurinn Ben Frost er á leiðinni til Madríd í byrjun febrúar.

Ben mun á hátíðinni flytja nýtt tónverk, I Lay My Ear to Furious Latin, sem hann samdi fyrir sex gítara og býflugnabú. Verkið er flutt utandyra þar sem viðarstaflar eru á víð og dreif um ákveðið svæði og í hverjum stafla er mismunandi hljómur. Að auki hafa þeir allir einn sameiginlegan hljóm.

Nýjasta plata Bens Frost, Theory of Machines, kom út hér á landi í fyrra. Nýja verkið er þó ekki að finna á henni. Platan er væntanleg í dreifingu víða um heim í mars og ætla Ben að nota tækifærið og ferðast um heiminn til að kynna plötuna. Fer hann meðal annars til New York í mars og til heimalands síns Ástralíu.

samið tónlist fyrir Íslenska dansflokkinn og starfað með fjöllistaþópnum Cicada. Að auki hefur Ben unnið sem upptökstjóri og gert endurhljóðblandanir á tónlist fyrir listamenn á borð við Björk, Steintrygg, Neotropic, Lawrence English, Stars Like Fleas og Ai Yamamoto.

**Einfalt hugtak á stórum skala**  
Ben, sem hefur verið búsettur hér á landi í tvö ár, er mjög ánægður með að hafa fengið boð um að flytja verkið og segir það mikinn heiður bæði fyrir sig og Ísland. „Ég var í mánuð að semja það og þetta er frekar minimalískt verk,“ segir hann. „Þetta er einfalt hugtak sem er framkvæmt á stórum skala. Ég hlakka mikið til og það verður gaman að sjá hvernig þetta kemur út.“

**Alþjóðlegur listamaður**  
Auk sóló-verkefna sinna vinnur Ben verk sín á alþjóðlegan hátt í ýmsum myndum, svo sem í tengslum við gallerí-innsetningar, tónsmíðar fyrir kvikmyndir, auk dans- og margmiðlunaruppsetningar. Hann hefur meðal annars

**Samstarf í Gróðurhúsinu**  
Ben hefur starfað náið með Valgeiri Sigurðssyni, forsprakka Bedroom Community, í hljóðveri hans Gróðurhúsinu. Á Theory Of Machines nýtur Ben einmitt fulltingis Valgeirs, auk Sigtryggs Baldurssonar trommuleikara, og Hildar Guðnadóttur knéfiðuleikara.

Til New York og Ástralíu

# Depp kvikmyndar Litvinenko

Framleiðslufyrirtæki Johnny Depp, Infinitum Nihil, ætla að kvikmynda útgefna bók byggða á ævi KGB-útsendarans Alexander Litvinenko.

Bókin nefnist Sasha's Story: The Life and Death of a Russian Spy. Var það framleiðandinn Warner Bros sem tryggði sér kvikmynda-réttinn að bókinni



og munu Depp og félagar sjá um að koma myndinni á koppinn. Litvinenko lést í London í nóvember í fyrra eftir að eitrað hafði verið fyrir honum. Áður en hann dó sakaði hann ríkisstjórn Vladimir Pútín, forseta Rússlands, um að hafa eitrað fyrir sér. Neitaði stjórnin því ávallt.

Alan Cowell, sem starfar fyrir New York Times í London, mun skrifa bókina um nýjarsnarann. Segir hún frá ævi hans áður en eitrað var fyrir honum og frá síðustu dögum hans. Er bókin væntanleg Litvinenko KGB-útsendarinn sakaði rússnesk stjórnvöld um að hafa eitrað fyrir sér.

leg til útgáfu seinna á árinu. Ekki hefur verið ákveðið hvort Johnny Depp muni fara með hlutverk Litvinenko.



**JOHNNY DEPP** Kvikmyndaaleikarinn knái mun gera mynd eftir bók um ævi Alexanders Litvinenko.

# Útsala

Opið í dag 13-16

**Verðdæmi:**  
Vandaðir hvíldarstólar m/leðri aðeins kr. 59.000,-  
- með slitsterku áklæði aðeins kr. 39.000,-

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375

www.valhusgogn.is  
Rölu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

Skráðu þig á SAMBIO.IS

# SparBíó\* — 450kr

FRÁIR FÆTUR M/- ÍSL TAL. KL. 1 Í ÁLFABAKKA KL. 2 Í KEF. OG Á AK.

SKOLAD Í BURTU M/- ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA OG KL. 2 Á AKUREYRI

BÆJARHLAÐIÐ M/- ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

ÖBYGGÐIRNAR M/- ÍSL TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

**SparBíó\*** : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR SÝNINGAR  
Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

**AUGLÝSINGASÍMI**

# FRÉTTABLAÐIÐ 550 5000

**> Hrós vikunnar...**

... fær HSÍ fyrir þá umgjörð sem liðið er að búa til í kringum handboltalandsliðið. Stofnun stuðningsmannasamtakanna er til mikillar fyrirmyndar og ekki síst sá jákvæði andi sem reynt er að halda á lofti. Heimasíðan íbliduogstridu.is er einnig vel unnin og færir stuðningsmenn og leikmenn nær hvor öðrum. Vonandi að fólk verði duglegt við að senda strákunum jákvæðar kveðjur í gegnum heimasíðuna meðan á HM stendur. Handboltaunendur kunnug greinilega vel að meta framtakið og fjölmenntu í Höllina þökk sé samtökunum og bakhjörnum HSÍ. Megum við biðja um meira af slíku.

**sport**  
sport@frettabladid.is



**60**  
**SEKÚNDUR**

## MEÐ PÁLÍNU GUNNLAUGSDÓTTUR

**Haukar eru...** klárlega langbestir.

**Kvennakörfubolti er...** finn bolti.

**Ef ekki körfubolti hvað þá?** Fótbolti.

**Fyrirmyndin í körfunni?** Michael Jordan.

**Vörn er...** skemmtilegust.

**Hvert er markmiðið?** Að komast langt.

**Evrópukeppnin var...** mjög skemmtileg og lærdómsrík.

**Þitt lið í NBA?** Boston Celtics.

**Te eða kaffi?** Hvorugt.

**Uppáhaldstónlistarmaður?** Enginn ákveðinn en þessa dagana er ég að hlusta á „Frá heimsenda“ með Forgiven Lores.

**Kók eða Pepsi?** Pepsi.

**Erfiðasti útvöllurinn?** Ætli ég verði ekki að segja Keflavík.

**Verða Haukar tvöfaldir meistarar?** Haukar verða tvöfaldir meistarar.



**5 DAGAR Í HM Í ÞÝSKALANDI**



**STEFAN KRETZSCHMAR** Ekki með á HM.

Stefan Kretschmar:

### Þýskaland getur farið í úrslit

**HANDBOLTI** Hornamaðurinn snjalli Stefan Kretschmar er nánast búinn að afskrifa þátttöku sína á HM en hann var kallaður í hópinn á dögunum. Kretschmar er meiddur og verður ekki búinn að ná sér fyrir mótið. Hann hefur gríðarlega trú á þýska liðinu á HM og telur liðið geta náð alla leið í úrslitaleikinn.

„Ég hef fulla trú á liðinu og tel að liðið eigi að stefna á úrslitaleikinn. Þetta er hörkulið sem þarf ekki að bera virðingu fyrir neinum,“ sagði Kretschmar sem hefur leikið 218 landsleiki. - hbg

Áfall fyrir Krótafu:

### Sola meiddur

**HANDBOLTI** Hinn magnaði markvörður Króata, Vlado Sola, er meiddur á öxl og mun ekki leika með Króótum í riðlakeppni HM.

Lino Cervar landsliðsþjálfari er engu að síður með Sola í landsliðshópi sínum og hann vonast til að Sola verði með liðinu síðar í keppninni. - hbg

## Þunglamaleg og andlaus frammistaða landsliðsins

Íslenska handboltalandsliðið olli fjölmörgum áhorfendum í Laugardalshöll miklum vonbrigðum í gær með slakri frammistöðu gegn Tékkum. Fátt gekk upp hjá stemningslausu íslensku liði og Tékkar unnu sanngjarnan sigur, 27-29.

**HANDBOLTI** Frammistaða íslenska landsliðsins gegn Tékkum í gær gefur ekki góð fyrirheit fyrir heimsmeistarakeppnina sem hefst eftir tæpa viku. Strákarnir voru heillum horfnir nánast allan leikinn og náðu engan veginn að sýna sitt rétta andlit fyrir framan fjölmarga og mjög jákvæða stuðningsmenn liðsins. Tveggja marka tap, 27-29, var niðurstaðan.

Liðin héldust í hendur nánast allan fyrri hálfleikinn en Ísland var þó ávallt skrefi á undan og leiddi með einu marki í leikhli, 16-15. Vörn Íslands í fyrri hálfleiknum var mjög slök og fyrir aftan fann Roland Eradze sig engan veginn en hann varði fimm skot í hálfleiknum.

Stuðningsmenn landsliðsins vonuðust til þess að liðið myndi sýna betri frammistöðu í síðari hálfleik en því fór víðs fjarri. Þess í stað versnaði leikur liðsins til mikilla muna og þá sérstaklega sóknarleikurinn sem var hvorki fugl né fiskur. Tékkar tóku frumkvæðið og lönduðu tiltölulega áreynslalausum sigri en þeir náðu mest fjögurra marka forystu í hálfleiknum.

Það sem olli mestum vonbrigðum í leik íslenska liðsins í gær var hversu andlaus og þunglamalegur leikur liðsins var. Liðið náði aldrei upp almennilegri stemningu í sínum leik en samt voru allar aðstæður fyrir hendi – fjöldi áhorfenda og góð stemning. Varnarleikurinn var ágætur á köflum í síðari hálfleik, Birkir Ívar og



**Í GÓLFINU** Guðjón Valur og félagar ollu vonbrigðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



**ÓLÍKUR SJÁLFUM SÉR** Ólafur Stefánsson getur gert mun betur en hann sýndi í gær en áhyggjuefni er hversu mikið hann virðist hlífa öxlinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Ásgeir Örn áttu fína innkomu og Guðjón Valur var ágætur. Þar með eru jákvæðu hlutirnir upptaldir.

Það er verulegt áhyggjuefni hversu fá mörk liðið skorar utan af velli og ekki er það síður áhyggjuefni hversu ragar skyttarnar eru að skjóta á markið. Ólafur Stefánsson hlífir öxlinni við hvert tækifæri og ef hann nær ekki að koma með skotógnun er liðið í vondum málum. Snorri var nokkuð mistækur og svo kemur lítið sem ekkert framlag af bekknum. Logi byrjaði ágætlega í vinstri skyttunni en Arnór var ragur við

að skjóta á markið eins og í Danmörku. Það var Markús Máni ekki en skot hans voru slök en hvorugur þeirra náði að skora í leiknum.

Með öðrum orðum þá voru flestir í liðinu ólíkir sjálfum sér í leiknum og þeir vita það manna best sjálfir að þeir geta miklum mun betur.

Það er vonandi að strákarnir nái að rífa sig upp og sýni sitt rétta andlit í dag. Til að það gerist verða leikmenn að mæta mikið betur stemmdir til leiks en þeir gerðu í gær.

henry@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



**Á FLUGI** Ragnar Óskarsson átti ágæta innkomu en náði ekki að setja mark sitt á leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

### ÚRSLIT GÆRDAGSINS

**Vináttulandsleikur:**

ÍSLAND-TÉKKLAND 27-29 (16-15)

**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 7 (12), Snorri Steinn Guðjónsson 4 (6/1), Logi Geirsson 4/2 (7/2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (5), Ólafur Stefánsson 3/2 (8/3), Sigfús Sigurðsson 2 (2), Róbert Gunnarsson 2 (4), Alexander Petersson 2 (7).

**Varin skot:** Roland Valur Eradze 8, Birkir Ívar Guðmundsson 6.

**Hraðauppflaup:** 6 (Guðjón 3, Ólafur, Logi, Snorri).

**Fiskuð viti:** 6 (Snorri 2, Róbert 2, Sigfús, Guðjón).

**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Mörk Tékkra:** Filip Jicha 7, David Juricek 7, Jiri Vítek 5, Jan Filip 3/1, Jakub Szymanski 2, Jan Sobol 2, Tomas Reznicek 1, Daniel Kubes 1, Karel Nocar 1.

**Varin skot:** Martin Galia 25.

**Hraðauppflaup:** 8

**Utan vallar:** 8 mínútur.



**ARNÓR RAGUR** Arnór Atlason hefur ekki fundið sig í síðustu leikjum og virðist hræddur við að skjóta á markið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Það var þungt hljóðið í landsliðsþjálfaranum:

## Leikurinn mikil vonbrigði

**HANDBOLTI** „Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með frammistöðuna,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari þungur á brún. „Vörnin í fyrri hálfleik var dauð og engin barátta. Það var eins og þetta væri eitthvert skylduverkefni. Við erum varla að skora mark utan af velli og það er rísaáhyggjuefni.“

Það var engu líkara en leikmenn liðsins væru þungir í leiknum eftir mikið álag. „Við erum búnir að æfa mikið en það afsakar samt ekki þessa frammistöðu. Óli

sigist vera að batna í öxlinni en það verður ekki litið fram hjá því að hann hlífir öxlinni mikið en við vonumst til að hann verði orðinn góður þegar við komum til Þýskalands. Það verður að koma ógnun að utan og ljósi punkturinn var frammistaða Ásgeirs undir lokin en við biðum eftir að kvikni á Arnóri hinum megin,“ sagði Alfreð en hvað gerir hann í dag?

„Ég ætlast til þess að menn sýni meiri stemningu. Svo verður að koma vörn og öguð sókn.“ - hbg



## Íþróttir barna og unglunga

**Hádegisverðarfundur ÍSÍ**

café easy

Föstudaginn 19. janúar heldur Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hádegisverðarfundur í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal undir yfirskriftinni „Íþróttir barna og unglunga“. **Viðar Sigurjónsson** sviðsstjóri Fræðsluviðs ÍSÍ mun fjalla um stefnu ÍSÍ, sérhæfingu, íþróttaskóla o.fl.

Fundurinn hefst kl. 12:00 og mun standa til kl. 13:00. **Aðgangur er ókeypis.**

Frekari upplýsingar má finna á

**www.isisport.is**

Hægt er að kaupa hádegisverð hjá **café easy** sem staðsett er á jarðhæð Íþróttamiðstöðvarinnar





FABIO CAPELLO Vill ekki nota Beckham. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Fabio Capello:

## Beckham spilar ekki aftur

**FÓTBOLTI** Fabio Capello, þjálfari Real Madrid, gaf það út í gær að David Beckham hefði leikið sinn síðasta leik fyrir félagið.

„Beckham mun æfa með liðinu en hann mun ekki spila. Hann hefur alltaf verið fyrirmyndarvinnuamaður en það er ekki hægt að stóla á mann sem er búinn að gera risasamning við annað félag,“ sagði Capello um hinn 31 árs gamla Beckham.

Þessi ummæli gætu breytt miklu fyrir Beckham og nú er jafnvel talað um að Beckham fari fyrir til félagsins og hugsanlega byrji hann að leika með liðinu í apríl þegar keppni í MLS-deildinni hefst.

- hbg

Spænskur markvörður Sevilla:

## Skotinn niður

**FÓTBOLTI** David Cobeno, markvörður spænska liðsins Sevilla, þurfti ekki bara að einbeita sér að verja boltann í bikarleik gegn Rayo Vallecano í vikunni því hann varð sjálfur fyrir árásum æstra áhorfenda. Um leið og leikurinn hófst fór að rigna yfir hann allkyns ávöxtum og matvörum. Þegar Cobeno hætti að lítast á blikuna leitaði hann aðstoðar dómara leiksins. Dómarinn gat þó lítið gert því sökudólgarnir voru fyrir utan leikvöllinn.

„Ég hef aldrei upplifað annað eins og er hneykslaður á þessum móttöku. Það er örugglega einhver búinn að tæma matarbúrið sitt,“ sagði Cobeno í viðtali við Marca en hluti af skýringunni á þessari meðferð gæti verið sú að hann lék áður með Rayo Vallecano. Leikurinn endaði með markalausum jafntefli og sem betur fer fyrir David Cobeno þá er seinni leikurinn spilaður í Sevilla.

- óóó



FÆRIN FORGÖRDUM David Trezeguet og félagar máttu sætta sig við tap. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ítalski fótboltinn:

## Fyrsta tapið hjá Juventus

**FÓTBOLTI** Juventus tapaði í gær sínum fyrsta leik í ítölsku B-deildinni þegar liðið tapaði 0-1 fyrir Mantova í toppslag deildarinnar. Sigurmarkið var sjálfsmark Robert Kovac eftir sjö mínútna leik í seinni hálfleik. Þetta var fyrsta deildartap Juventus í 45 leikjum eða síðan 29. október 2005 þegar liðið lá gegn AC Milan.

Með tapinu féll Juventus niður í 6. sæti, stigi á eftir Mantova og þremur stigum á eftir Napoli sem situr á toppnum. Juventus byrjaði tímabilið með 9 stig í mínus vegna hneykslismálsins sem einnig sá til þess að liðið féll úr A-deildinni.

- óóó

Leikmenn og stjórar tjá sig um José Mourinho:

## Það yrði eftirsjá að José Mourinho

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumenn og knattspyrnstjórar tjáðu sig í gær um Jose Mourinho, stjóra Chelsea, sem mun hugsanlega hætta með Chelsea-liðið næsta sumar samkvæmt breskum fjölmiðlum. Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, er einn þeirra sem segist munu sakna Mourinho ef hann hættir.

„Ég yrði vonsvikinn ef hann hætti. Ég hef notið félagsskapar hans þegar við höfum hist eftir leiki. Hann er skemmtilegur og það er gaman að keppa við hann,“

sagði Ferguson og Didier Drogba, framherji Chelsea, tekur í svipaðan streng.

„Það yrði mjög sársaukafullt að missa hann. Það er ekki auðvelt að missa góðan vin. Ég veit ekki hvort það gerist en ef það er satt þá er það leiðinlegt. Það verða sögur áfram en vonandi verður hann áfram,“ sagði Drogba. „José er búinn að búa til ákveðna menningu hérna. Við elskum hvernig hann þjálfar okkur.“

- hbg



JOSÉ MOURINHO Er í miklum metum hjá leikmönnum sínum sem og stjórum ensku úrvalsdeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## Léttir sigrar toppliðanna

Manchester United heldur áfram sex stiga forskoti á Chelsea á toppnum. Liverpool og Arsenal unnu bæði góða sigra en West Ham missti af sigri í blálokinn.

**FÓTBOLTI** Topplið ensku úrvalsdeildarinnar unnu léttu sigra í gær og forskot Manchester United á Chelsea er því áfram sex stig. Liverpool og Arsenal unnu bæði fína sigra og eru í 3. og 4. sæti eftir að Bolton náði aðeins markalausum jafntefli á móti Manchester United í skelfilegum leik.

Manchester United var með yfirburði frá byrjun gegn Aston Villa og þeir Park Ji-sung og Michael Carrick komu liðinu í 2-0 eftir 13 mínútur. Carrick lagði síðan upp mark fyrir Cristiano Ronaldo sem skoraði sitt þrettánda mark á tímabilinu en Aston Villa náði að minnka muninn í seinni hálfleik. „Við vorum mjög góðir í fyrri hálfleik, spiludum góðan fótbolta og nýttum okkur yfirburðina. Nú er einn leikur enn að baki og við erum í góðri stöðu,“ sagði Alex Ferguson, stjóri United, eftir leik.

Chelsea vann sinn fyrsta sigur í fimm leikjum þegar liðið vann Wigan 4-0. Frank Lampard kom liðinu yfir með marki beint úr aukspyrnu, Arjen Robben skoraði annað markið og Chris Kirkland sendi fyrirgjöf hans síðan í eigið mark áður en Didier Drogba skoraði sitt 14. mark á tímabilinu í uppbótartíma.

„Þrjú jafntefli í röð er ekki venjulegt fyrir okkar lið og við pressuðum meira í dag,“ sagði Jose Mourinho, stjóri Chelsea, eftir leik en hann var sérstaklega ánægður með Robben. „Þegar menn sjá hvernig Robben spilaði



KOMINN Í GANG Thierry Henry er búinn að skora í þremur leikjum í röð og bjó til bæði mörk Arsenal gegn Blackburn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



PRETTÁNDA MARKIÐ Cristiano Ronaldo sést sér skalla boltann í mark Aston Villa og gulltryggja sigur Manchester United og þar með sex stiga forskot á toppnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

gegn Wigan fyrir mánuði og svo aftur í dag sést vel hvað við söknudum hans um hátíðarnar,“ bætti Portúgalinn við.

Liverpool rétti úr kútnum eftir erfiða viku þar sem Arsenal sló liðið með skömm út úr báðum bikarkeppnum. Liverpool vann 3-0 sigur á Watford en þetta var sjöundi sigur liðsins í átta síðustu deildarleikjum. Craig Bellamy kom liðinu yfir og Peter Crouch gulltryggði sigurinn með mörkum hvorum sínum megin við hálfleikinn. Rafael Benitez játtaði því að hörð gagnrýni hafi haft áhrif. „Ég var hissa á þessari hörðu gagnrýni en við getum ekkert gert og verðum bara að halda áfram að vinna okkar vinnu. Við þurfum að sýna karakter og ég sá að mitt lið getur vel stjórnað leik og skapað færi,“ sagði Benitez sem stillti í fyrsta sinn upp þriggja manna framlínu með þeim Crouch, Bellamy og Dirk Kuyt.

Arsenal vann góðan 0-2 útisigur á Blackburn, Thierry Henry lagði upp skallamark fyrir Kolo

Toure og skoraði síðan sjálfur seinna markið. Henry er búinn að skora í þremur leikjum í röð. Arsenal missti Gilberto Silva út af með rautt spjald strax á 13. mínútu og spilaði því manni færri í 77 mínútur.

West Ham missti af tveimur stigum þegar Philippe Christanval tryggði Fulham 3-3 jafntefli með marki í uppbótartíma. Eggert Magnússon var örugglega orðinn vongóður um sigur því Yossi Benayoun kom liðinu tvisvar yfir. Bobby Zamora var síðan rekinn útaf áður en Christanval tók stigin af svekktum leikmönnum West Ham.

Hermann Hreiðarsson og félagar í Charlton komust yfir gegn Middlesbrough en mistök okkar manns kostaði liðið forustuna og undir lokin tryggðu Boro-menn sér 3-1 sigur. „Við verðum að spila af fullum krafti ef við ætlum að vinna og mér fannst við gera það fyrstu 62 mínútur leiksins,“ sagði Alan Pardew, stjóri Charlton.

- óóó

Stjörnuleikur Körfuknattleikssambands Íslands fór fram í 19. skiptið í vesturbænum í gær:

## Sowell setti upp sýningu í DHL-höllinni

**KÖRFUBOLTI** Besta körfuboltafólk landsins hittist og gerði sér glaðan dag í DHL-höllinni í gær þegar Stjörnuleikur KKÍ fór fram í 19. sinn. Erlendu leikmennirnir höfðu betur gegn þeim íslensku þriðja árið í röð en maður dagsins var Þórsarinn Kevin Sowell sem var í miklu stuði og sýndi frábær tilþrif og magnaðar troðslur.

Þetta gerði hann bæði í leiknum sem og í sérstakri troðslusýningu í hálfleik. Sowell skoraði 27 stig í 142-120 sigri erlendu leikmannanna og var valinn maður leiksins. Lamar Karim var með 18 stig og Nemanja Sovic hjá Fjölni var með 15 stig fyrir erlenda liðið. Hjá íslenska liðinu skoraði Kefl-

víkingurinn Magnús Þór Gunnarsson mest, eða 21 stig, Hreggviður Magnússon úr ÍR var með 19 stig og Pétur Már Sigurðsson úr Skallagrími skoraði 18 stig.

Shell-liðið undir stjórn Jóns Halldórs Eðvaldssonar vann Stjörnuleik kvenna í DHL-höllinni í dag. Shell-liðið vann 112-76 sigur á Iceland Express-liði Ágústs Björgvinssonar.

Ifeoma Okonkwo, leikmaður Hauka og Shell-liðsins, var valinn maður leiksins en hún skoraði 23 stig á móti liði þjálfara síns. Keflvíkingarnir Birna Valgarðsdóttir og Kessa Watson, voru einnig atkvæðamiklar hjá Shell-liðinu, Birna með 19 stig og Watson með

17. Hjá Iceland Express-liðinu skoraði Tamara Bowie 12 stig og þær Latrece Bagley og Ingibjörg Skúladóttir skorðu 11 stig hvor.

Axel Kárasón úr Skallagrími og Hildur Sigurðardóttir úr Grindavík unnu þriggja stiga keppnirnar sem haldnar voru samhliða leikjunum. Axel fékk mestu samkeppnina frá félaga sínum í Skallagrímsliðinu, Dimitar Karadzovski og Hildur þurftu bráðabana til þess að tryggja sér sigur í úrslitunum á móti Stelli Rún Kristjánisdóttur úr ÍS.

- óóó

**TROÐIÐ MEÐ STÆL** Þórsarinn Kevin Sowell var í stuði í Stjörnuleik KKÍ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### ÚRSLIT GÆRDAGSINS

#### Enska úrvalsdeildin

BLACKBURN-ARSENAL	0-2
0-1 Toure (37.), 0-2 Henry (71.)	
BOLTON-MAN. CITY	0-0
CHARLTON-MIDDLESBROUGH	1-3
1-0 Floyd Hasselbaink (27.) 1-1 Cattermole (45.), 1-2 Arca (63.), 1-3 Yakubu (68.)	
CHELSEA-WIGAN	4-0
1-0 Lampard (13.), 2-0 Robben (63.), 3-0 sjálfsmark (70.), 4-0 Drogba (90.)	
MAN. UTD-ASTON VILLA	3-1
1-0 Park (11.), 2-0 Carrick (13.), 3-0 Ronaldo (35.)	
3-1 Agbonlahor (52.)	
SHEFF. UTD-PORTSMOUTH	1-1
1-0 Quinn (22.) 1-1 O'Neil (81.)	
WATFORD-LIVERPOOL	0-3
0-1 Bellamy (34.) 0-2 Crouch (40.), 0-3 Crouch (48.)	
WEST HAM-FULHAM	3-3
0-1 Radzinski (16.), 1-1 Zamora (28.) 2-1 Benayoun (46.) 2-2 McBride (59.), 3-2 Benayoun (64.), 3-3 Christanval (90.)	

#### STADAN

MAN. UTD.	23	18	3	2	52-16	57
CHELSEA	23	15	6	2	41-17	51
LIVERPOOL	23	13	4	6	35-16	43
ARSENAL	23	12	6	5	43-19	42
BOLTON	23	12	4	7	27-21	40
PORTSM.	23	10	7	6	34-23	37
TOTTENHAM	22	9	5	8	26-28	32
EVERTON	22	8	7	7	28-22	31
READING	22	9	3	10	30-30	30
MAN. CITY	23	8	6	9	19-25	30
BLACKBURN	22	8	4	10	24-31	28
FULHAM	23	6	10	7	25-35	28
MIDDLESB.	23	7	6	10	24-28	27
A. VILLA	23	5	11	7	24-28	26
NEWCASTLE	22	7	5	10	23-28	26
SHEFF.UTD	23	6	6	11	18-30	24
WIGAN	22	6	4	12	23-36	22
WEST HAM	23	5	4	14	15-36	19
CHARLTON	23	4	4	15	18-43	16
WATFORD	21	1	9	11	12-29	12



TAKK HEIÐAR Thomas Radzinski þakkar hér Heiðari Helgusyni fyrir að leggja upp mark fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES





**BECKHAM-HJÓNIN** Hér í veislu fyrir brúðkaup Toms Cruise og Katie Holmes.

David Beckham:

## Ráðfærði sig við Tom Cruise

**FÓTBOLTI** David Beckham játaði í viðtali í Bandaríkjunum í gær að hann hefði ráðfært sig við leikarann Tom Cruise áður en hann tók ákvörðun um að taka tilboði LA Galaxy.

„Ég talaði við Tom í um klukkutíma í símann tvö kvöld í röð. Að sjálfsögðu var ég að leita ráða hjá honum enda er Tom vel gefinn maður og góður vinur minn. Það hjálpar mikið að eiga vini í LA þegar við flytjum þangað,“ sagði Beckham.

Beckham-hjónin eru vinfólk Cruise-hjónanna og skemmst er að minnst fjaðrafoksins er Beckham fór í veislu til Cruise-hjónanna kvöldið fyrir giftingu þeirra en þá var talið að hann hefði stungið af frá Real Madrid.

- hbg


Sundsambandið og SÁÁ:

## Samningur um forvarnir

**SUND** Sundsamband Íslands og SÁÁ hafa gert með sér tímamótasamning sem kveður á um að SÁÁ fari með sérstaka forvarnarfræðslu inn í öll sundfélög á landinu.

Fræðslan er ætluð þjálfurum, starfsfólki og forsvarsfólki félaganna og fjallar um fyrirmyndarhlutverk þessa fólks gagnvart þeim börnum og unglingum sem veruð er að vinna fyrir. Þá er fræðslunni einnig beint að foreldrum sundfólks og sundfólkið fær einnig sjálft fræðslu þegar það verður eldra en 13 ára.

- óóó



**MIKE TYSON** Hér að lýsa hnefaleikabar-daga.

Mike Tyson:

## Gæti fengið sjö ára dóm

**BOX** Hnefaleikakappinn Mike Tyson hefur verið kærður fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna sem og að hafa fíkniefni í fórum sínum. Lögreglan fann kókaín á Tyson og í bíl hans. Ef Tyson verður fundinn sekur á hann yfir höfði sér sjö ára fangelsi.

Samkvæmt dómsskjölum var Tyson handtekinn er bill hans keyrði næstum á lögreglubíl. Lögreglumaðurinn sem handtók Tyson segir hnefaleikakappann hafa játað að vera undir áhrifum kókaíns og að vera háður efninu.

Árið 1992 var Tyson sakfelldur í nauðgunarmálum og mátti dúsa í fangelsi í þrjú ár fyrir vikið.

- hbg

Eigendur LA Galaxy verja kaupin á David Beckham:

## Beckham kemur til þess að spila fótþolta

**FÓTBOLTI** Eigendur bandaríska knattspyrnuliðsins LA Galaxy voru í gær þá ákvörðun sína að kaupa David Beckham til félagsins. Tvennum sögum fer af verðmæti samningsins sem er þó að minnsta kosti 9 milljarða króna virði.

„Beckham kemur til þess að spila fótþolta. Hann er ekki að koma til að verða kóngur í skemmtanabransanum,“ sagði Tim Leiweke, forseti AEG, sem á LA Galaxy.

„Beckham mun draga áhorfendur á völlinn og eignast fjölda aðdáenda og svo mun verða meiri áhugi á deildinni en nokkurn tíma áður. Hans fyrsta skylda er þó að gera liðið betra. Við gerðum samning við hann því hann er frábær leikmaður og þar að auki á besta aldri.“

Beckham hefur harðneitað því að hann sé að koma til Bandarík-anna út af peningum þótt hann játi að upphæðin sem hann fær sé svakalega há.

- hbg



**Í GÓÐRA VINA HÓPI** Beckham sést hér ásamt Tim Leiweke, eiganda LA Galaxy, og umboðsmanninum Simon Fuller, sem stofnaði Spice Girls, en hann er talinn eiga stóran þátt í samningi Beckhams við Galaxy.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## Ryðið farið af Stjórnunni

Stjarnan, Valur og Gróttu eru efst og jöfn í DHL-deild kvenna. Stjarnan vann góðan sigur á Haukum og hélt markahæsta liði deildarinnar í 15 mörkum.

**HANDBOLTI** Stjarnan vann sex marka sigur á Haukum, 21-15, í DHL-deild kvenna og er nú eitt þriggja liða á toppnum í deildinni með jafnmörg stig og Gróttu og Valur. Stjórnuliðið hafði ágæt tók á leiknum allan tímann, var þremur mörkum yfir í hálfleik, 11-8, og komst sjö mörkum yfir í upphafi seinni hálfleiks en slæmur kafli hleypti Haukaliðinu aftur inn í leikinn. Stjarnan vann hins vegar síðustu 15 mínútur leiksins 5-1 og tryggði sér mikilvægan sigur.

„Við höfum verið að ná hinum liðunum eftir síðustu leiki og við erum ánægð með að við séum farin að sjá aðeins raunhæfari stöðu í deildinni. Þetta er hörku-barátta milli okkar og Vals,“ segir Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjórnunnar. „Við skulum vona að ryðið sé farið af okkur eftir vonbrigði í fyrsta leiknum eftir pásu sem var á móti Val. Stelpurnar eru farnar að sýna stöðugari leik og eru búnar að spila frábæra 3:2:1 vörn í tveimur leikjum í röð,“ sagði Aðalsteinn en hann var ánægður með vörnina. „Vörnin var ótrúleg í þessum leik,“ segir Aðalsteinn sem vildi hrósa tveimur leikmönnum sérstaklega. „Að mínu mati var Ásdís Sigurðardóttir ásamt Florentínu langbestu menn vallarins. Ásdís hefur ákveðið andlegt forskot á Ramune og hefur alltaf gengið mjög vel að spila á móti henni. Ég er ofboðslega heppinn að hafa slíkan varnarmann í mínu liði,“ sagði Aðalsteinn um Ásdís Sigurðardóttur en Ramune Pekarskyte skoraði aðeins tvö mörk úr uppsettri sókn þrátt fyrir að vera nánast ekkert tekin úr umferð.

„Það er gaman að vera með



**STOPPAÐI RAMUNE** Stjórnustúlkan Ásdís Sigurðardóttir var ekkert lamb að leika sér við fyrir Ramune Pekarskyte hjá Haukum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

svona stóran hóp og í dag gekk þetta betur upp hjá öðrum leikmönnum en vanalega. Alina kom sterk inn eftir að hafa verið í vandræðum og við fengum fullt af mörkum frá henni,“ sagði Aðalsteinn og hrósaði einnig Jónu Margrétu Ragnarsdóttur. „Jóna ætlar að vera okkar örlagavaldur og hún kom með mjög mörg mikilvæg mörk fyrir okkur,“ sagði Aðalsteinn en Jóna bjó til dýrmæt mörk fyrir Stjórnuliðið.

Haukaliðið átti í vandræðum í sókninni og stórskytturarnar Ramune Pekarskyte og Sandra Stojkovic skoruðu aðeins saman 4

mörk utan af velli. Erna Þránsdóttir var best ásamt Helgu Torfadóttur sem átti ágæta spretti í markinu.

„Við vorum alltaf að elta þær og svo þegar við vorum að ná þessu vantaði bara herslumuninn að við kæmst aftur almennilega inn í leikinn. Florentina varði vel á mikilvægum augnablikum og það er gríðarlega gott fyrir þær að hafa hana fyrir aftan sig. Þetta verður erfitt hjá okkur því þetta var mikilvægur leikur en þetta er ekki buið og hin liðin geta öll misstigið sig líka,“ sagði Harpa Melsted, fyrirliði Hauka.

ooj@frettabladid.is

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### DHL-deild kvenna

STJARNAN-HAUKAR 21-15 (11-8)

**Mörk Stjórnunnar (skot):** Alina Petrasche 6/1 (9/1), Elísabet Gunnarsd. 3 (3), Sólveig L. Kjærnsted 3 (4), Jóna M. Ragnarsd. 3 (6), Kristín Guðmundsdóttir 2 (6), Rakel Dögg Bragad. 2/1 (9/2), Florentina Grecu 1 (1), Kristín Clausen 1 (2).

**Varin skot:** Florentina Grecu 16/3 (30/6, 53%) Helga Vala Jónsdóttir 0 (1/1).

**Hraðauppflaup:** 4 (Sólveig 2, Grecu, Elísabet)

**Fiskuð viti:** Kristín Jóhanna 2, Sólveig

**Útan vallar:** 6 mínútur.

**Mörk Hauka (skot):** Ramune Pekarskyte 6/3 (14/4), Erna Þránsd. 4 (6), Sandra Stojkovic 2/1 (5/1), Austra Geciene 1 (2), Harpa Melsted 1 (2), Hanna G. Stefánsd. 1 (5/1), Nina Björnsd. 0 (2).

**Varin skot:** Helga Torfadóttir 13/1 (28/3, 46%) Guðrún Bryndís Jónsdóttir 1 (7, 14%).

**Hraðauppflaup:** 4 (Erna, Harpa, Hanna, Ramune)

**Fiskuð viti:** Hanna 2, Ramune 2, Erna, Ingibjörg

Karlsdóttir, Nina Kristín.

**Útan vallar:** 6 mínútur.

GRÓTTA-HK 30-21 (14-10)

**Mörk Gróttu:** Ragna Karen Sigurðardóttir 9, Natasja Damiljanovic 6, Sandra Paegle 5, Eva Margrét Kristinsdóttir 5, Þórunn Friðriksdóttir 3, Anna Úrsula Guðmundsdóttir 1, Karólína Gunnarsdóttir.

**Mörk HK:** Auksé Vysniskaitė 7, Tatjana Zukoška 5, Auður Jónsdóttir 4, Rut Jónsdóttir 2, Arna Sif Pálsdóttir 1, Brynja Magnúsdóttir 1, Hjördis Rafnsdóttir 1.

FRAM-FH 24-22 (10-11)

**Mörk Fram:** Guðrún Hálfánard. 7, Hildur Knútsd. 6, Hekla Daðad. 6, Marthe Sördal 2, Arna Einarssd. 1, Karen Knútsd. 1, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1.

**Mörk FH:** Ásta Björk Agnarsd. 8, Sigrún Gilsd. 6, Elin Hrafnisdóttir 3, Andrea Olsen 2, Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 2, Birna Íris Helgadóttir 1.

AKUREYRI-ÍBV 23-23 (13-12)

**Mörk Akureyri:** Ester Óskarsdóttir 9, Erla Tryggvadóttir 4, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 3, Emma Davoody 3, Auður Ómarsdóttir 1.

**Mörk ÍBV:** Pavla Plaminkova 6, Renata Hrovath 6, Pavla Nevarilova 6, Valentina Radu 2, Sæunn Magnúsdóttir 2, Hekla Hannesdóttir 1.

### STADAN:

VALUR	11	8	2	1	298-254	18
STJARNAN	11	9	0	2	331-229	18
GRÓTTA	13	9	0	4	336-301	18
HAUKAR	13	8	0	5	369-319	16
FRAM	13	5	3	5	300-323	13
ÍBV	11	5	2	4	292-285	12
HK	12	3	1	8	292-285	7
FH	12	2	1	9	263-319	5
AKUREYRI	12	0	1	11	226-325	1

## SUNNUGAGSPENNINN JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON

### Af hverju þekkir Rami Mohamed ekki Guðjón Val?

Engin íþrótt býr yfir jafn miklum töframætti og knattspyrnan. Ég fékk endanlega staðfestingu á því í Tanger í Marokkó í síðustu viku. Víða á kaffi- og veitingahúsum þar í borg má sjá fána F.C. Barcelona eða Real Madrid hanga fyrir neðan myndina af Mohamed VI konungi. Tennis, Dakar-ralliðið eða úlfaldahlupið í Sádi-Arabíu komast hins vegar ekki upp á vegg.

Á göngu minni um markaðinn í gamla borgarhlutanum barst Eiður Smári venjulega í tal eftir að kaupmenn og aðrir höfðu spurt mig hvaðan ég væri og hvort ekki mætti bjóða mér eitt og annað á verði sem í raun var aðeins fyrir útlenninga og ríka vitleysinga.

Björk og Sigur Rós tilheyra hinsvegar menningu sem ekki á upp á pallborðið í Tanger en töframáttur knattspyrnunnar virðir engin menningarleg takmörk.

#### Hvað verður um Saviola?

En spænska deildin er þó ekki í

sínun falletasta fasa um þessar mundir. Nú er nefnilega vetrarmarkaðurinn í algleymingi og sitja sumir undir tilboðaregni meðan aðrir sitja við símann og bíða eftir því að Eggert Magnússon eða einhver álfka slái á þráðinn.

Sviptingar geta orðið svo hraðar og miklar milli liða að það minnir jafnvel á íslenska fjölmíðlamarkaðinn.

Til dæmis vissi Javier Saviola varla með hvoru liðinu hann átti að keppa þegar Espanyol og Barcelona öttu kappi í gær.

Kanínan, eins og hann er oftast kallaður, er vissulega á samningi hjá Barcelona en tilboðið frá Espanyol sem hann fékk rétt fyrir leik var með fullt af gulrótum.

Svo eru bæði lið frá Börsungaborg svo hann þarf ekki að pakka saman hvernig sem fer.

#### Stjórnurnar reyntast af Real Madrid

Beckham er nú loks búinn að telja núllin á tilboðinu frá Los Angeles

Galaxy svo kappinn fer með frú og familíu til Kaliforníu í sumar. Ronaldo er hins vegar enn að velta vöngum yfir tilboðinu frá sádi-arabíska liðinu Al Ittihad.

Cassano hefur að undanförunu verið í einskonar skammkrók hjá landa sínum Capello þjálfara fyrir að segja hann vera ósvífinn svo nú vill hann komast burt og jafnvel Raúl Bravo gæti verið á förum.

Í staðinn fyrir þessi stóru nöfn eru komnir þrír ungir menn frá Suður-Ameríku; þeir Marceló, Higuaín og Gágó. Meira að segja mamma þeirra man varla hvað þeir heita! (Svo ég grípi nú til þessa gríska máltækis.)

#### Töframáttur knattspyrnunnar

En talandi um knattspyrnumenn á markaðnum. Ég kom við í fatahreinsun Rami Mohamed á markaðnum í gamla borgarhlutanum í Tanger.

Ég var ekki að fara með kuflinn minn í hreinsun heldur hékk þar



**ABDELOUAHED OG RAMI MOHAMED** Í EFNALAUGGINNI Í TANGER Myndin af Eiði Smára er uppi til vinstri.

uppi mynd sem dró athygli mína. Innan um myndir af Zidane, Buffon, Figo og fleiri stjörnum hékk mynd af okkar manni: Eiði Smára.

Rami Mohammed kannaðist hins vegar ekkert við Guðjón Val sem þó var valinn íþróttamaður ársins. Slíkur er töframáttur knattspyrnunnar!



## > MACAULAY CULKIN

Ein allra frægasta barnstjarna sögunnar. Fæddist árið 1980 í New York en hann á sex systkini. Hann kom við sögu í leikritum aðeins fjögurra ára gamall og lék fyrst í kvikmyndum átta ára. Árið 1990 lék hann síðan í Home Alone sem sló í gegn en myndin verður sýnd á Stöð 2 Bío í dag. Næstu ár á eftir lék hann í vinsælum myndum á borð við My Girl og sópaði að sér peningum. Eftir það hefur frægðarsól hans fallið hratt.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR LÍTUR Á KVENLEG GILDI Í KVÖLD

### Fjölburafans

Það sem helst ber fyrir augu á ljósvakamiðlunum eru læknaþættirnir Þrír, lögfræðingabátturinn og raunveruleikaþættirnir Tólf. Á miðvikudögum erum við upptekin af útlitinu og þá getum við horft á raunveruleikaþátt um lýtalækningar, leikið efni um lýtalækningar og America's Next Top Model sem er á sinn hátt mjög hvetjandi fyrir hina venjulegu stúlku að gangast undir einhvers konar líkamsmótunaraðgerðir. Að minnsta kosti að taka mataræðið harkalega í gegn. Nokkuð sem fer algerlega út um þúfur hjá konum sem ganga með fjölburum.

Vel á minnst, úr ljósvakaheimum er það annars að fréttu að það er inni hjá sjónvarpsstjórnunum að eiga tvíbura. Bæði Marcia Cross sem leikur hina kaldhreinsuðu Bree í Aðþrengdum eiginkonum og Patrick Dempsey sem við þekkjum betur sem Dr. McDreamy úr Grey's Anatomy, eiga von á tvíbura á árinu. Ekki hvort með öðru samt. Justin Chambers sem leikur Alex Karev í þáttunum á tvíbura og er tvíburi sjálfur. Fleiri frægir sem eiga eða hafa átt tvíbura eru Al Pacino, Julia Roberts, Denzel Washington, Donald Sutherland (Kiefer sonur hans er tvíburi), Margaret Thatcher og William Shake-



speare. Svo eru líka til margir frægir tvíburar sem of langt mál er að telja hér. Í kvöld má sjá þátt á National Geographic sem heitir In the Womb en þar er skyggst inn í veruleika fjölburum í móðurkviði og hvernig þeir snertast, stimpast og leika sér. Já, lífið er stórkostlegt í öllum sínum margbreytileika og margar sannanir á því má sjá í sjónvarpinu.

## EKKI MISSA AF



► **15.50 Tottenham - Newcastle SKJÁR SPORT**



► **16.00 Cheaper by the Dozen STÖÐ 2 BÍÓ**



► **16.05 Ísland - Tékkland RÚV**



► **20.00 John Lennon SIRKUS**



► **22.30 30 days SKJÁR EINN**

## ☀ SJÓNVARPIÐ

- 08.00 Morgunstundin okkar
- 08.01 Sammi brunavörður (20:26)
- 08.11 Bitte nú! (45:52)
- 08.34 Hopp og hí Sessamí (35:52)
- 08.58 Disneystundin
- 08.59 Herkúles (18:28)
- 09.23 Sigildar teiknimyndir (18:42)
- 09.30 Ameríski drekkinn (1:3)
- 09.55 Heimsvikarmótið í alpagreinum Bein útsending frá keppni í risasvigi kvenna.
- 11.30 Jón Ólaf (e)
- 12.10 Spaugstofan (e)
- 12.40 Orhan Pamuk (e)
- 13.10 Tíu fingur (10:12)
- 14.05 100% manneskja (e)
- 15.00 Júdasarguðspjallið (e) (The Lost Gospel of Judas)
- 15.55 Lithvörð (e) (2:12)
- 16.05 Landsleikur í handbolta Ísland - Tékkland í Laugardalshöll.
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Stundin okkar (17:30)
- 18.30 Leirkarlinn með galdrahattinn
- 18.40 Töfrahringurinn
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Tíu fingur (11:12)
- 21.20 Lóvís og Carl Michael (2:2)
- 22.20 Helgarsportíð
- 22.45 Rugl út í eitt (Un pur moment de rock'n roll) Frönsk bíómynd frá 1999.
- 00.30 Kastljós
- 01.15 Dagskrárlök

## ☀ BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Full Court Miracle
- 08.00 Cheaper by the Dozen
- 10.00 Home Alone (Aleinn heima)
- 12.00 Lackawanna Blues
- 14.00 Full Court Miracle
- 16.00 Cheaper by the Dozen
- 18.00 Home Alone (Aleinn heima)
- 20.00 Lackawanna Blues
- 22.00 Baran
- 00.00 Spartan Bönnuð börnum.
- 02.00 Trauma Bönnuð börnum.
- 04.00 Baran
- 07.00 Myrkfælnu draugarnir (65.90)
- 07.15 Pocoyo
- 07.25 William's Wish Wellingtons
- 07.30 Addi Panda
- 07.35 Barney
- 08.00 Stubbarnir
- 08.25 Doddí litli og Eyrnastór
- 08.35 Kalli og Lóla
- 08.45 Könnuðurinn Dóra
- 09.10 Grallararnir
- 09.30 Litlu Tommi og Jenni
- 09.55 Kalli litli kanína og vinir hans
- 10.15 Ævintýri Jonna Quests
- 10.35 Bratz
- 11.00 Sabrina - Unglingsnormin
- 11.20 Galdrastelpurnar (18.26)
- 11.40 Ljónagrín (Father of the Pride)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.25 Silfur Egils
- 14.00 Neighbours (e)
- 15.50 Í sjöunda himni með Hemma Gunn (e)
- 16.55 Svæsnustu eyðsluseggir í Hollywood
- 17.45 Martha
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.10 Kompás
- 19.45 Sjálfstætt fólk
- 20.20 Cold Case (2.24) (Óupplýst mál) Líðið dregur gamalt, óuppgert mál upp á yfirborðið sem snýr að konu úr bandaríska hernum en gerviútlímur hennar finnst í á. Scotty heimsækir gamlan bróður í tengslum við málið og við það rifjast upp erfiðar minningar úr æsku þeirra.
- 21.05 Numbers (11.24) (Tölur)
- 21.50 Thief - LOKAPÁTTUR (6.6)
- 22.35 60 mínútur
- 23.25 X-Factor (8.20)
- 00.20 Down With Love (Ástsýki) Rómantísk gamanmynd sem gerist í New York.
- 02.00 Fallen (1.2) (Ófögur fortíð) Hörkuspennandi framhaldsmynd. Bönnuð börnum.
- 03.10 Fallen (2.2)
- 04.20 Cold Case (2.24) (Óupplýst mál)
- 05.15 Sjálfstætt fólk
- 05.50 Fréttir
- 06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI



## ☑ SIRKUS TV

- 15.00 Tekinn (e)
- 15.30 American Dad 3 (e)
- 16.00 Star Stories (e) Gamanþættir þar sem gert er grín að stjórnum og lífi þeirra.
- 16.30 Brat Camp USA (e) Hvað gerir þú við unglingsmál að blótar þér, brýtur lög og hlustar ekki á neitt sem þú segir?
- 17.15 Trading Spouses (e) Er grasið grænna hinumegin? Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf. Er líf þeirra ekki nógu gott eða eru þau vanþakklát? Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur.
- 18.00 Seinfeld (e) (9.24)
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.10 Seinfeld (e) (10.24)
- 19.35 Four Kings (e)
- 20.00 John Lennon - Live in New York Tónleikar John Lennon í New York frá árinu 1972. Þetta voru meðal síðustu tónleika Johns Lennon sem náðust á filmu.
- 21.00 Vanished (11.13) Jeffrey Collins er þingmaður á hraðri uppleið. Hann er giftur hinni ungu og fallegu Söru sem sinnir góðgerðarmálum af miklum hug.
- 21.50 Weeds (11.12)
- 22.20 Till Death Do Us Part Svo virðist sem nýjasta æðið hjá hjónum í Hollywood sé að gera raunveruleikaþætti þar sem hjónakomin opinbera ást sína og gera í því að sýna áhorfendum hversu hamingjusöm þau eru. En einhver álög virðast þó vera á slíkum þáttum þar sem öll pörin virðast skilja um leið og tókum lýkur. Ofur-gellan Carmen Electra og metró-rokkarinn Dave Navarro eru ekki undanskilin þeirri gullnu reglu.
- 22.50 Ali G (e)
- 23.20 Janice Dickinson (e)
- 23.50 KF Nörd (1.15)
- 00.35 The Loop - NÝTT (e) Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi.
- 01.00 Pepper Dennis (e)
- 01.45 Entertainment Tonight (e)
- 02.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV
- ☑ SJÓNVARP NORÐURLANDS
- Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15
- OMEGA
- Dagskrá allan sólarhringinn.

## 🕒 SKJÁREINN

- 10.45 2006 World Pool Championships
- 12.45 Love, Inc. (e)
- 13.15 Out of Practice (e)
- 13.45 2006 Land Rover G4 Challenge Spennandi bílaþáttaröð þar sem keppendur frá 18 löndum taka þátt í skemmtilegri keppni sem reynir á hæfileika, úthald og útsjónarsemi. Keppnin fer fram í fjórum áföngum á fjórum vikum.
- 14.15 One Tree Hill (e)
- 15.15 Queer Eye for the Straight Guy
- 16.15 America's Next Top Model (e)
- 17.15 Million Dollar Listing (e)
- 18.15 Rachael Ray (e)
- Glænýr spjallþætti.
- 19.10 Battlestar Galactica (e)
- 20.00 2006 Land Rover G4 Challenge
- 20.30 Celebrity Overhaul Ástralskir raunveruleikaþættir þar sem fræga fólk er tekið í gegn. Það er ekki bara hugsað um mataræðið heldur eru gerðar breytingar á líf-erni þátttakenda og lífi þeirra breytt til frambúðar.
- 21.30 Boston Legal
- 22.30 30 Days Mögnuð þáttaröð frá Morgan Spurlock, mannum sem vakti heimsathygli þegar hann gerði heimildarmyndina Super Size Me. Þar prófaði hann að lífa eingöngu á mat frá McDonald's skynbitakeðjunni í einn mánuð og tefldi lífi sínu í hættu. Í þessari þáttaröð heldur hann áfram með sama þema og prófar að setja sig í spor annarra í einn mánuð.
- 23.30 Da Vinci's Inquest
- 00.20 Law & Order (e)
- 01.10 Heroes (e) Fersk og spennandi þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika.
- 02.10 The Real Housewives of Orange County (e)

## 🏆 SKJÁR SPORT

- 12.30 Líðið mitt (e)
- 13.35 Everton - Reading (beint)
- 15.50 Tottenham - Newcastle (beint)
- 18.00 Prumuskot (e)
- 19.20 Ítalski boltinn (Lazio - Siena)
- 21.30 West Ham - Fulham (frá 13. jan)
- 23.30 Bolton - Man. City (frá 13. jan)
- 01.30 Dagskrárlök



## ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN

### Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.

**GULL BYLGJAN**  
909  
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

**Í KVÖLD**

**SIRKUS KL. 22.20**

**Till Death Do Us Part: Carmen**

Svo virðist sem nýjasta æðið hjá hjónum í Hollywood sé að gera raunveruleikþætti þar sem hjónakornin opinbera ást sína og gera í því að sýna áhorfendum hversu hamingjusöm þau eru. En einhver álög virðast þó vera á slíkum þáttum þar sem öll pörin virðast skilja um leið og tókum lýkur. Ofurgellan Carmen Electra og metró-rokkarinn Dave Navarro eru ekki undanskilin þeirri gullnu reglu og í þessum þáttum sem sýndir eru á Sirkus fáum við að fylgjast með undirbúningi brúðkaups þeirra og lífinu í kjölfarið. Hjónin dugðu í sjö þætti sem er bara nokkuð gott í Hollywood, ekki satt?



**VIÐ MÆLUM MED COLD CASE Á STÖÐ 2 20.20**

Lily Rush fer fyrir sérstakri deild innan rannsóknarlögreglunnar í Filadelfíuborg sem sérhæfir sig í að taka upp rannsókn á óleystum sakamálum, gjarnan morðmálum. Í þætti kvöldsins dregur liðið gamalt, úppgert mál upp á yfirborðið sem snýr að konu úr bandaríska hernum en gervíutlimur hennar finnst í á. Scotty heimsækir gamlan bróður í tengslum við málið og við það rifjast upp erfiðar minningar úr æsku þeirra.



**RÁS 1 FM 92,4/93,5**

- 08.00 Fréttir 08.05 Morgunandakt 08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 09.00 Fréttir
- 09.03 Lóðrétt eða lárétt 10.00 Fréttir 10.05 Veðurfregin
- 10.15 Vilhjálmur Tell - svissnesk þjóðhetja og goðsagnapersóna (2:3)
- 11.00 Guðspjónusta í Grafarvogskirkja
- 12.00 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 13.00 Útvarpsleikhúsið: Vísindakona deyr
- 14.10 Söngvámál
- 15.00 Sögumenn: Ég er margir en fyrst og fremst hún Helga litla
- 16.00 Fréttir
- 16.08 Veðurfregin
- 16.10 Heimurinn okkar
- 17.00 Síðdegi skógarþúkanna
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Auglýsingar
- 18.26 Seiður og héglog
- 19.00 Afsprengi
- 19.50 Óskastundin
- 20.35 Sagnaslóð
- 21.15 Laufskálinn
- 21.55 Orð kvöldsins
- 22.00 Fréttir
- 22.10 Veðurfregin
- 22.15 Til allra átta
- 23.00 Andrarímur
- 00.00 Fréttir
- 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

**SYN**

- 09.30 Spænski boltinn (Spænski boltinn 06/07)
- 11.10 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.
- 12.50 NFL - ameríska ruðningsdeildin
- 14.50 Gillette Sportpakkinn
- 15.20 Ameríski fótboltinn
- 15.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Sevilla og Mallorca.
- 17.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Celta Vigo og Atletico Madrid.
- 19.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Real Madrid og Real Zaragoza í spænska boltanum. Leikmenn Madridarlíönsins þóttu afar slakir um síðustu helgi og er þess krafist af leikmönnum þess að þeir hristi af sér sláðruorðið. Það gæti þó orðið hægara sagt en gert því leikmenn Zaragoza eru fullir sjálfstrausts eftir sigur gegn toppliði Sevilla í síðasta leik.
- 21.50 NFL - ameríska ruðningsdeildin Bein útsending frá leik San Diego og New England í úrslitakeppni NFL deildarinnar í amerískum fótbolta. San Diego gekk best allra liða í riðlakeppninni og tapaði aðeins tveimur leikjum. New England er jafnframt til alls líklegt enda hefur félagið þrívægis sigað í Super Bowl.

**FASTEIGNASJÓNVARPIÐ**

- 20.00 Nýjar eignir – Nýjstu eignirnar á markaðnum sýndar.
- 21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
- 22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
- 23.00 Nýjar eignir e.
- 0.00 SMS eignir – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð.

**DR 1**

- 6.30 Mickeys klubhus 6.55 Den lille røde traktor
- 7.05 Söndagsfandango 2007 7.30 Lille Nørd
- 8.00 Store Nørd 8.30 Junior 9.00 Juniper Lee
- 9.30 Flight 29 savnes! 9.50 Helt sikkert DR
- 10.00 Fureskolonien 10.30 Det store bønnetyveri - en bilstandswestern 11.00 TV Avisen 11.10 Boxen 11.25 OBS 11.30 Boogie Listen 12.30 Hjerteflimmer 13.00 Gudstjeneste i DR Kirken
- 13.45 Et år med den svenske kongefamilie 14.45 Håndbold Søndag: Kometal Skopje - Slagelse
- 16.30 Bamses Billedbog 17.00 Familien Knurhår
- 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.10 Landsbyhospitalet 19.00 Forbrydelsen 20.00 21 Søndag 20.40 SøndagsSporten 20.55 Dødens Detektiv 21.20 Elephant 22.40 OBS 22.45 DR1 Dokumentaren - Sig det ikke til nogen

**NKI**

- 6.30 Stá opp 6.40 Lisa 6.50 Teddy og Annie 7.00 Willy Nilsen på camping 7.25 Bravo Bibbi! 7.40 Disneytímen 8.35 Familien Pling 9.00 V-cup alpint: Slalám 9.50 V-cup skiskyting: Fellesstart kvinner 10.55 V-cup kombinert: Hopp lag 11.50 V-cup skiskyting: Fellesstart menn 12.45 V-cup hopp: Skiflyging 13.25 Sport i dag 13.40 V-cup hopp: Skiflyging 14.30 V-cup kombinert: Høydepunkter stafett lag 15.00 EM skøyter 2007: 5000 m kvinner og 10 000 m menn 16.45 Sport i dag 17.00 Willy Nilsen på camping 17.20 Småspøkelsene 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Planeten vår 20.05 Supersize Me 21.45 NM-rally: Mountain Rally 22.10 Kveldsnytt 22.25 Dok1: En historie fra Hæsselby 23.15 Nytt på nytt 23.45 En griselekker flukt

**SVT 1**

- 7.00 BoliBompa 7.01 Nånting levande åt Lame-Kal 7.30 Karsten och Petra 7.40 Barnen på Lilla Akademien 8.00 Fredagsrör 8.30 Magiska ögonblick 9.50 Skidskytte: Ruhpolding 11.10 Skidhjälar på undantag 11.40 Resan till Amerika 13.00 Revykungen 14.00 På spåret 15.00 Galaspektakel 16.00 Lennart Johansson - all of me 17.00 Se min värld 17.30 Tillbaka till Vintergatan 18.00 Nära djuren 18.30 Rapport 19.00 Håll tyst, världen! 19.30 Sportspegeln 20.15 Miles Davis - Live at the Isle of Wight 21.45 Rapport 21.55 Snappanar 22.55 Försvunnen 23.40 Sändningar från SVT24



**Glæsilegar sérferðir**  
**Heimsferða 2007**

Heimsferðum er sérstök ánægja að kynna sérferðir sínar fyrir vor og sumar 2007. Framboðið hefur aldrei verið glæsilegra en í ár og ættu flestir að geta fundið spennandi ferð við sitt hæfi sem býður ævintýri, upplifanir og ógleymanlegar minningar. Heimsferðir óska þér og þínum góðrar ferðar hvert sem leiðin liggur á árinu 2007.



Kynntu þér glæsilegan sérferðabækling okkar sem dreift er með blaðinu í dag eða á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



- Kína – paskarero 1.-14. apríl
- Marokkó og Andalúsía 14.-24. apríl
- Evrópskar borgarperlur 7.-16. maí
- Vorið í Mont Tremblant 17.-24. maí
- Perlur Búlgaríu 21.-28. maí
- Perlur Slóveníu 27. maí - 3. júní
- Perlur Grikklands 30. júní - 14. júlí
- Ævintýri í Kanada 12.-19. júní
- Gardavatn 29. júlí - 5. ágúst
- Búlgaría – Rúmenía 30. júlí - 13. ágúst
- Þvert yfir Alpna 12.-26. ágúst
- Montreal og Québec 23.-30. ágúst
- 5 landa sýn á Balkanskaga 26. ágúst - 9. sept.
- Katalónía 31. ágúst - 14. sept.
- Bled í Slóveníu 2.-9. september
- Ítölsku Alpavötnin 9.-16. september
- Ítalska ríviran – Rapallo 16.-23. september



**Gönguferðir**

- Cinque Terre
- Norður-Spánn
- Á göngu í Kanada
- Slóvenía – Júlíönsku Alparnir
- Á mótum þriggja landa (göngu- og hjólaferð)



**Glæsiflugtíngar**

- Töfrar Miðjarðarhafsins
- Adría- og Eyjahafssigling
- Gersemar Miðjarðarhafsins
- Gríska-Eyjahafið og Rhodos
- Fornar menningararlóðir Grikklands og Tyrklands





... fá R/JF-hópurinn og Einar S. Einarsson fyrir þrautseigju og óbilgírni í þágu Arons Pálma sem loksins er á leiðinni heim.

## HIN HLIÐIN: GUÐRÚN ÁRNÝ KARLSDÓTTIR SÖNGKONA

### Lætur ekkert sitja á hakanum

**Hvað er að fréttu?** Skólinn er að byrja aftur. Ég gaf út disk í haust, og svo var minningarplatan um Svandísí Pulu að koma út. Ég vona að fólk kaupi þann disk, þau munar um hvern disk sem er seldur.

**Augnútur:** Gráblár.

**Starf:** Mér finnst hrikalega erfitt að titla mig sem söngkonu eða píanóleikara. Ég starfa við tónlist.

**Fjölskylduhagir:** Ég á lítinn dreng sem er tuttugu mánaða og bý með sambýlismanni mínum til sex ára.

**Hvaðan ertu?** Ættuð frá Eskifirði, Egilsstöðum og Hornafirði. Mér finnst ég vera Hafnirðingur, ég flutti hingað svo ung og ætla mér að vera áfram.

**Ertu hjátrúarfull?** Mér finnst ég ekki vera það, en ef ég brýt spegil eða svartur köttur verður á vegi mínum verð ég svolítið efins.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Friends, Desperate Housewives, Sex and the City og House.

**Uppáhaldsmatur:** Kjötbollur í brúnni.

**Fallegasti staður:** Þakgil, rétt hjá Vík í Mýrdal. **iPod eða geislasplari:** Ég á hvorki iPod né graejur. Fermingargraejurnar mínar skemmdust og ég er með geislasplara í láni frá mömmu. En ég stefni á að fá mér Bang&Olufsen og iPod.

**Hvað er skemmtilegast?** Jólnin og að vera heima með fjölskyldunni og gera ekki neitt. Það er best.

**Hvað er leiðinlegast?** Ég held mér finnst voða fátt leiðinlegt. Samt er margt misskemmtilegt.

**Helsti veikleiki:** Ég tek hlutina oft svolítið inn á mig.

**Helsti kostur:** Ég er mjög skipulögð, er til dæmis búin að kaupa allt jóladót fyrir næstu jóla. Ég læt ekkert sitja á hakanum, það myndi leggjast á sálina í mér.

**Helsta afrek:** Að eignast strákinn minn, það er sigur út af fyrir sig.

**Mestu vonbrigðin:** Þegar mér var sagt að ég myndi eiga strákinn minn fyrir tímann. En það fór allt mjög vel.

**Hver er draumurinn?**

Að geta unnið í tónlist og eiga heilbrigða og æðslega fjölskyldu, sem hún er í dag.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?**

Soffía og Bergsteinn, systkini mín. Þau ættu að vera í einhverjum þætti. Bergsteinn getur hermt fullkomlega eftir hvaða leikara sem er.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Akkúrat núna að ég næ ekki Kananum í útvarpinu í bílnum mínum.

**Hvað er mikilvægast?**

Öll fjölskyldan mín.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Lára Ómarsdóttir** er gengin til liðs við ört stækkandi hóp fréttamanna sem blogga. Í nýlegri færslu gerir hún nýársannál keppinautanna á RÚV að umtalsefni og þykir fréttakonunni illa farið með karl föður sinn Ragnarsson. „Það vakti sérstaka athygli mína að í innlenda annál RÚV var engu líkara en að pabbi hefði ekkert markvert gert á þessu ári,“ segir Lára. „Þeir minntust ekki einu orði á gönguna niður Laugavegin þegar þúsundir Íslendinga gengu með honum til að mótmæla Kárahnjúkavirkjun. Sögðu ekkert frá sinnaskiptum hans. Það var einsog hann hefði bara verið að vinna í fréttum á þessu ári, segir Lára og telur fólkskuna ekki riða við einteyming á vinnustað Ómars. „Minnir óneitanlega á afmæli RÚV,“ klykkir hún út.



**Fríðrik Indriðason**, bróðir Arnaldar og fyrrum blaðamaður á DV, hefur nú sýðlað um og stendur bak við kranann á Sportbarnum við Hverfisgötu þegar hann nennir. Fríðrik hefur nú tekið til við að skrifa annað bindi sagna Tómasar frænda, gamansögur úr bransanum sem hann hefur eftir **Tómasi Tómassyni** bassaleikara Stuðmanna. Og stendur að auki fyrir nýstárlegum uppákomum á Sportbarnum. Þannig er verið að undirbúa Miklu trúba-dorkeppnina en þeir á Sportbarnum stefna að því að finna átta trúbadora og ráða svo áhorfendur hverjir komast áfram en vegleg peningaverðlaun eru í boði.

**Auglýsingamaðurinn Börkur Arnarson** hefur ákveðið að kveðja bransann og halda á ný mið. Börkur, sem starfað hefur sem listrænn stjórnandi hjá Íslensku auglýsingastofunni, er einna kunnastur fyrir að gera Orkuveituauglýsinguna margfrægu ásamt öðrum. Börkur ku hafa fengið nóg af auglýsingabransanum í bili og ætlar að snúa sér að því að starfa fyrir Galleri ið. Á föstudag kvaddi Börkur vini og samstarfsmenn í auglýsingageiranum með partíi á Dubliners. Þar voru meðal annarra mættir leikstjórnarnir **Börkur Sigþórsson, Árni Þór Jónsson, Gunnar Páll Ólafsson** og **Samúel Bjarki Pétursson** auk þeirra **Agnars Tr. Le'maacks** og **Viggó Arnar Jónssonar**.



-bs/jbg/hdm

## VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- Blakkur.
- Wolfgang Schüssel.
- Jafet S. Ólafsson.

KRISTÍN MATTHÍASDÓTTIR: HATTAR ERU PUNKTURINN YFIR I-Þ

## Unga fólkioð ófeimið við hattana

Í fimbulkuldananum þessa dagana skarta margir skjólgóðum höfuðfatnaði en það færast í vöxt að Íslendingar beri ekki aðeins kauðslegar lopakollur eða merkja-skreyttan ípróttavarning sér til hlífðar. Hattar virðast í miklum móð og má sjá fólk á öllum aldri og báðum kynjum bera þá við öll möguleg tækifæri.

Kristín Matthíasdóttir hefur starfað í Hattabúð Reykjavíkur á Laugavegi um árabíl og selt ófáa hatta en hún merkir meiri áhuga og þor á því sviði hjá Íslendingum, sér í lagi af yngri kynslóðinni, sem gjarnan vill skreyta sig með höttum. „Þetta er orðin tíska hjá báðum kynjum en sérstaklega hjá körlum – þeir eru alveg ótrúlega mikið inni í höttum,“ segir Kristín og áréttar að í seinni tíð hafi úrvalið aukist mikið. „Á sínum tíma var ósköp lítið til af karlhöttum, þá gekk einn og einn með hatt sem fólk hafði þá keypt í útlöndum.“ Hún bendir á að hártískan hafi líka sitt að segja og karlmenn nú til dags séu með töluvert minna hár en áður.

Hún kveðst bjartsýn á yngri kynslóðina sem máski mun bæta hattamenninguna enn frekar. „Yngra fólkioð er duglegt að lífga upp á sig og ófeimnara við slíkt. Kynslóðin sem er á miðjum aldri nú þekkir það síður að nota hatta,“ segir hún og kveðst sjálf ekki nota þá að staðaldrí.

„Hattur setur punktinn yfir i-ð,“ segir Kristín. „Nú notar fólk alls konar höfuðföt og öðruvísi – það eru meiri skemmtilegheit og fólk sækir í að nota hatta þegar eitthvað stendur til,“ útskýrir hún og bætir við að mikið sé spurt um pipuhatta sem þó séu því miður ekki til. „Ég hef verið með harðkúluhatta og fleiri sigilda herrahatta hér en konurnar koma mikið og leita að hárskrauti, höttum með slöri og fjöðrum og viðlíka.“



ENGINN AUKVISI Í HATTABRANSANUM Kristín Matthíasdóttir hefur starfað í Hattabúð Reykjavíkur í þrjá áratugi og segist merkja meiri ásókn í fin höfuðföt hjá landanum.

Á sínum tíma þótti það ákveðin yfirlýsing að bera höfuðfat á borð við hatt en í dag er slíkt ekki jafnmikið stöðutákn og áður, til dæmis vegna aukins framboðs á fjölda-framleiddum höttum. Kristín segist kaupa inn hatta frá Evrópu en á sínum tíma þóttu fínustu hattarnir koma frá Englandi. Fjölmargar sérværslanir höndluðu með hatta en þeim fækkaði þegar túberingarnar komust í tísku

enda vonlítið að ætla sér að tylla hattin ofan á slíkar upphækkanir. Hattabúð Reykjavíkur hefur þó verið starfrækt við Laugavegin í bráðum sjöttu ár og kveðst Kristín hafa verið viðloðandi reksturinn í næsta helming þess tíma.

Hún er því með það alveg á hreinu hvað skiptir mestu máli þegar kemur að hattakaupum. „Að hann sitji vel,“ segir hún, „og klæði þann sem notar hann – sami hattur-

inn klæðir alls ekki alla. Fólk þarf að prófa sig áfram og falla vel við hattinn. Hann þarf að gera eitthvað fyrir þann sem ber hann.“

Gestir miðbæjarins eru duglegir að kíkja til Kristínar og máta. „Sumir máta marga á meðan aðrir eru að leita að einum sérstökum – til dæmis týndum hattin en þá fær fólk náttúrlega sjaldnast aftur,“ segir hún spök.

kristrun@frettabladid.is

## Verulegar hækkunar á nýjum matseðlum

„Já já, það er rétt. Ég er að láta prenta nýjan matseðil,“ segir Örn Guðmundsson, eigandi hins ágæta Grillhúss við Tryggvagötu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru veitingahús landsins mörg hver að láta prenta nýja matseðla, ekki til að kynna nýja matsæðla, heldur nýtt verð á gömlum og góðum réttum. Fullyrt er að þetta hangi saman við þá staðreynd að matarskattur lækkar 1. mars og veitingamenn að búa sig undir að hirða hýruna. Enda neytendur og launþrálar því vanir að vera hlunnfarnir þegar opinberar aðgerðir standa fyrir dyrum ætlaðar til að bæta þeirra hag. Eru nefndar tölur upp í 15 prósentu hækkun á venjulegum réttum.

Örn segir það alveg rétt, fjölmargir veitingamenn séu nú að láta prenta nýja matsæðla, nánast yfir línuna, í því skyni að kynna nýtt verð. En það sé af og frá að lækkandi matarskattur sé ástæðan fyrir hækkandi verði.


„Ég er að hækka um einhver fjögur til fimm prósent. En það er ekki vegna lækkunar á matarskatti. Þá mun ég lækka aftur. Ég hækkaði ekkert á síðasta ári. En árið 2006 hafa verðhækkunar dunið á mér. Gos og kjötvörur hafa hækkað gríðarlega og miklu meira en við höfum verið að hella út í verðlagið. Já, ef ég ætti að standa á núlli þyrfti ég að hækka um 15 prósent. En það getur maður ekki. Þá er maður búinn að vera.“

Að sögn Arnar er hækkunin birgjum að kenna. Og laun hafa stigið mikið. Erfitt er að fá fólk til vinnu og það vill fá vel borgað.

-jbg

**GRILLHÚSIÐ** Eitt fjölmarga veitingahúsa sem nú eru að láta prenta nýja matsæðla þar sem nýtt verð verður kynnt. Örn eigandi segir matarskattinn ekki ástæðuna heldur gríðarlegar verðhækkunar hjá birgjum að undanförmu.





**Toby og Storm úr Rock Star tekin í gegn...  
... í næsta þætti**

**TEKINN**

**MÁNUDAG  
KL 21:00**



Apple á Íslandi



SIRKUS TV

90% heimila ná SIRKUS TV & SIRKUS TV+ á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti



**BAKÞANKAR**

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

### Hálfkák

Hvað voru mörg hænsn í Reykjavík á fardögum árið 1930? var fyrsta spurningin sem var lögð fyrir mig þegar ég settist á skólabekk í sagnfræðiskor í Háskóla Íslands, einhvern tímann á síðustu öld (1999 nánar tiltekið). Ef ég man rétt var svarið 30 þúsund. Hún virðist fánýt en þessi vitneskja hefur fleytt mér nokkuð langt í lífinu; ég hef til dæmis notað hana til að svindla í Trivial Pursuit (og tryggt mér sigur í að minnsta kosti einu tilviki). Allar götur síðan hef ég borið sterkar taugar til Háskóla Íslands.

**MÉR** er sagt að andrúmsloftið í hátíðarsalnum hafi verið tilfinningaþrungnið á fimmtudag, þegar rektor og menntamálaráðherra undirrituðu samning um stórukin fjárframlög ríkisins til Háskólans. Mér er sagt að virðulegir deildarforsetar hafi brynnt músum og ungir dósentar fengið aðsvif svo að bera þurfti ilmsölt að vitum þeirra. „Þetta er okkar Bastilludagur,“ er haft eftir skeggjuðum prófessor í sagnfræði þar sem hann skálaði í hvítvíni við kollega sinn úr verkfræðiskor.

**HÁSKÓLI** Íslands er sem sagt að verða að alvöru menntastofnun. Íslendingar þurfa ekki lengur að reiða sig á bréfaskóla í Kaliforníu til að komast til metorða. Markmiðið er að fimmfalda fjölda brautskráðra doktora og tvöfalda fjölda brautskráðra meistaranema. Innan fárra ára verður því ekki þverfótað fyrir doktorum, kandmögum, bakkalárum og hvað þeir nú heita, sem leiða okkur í allan sannleika um aðkallandi mál á borð við flotjafnvæghreyfingar umhverfis Vatnajökul, eða glæður gammablossa.

**PRÁTT** fyrir stórhug ráðherra finnst mér að við ættum að stíga skrefið til fulls. Það eru ekki nema rúmlega 300 þúsund sálir sem byggja þennan klett og við ættum að setja markið á að hver einasti hafi doktorspróf! Auðvitað þyrfti að gera minniháttar breytingar á skólakerfinu til dæmis hækka skólaskylduna úr 16 árum upp í 35 ár en kostirnir yrðu fleiri en gallarnir. Fyrir utan landkynninguna sem fylgdi því að vera eina þjóðin þar sem allir lifðu af rannsóknum yrði hversdagslífið svo miklu dýpra; fjölskylduboðin breytast í sókratíska samdrykkju og þar sem fleiri en einn koma saman mælist greindarvísitalan hærri en Herðubreið.

**ÞEGAR** öllu er á botninn hvolft einkennist samningur rektors og ráðherra af skammsýni og aðrir stjórnmalaflokkar hljóta að gera málið að kosningamáli í vor.

www.icelandexpress.is/hopar

# Út með hópinn!

## Hópadeild Iceland Express sér um vinnuna og þú færð hrósið

» Er stemning í hópnum? Langar hópinn þinn til að bregða sér út fyrir landsteinana? Hópadeild Iceland Express býður ferðir fyrir hópa og félög, 11 eða fleiri, á frábærum kjörum.

Hópadeildin bókar flugið, gistinguna og ferðir til og frá flugvelli og svo höfum við upplýsingar um ótalmargt annað sem getur gert ferðina enn skemmtilegri. Við bókum sal fyrir hópinn ef þarf, skipuleggjum spennandi skoðunarferð, útvegum miða í leikhús, tónleika eða annað sem kryddar hópferðina og gerir hana ógleymanlega.

Hafðu samband eða smelltu þér á [www.icelandexpress.is/hopar](http://www.icelandexpress.is/hopar) og kynntu þér málið!



ALLTAF LÁG FARGJÖLD  
AÐVELT AÐ BREYTA BÓKUNUM

Daglegt flug  
Engin sunnudagsregla

Iceland Express

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

[www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

Töfrandi tilboð í janúar!

OPÍÐ Í DAG FRÁ KL. 13 TIL 18 - GRÍPTU GÆSINA!!

**ORMSSON**

SMÁRALIND

GERÐU DUNDUR GÓÐ KAUP!